



Þinggerð 2004

**47. ársþing HSÍ
Íþróttahúsinu við Strandgötu
26.mars 2004**

1 Þingsetning

Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður Handknattleikssambands Íslands, setti 47. ársþing HSÍ og bauð þingfulltrúa velkomna til þingsins. Að svo búnu var gengið til dagskráar.

2 Kosning Kjörbréfanefndar

Guðmundur lagði fram tillögur um eftirtalda fulltrúa í kjörbréfanefnd.

Guðmundur Erlendsson

Þorbjörg Gunnarsdóttir

Guðmundur Skúli Stefánsson

Tillaga samþykkt án mótframboða. Formaður lýsti því nefndina réttkjörna og bað nefndarmenn að hefja störf.

3 Kosning þingforseta og varaþingforseta

Guðmundur Á. Ingvarsson bar fram tillögu um **Gunnar Gunnarsson** sem þingforseta og **Sigurjón Pétursson** og **Ásgerði Halldórsdóttur** sem varaþingforseta. Tillaga samþykkt án mótframboða.

4 Kosning þingritara og varaþingritara

Borinn var upp tillaga um **Björn Guðmundsson**, sem þingritara og **Þorbjörgu Jóhönnu Gunnarsdóttur** sem varaþingritara. Fleiri tilnefningar komu ekki. Tillaga þingritara samþykkt samhljóða. Þingritarar tóku til starfa. Guðmundur bað því næst Gunnar Gunnarsson um að taka við stjórn þingsins.

5 Þinggerð síðasta ársþings lögð fram

Settur þingforseti lagði þinggerð síðasta ársþings formlega fram. Engar fyrirspurnir eða viðbætur bárust um þinggerð síðasta þings og var hún þ.a.l. samþykkt.

6 Kosning þingnefnda

6.1 Í Fjárhagsnefnd voru kosnir:

Sigurjón Pétursson

Ásgerður Halldórsdóttir

Eiður Arnarsson

6.2 **Í Laga- og reglnanefnd voru kosnir:**

Bergþóra Sigmundsdóttir
Már Svavarsson
Andrés Gunnlaugsson

6.3 **Í Allsherjarnefnd voru kosnir:**

Kristján Guðlaugsson
Hákon Sigurjónsson
Hólmgeir Einarsson

Settur þingforseti lýsti nefndirnar réttkjörnar og bað þær að taka til starfa þegar það að kæmi.

7 Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.

Skýrslu stjórnar flutti formaður HSÍ, Guðmundur Á. Ingvarsson. Hann benti á að skýrslan lægi frammi í möppum og mundi því ekki eyða tíma í að fara í hana orð fyrir orð. Það sem bar hæst á síðasta ári.

Hann þakkaði starfsfólki skrifstofu HSÍ undir forystu Einars Þorvarðarsonar fyrir vel unnin störf.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ.

46. Ársþing HSÍ var haldið í fundarsal ÍSÍ 25.apríl. 2003. Fyrir þinginu lágu margar tillögur til breytinga á lögum og reglugerðum sambandsins. Góð mæting var á þingið og stóð það í 1 dag. Á þinginu var stjórnin endurkjörin. Inn í varastjórn kom síðan Guðmundur Davíðsson í staðinn fyrir Guðborgu Halldórsdóttir.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 26 bókaðan fund og þar að auki marga síma fundi og spjall á netinu. Fyrir þetta þing var haldin fundur með formönnum aðildarfélaganna í Veiðihúsinu við Grímsá og var farið yfir helstu mál hreyfingarinnar á þessum fundi. Þetta er í þriðja sinn sem við höldum slíkan fund og má ekki verða sá síðasti því þessir fundir hafa verið mjög gagnlegir fyrir hreyfinguna. Þessi fundur í Veiðihúsinu við Grímsá var ágætlega sóttur og má búast við að til þessa 47. Ársþings HSÍ, sem nú hefst, komi félögin betur undir búin en ella.

Fjármálin hafa tekið stakkaskiptum og er rekstrarárið 2003 samkvæmt fjárhagsáætlun. Rekstur sambandsins er orðin viðráðanlegur og er það vegna betri árangurs karlalandsliðsins undanfarin ár og hærri styrkja frá Afreksmannasjóði ÍSÍ. Kom nýr samstarfsaðili að deildarkeppninni á þessu keppnistímabili og ber deildarkeppnin nafn þessa samstarfsaðila RE/MAX deildin. Öflun nýrra samstarfs,- og styrktaraðila aðila hefur ætíð sérstakan forgang svo og að viðhalda samstarfi við þá sem fyrir eru. Á síðast liðnu ári kom KB banki til samstarfs við HSÍ með mjög myndarlegum hætti, það var eftirtektarvert að þegar flestir reiknuðu með betri árangri á EM og létu óánægju sína víða

í ljós auglýsti KB banki á mjög jákvæðan hátt stuðning við HSÍ, landsliðið og þá sem að því standa. Það óhætt að vænta mikils af slíkum samstarfsaðila.

ÍSLANDSMÓT.

Síðastliðið keppnistímabil hefur verið mjög spennandi og var tekið upp nýtt mótafyrirkomulag sem samþykkt var á síðasta Ársþingi. Fyrir þessu þingi liggja tvær tillögur um mótafyrirkomulag næsta vetur og eru þær báðar með þeim breytingum að fækka leikjum í efstu deildum. Bikarmeistarar í karla flokki urðu KA og ÍBV í kvennaflokki. Á Íslandsmótinu vann lið Hauka eftir 4 úrslitaleiki við ÍR. Í RE/MAX deild kvenna léku ÍBV og Haukar til úrslita og þurfti einnig fjóra leiki til þess að knýja fram úrslit þar sem að ÍBV stúlkur sigruðu í leik þar sem að rúmlega 1400 áhorfendur mættu. Ný tillaga liggur fyrir þessu þingi varðandi mótafyrirkomulag í efst deild karla og það verður hlutverk þessa þings að ákvarða hvað muni best henta í mótafyrirkomulaginu á næsta keppnistímabili. Vakin er athygli á því hversu erfitt og dýrt er orðið fyrir liðin að ferðast í leiki á Íslandsmótinu. Flugferðum í áætlunarflugi í innanlandsflugi hefur fækkað og flugvélar til leiguflugs eru fáar og er handboltahreyfingin farin að ferðast meira með bifreiðum milli keppnisstaða. Mikið vandamál hefur verið að ferðast til og frá Vestmannaeyjum yfir vetrartímann og eru fargjöld hlutfallslega dýrust á þessari leið.

YNGRI FLOKKAR.

Á síðasta þingi voru samþykktar margar tillögur til breytinga á keppni í yngri flokkunum. Sumar þeirra hafa reynst lyftistöng fyrir þessa flokka, en aðrar hafa reynst þyngri í framkvæmd. Ágreiningur er á milli landsbyggðarliðanna og liðanna á stór-Reykjavíkursvæðinu um hvaða keppnisfyrirkomulag henti best. Að sjálfsgöðu snýst þetta um þann kostnað landsbyggðarliðanna að taka þátt í Íslandsmóti. Nú liggur fyrir Alþingi tillaga um ferðajöfnunarsjóð eins og á síðasta ári og hafa allir stjórnáflakkar staðið að baki þessarar tillögu en eitthvað hefur hún staðið í Alþingismönnum. Mikil gróska er í starfi yngri flokka hjá flestum félögum og vel unnið í þeim málum.

LANDSLIÐIN.

Eftir frábæra Heimsmeistarakeppni hjá karlalandsliðinu í Portúgal þar sem að liðið varð í 7.sæti og tryggði sér rétt til þátttöku á Ólympíuleikunum í Aþenu þá var stefnan sett á EM í Slóveníu en því miður varð sú keppni mikil vonbrigði og lenti liðið í 13.sæti. Framundan eru stór verkefni fyrst leikir í júní byrjunum við Ítali um sæti í Heimsmeistarakeppninni í Túnis sem fram fer í janúar 2005 og síðan Ólympíuleikar sem hefjast 13.ágúst 2004.

Verkefni kvennalandsliðsins eru að aukast jafnt og þétt og tók liðið þátt í undankeppni EM í haust og komst áfram og leika nú í byrjun Júní tvo leiki heima og að heiman við Tékkland. Það lið sem sigrar í þeim viðureignum kemst inn í úrslitakeppni EM sem fram fer í desember 2004.

18.ára landslið pilta vann sér rétt í lokakeppni Evrópumótsins sem fram fór í Slóvakíu í ágúst 2003 og urðu Evrópumeistarar. Er þetta fyrsta skipti sem að landslið frá Íslandi hlýtur Evrópumeistara titil og með þessum frábæra árangri tryggði liðið sér rétt inn í úrslitakeppni EM í sumar og hefur titil að verja. 18 ára lið kvenna var einu marki frá því að komast í úrslitakeppni EM og er það mjög góður árangur. Yngstu landsliðin voru í handboltaskóla, og 16 ára landslið pilta fór á HELA CUP, eins og áhrisast er orðið. Landslið 18 ára pilta og stúlkna, hafa verið skráð í undankeppnir EM, sem fram fer í sumar og munu þau lið einnig taka þátt í Norðurlandamótum.

FRÆÐSLA- OG ÚTBREIÐSLA.

Haldin hafa verið 3 þjálfaranámskeið frá síðasta Ársþingi, sett á laggirnar grunnskólamót í handbolta sem fram fór í Reykjavík og verður það síðan sett upp á landsvísu næsta keppnistímabil og skólar heimsóttir. Hafa landsliðsþjálfararnir annast þessar heimsóknir. Handboltaskóli HSÍ og Landsbankans var starfræktur í byrjun júní og er það orðin árviss viðburður í tengslum við landsleiki.

SAMSTARFSADILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, en það eru Visa, Vífilfell, Flugleiðir, Landsbanki Íslands, KB-banki, Ingvar Helgason hf., RÚV, KJ. Kjartansson, 10-11, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Sláturfélag Suðurlands, Fönn, Lyfja, Morgunblaðið, prentsmiðjan Oddi, Samskip, RE/MAX, Lengjan, og Margt smátt. Án samstarfs við þessa aðila værum við lítils megnug.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt, ásamt Róbert Gíslasyni og sem séð hefur um skipulagningu móta ásamt öðrum störfum. Óskar Bjarni Óskarsson hefur séð um fræðslu og útbreiðslu og Þorbjörg Gunnarsdóttir hefur séð um skráningu leikskýrsla og dómara kvittanna í sjálfboðavinnu. Stöðugildi eru því tvö og hálf á skrifstofu um áramót 2003/2004. Síðan er starf Guðmundar Guðmundssonar landsliðsþjálfara heilt launað stöðugildi á skrifstofu HSÍ. Stjórn HSÍ vill þakka dugmiklu starfsfólki sambandsins fyrir vel unnin störf á síðasta starfsári.

Formaður HSÍ
Guðmundur Ágúst Ingvarsson

Landsliðsnefnd karla.

Landsliðsnefndin var skipuð eftirfarandi mönnum síðastliðið starfsár:

Jóhann Ingi Gunnarsson, formaður
Friðrik Guðmundsson
Eypór Guðjónsson
Jens Einarsson
Ásgeir Jónsson
Lárus Guðmundsson

Hér á eftir fylgja úrslit þeirra leikja sem A-landslið karla tók þátt í ásamt tilvísun til tíma, staða og úrslita;

Ísland, æfingaleikir við Slóvena 04.-07.janúar 2003

04.janúar	Ísland – Slóvenía	37-21	Ísland, Kaplakriki
05.janúar	Ísland – Slóvenía	26-26	Ísland, Laug.höll
07.janúar	Ísland – Slóvenía	25-32	Ísland, Laug.höll

Danmörk, æfingamót 10.-12.janúar

10.janúar	Ísland – Pólland	27-20	Danmörk
11.janúar	Ísland – Danmörk	23-32	Danmörk
12.janúar	Ísland – Egyptaland	35-25	Danmörk

Svíþjóð, æfingaleikur

16.janúar	Ísland – Svíþjóð	26-27	Svíþjóð
-----------	------------------	-------	---------

Heimsmeistarakeppnin í Portúgal 2003, 20.janúar – 02.febrúar 2003***Riðill***

20.janúar	Ísland – Ástralía	55-15	Portúgal
21.janúar	Ísland – Grænland	30-17	Portúgal
23.janúar	Ísland – Portúgal	29-28	Portúgal
25.janúar	Ísland – Katar	42-22	Portúgal
26.janúar	Ísland – Þýskaland	29-34	Portúgal

Milliriðill:

29.janúar	Ísland – Pólland	33-29	Portúgal
30.janúar	Ísland – Spánn	31-32	Portúgal

Leikið um sæti:

01.febrúar	Ísland – Rússland	27-30	Portúgal
02.febrúar	Ísland – Júgóslavía	32-27	Portúgal

Ísland endaði í 7 sæti á HM í Portúgal 2003 og vann sér þar með réttindi til að leika á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004.

Þýskaland, æfingaleikur

22.mars	Ísland – Þýskaland	34-39	Þýskaland
---------	--------------------	-------	-----------

Ísland, æfingaleikir við Dani

30.maí	Ísland – Danmörk	36-31	Ísland, Austurberg
31.maí	Ísland – Danmörk	31-32	Ísland, Smárinn

Belgía, æfingamót 06.-08.júní 2003

06.júní	Ísland – Slóvakía	26-26	Belgía
07.júní	Ísland – Júgóslavía	31-32	Belgía
08.júní	Ísland – Danmörk	29-26	Belgía

Ísland, æfingaleikir við Pólland 31.október – 02.nóvember 2003

31.október Kaplakriki	Ísland – Pólland	31-28	Ísland,
--------------------------	------------------	-------	---------

01.nóvember Ólafsvík	Ísland – Pólland	28-28	Ísland,
02.nóvember Laug.höll	Ísland – Pólland	33-32	Ísland,

**Samtals eru þetta því 25 leikir á árinu 2003 (13 sigrar, 3 jafntefli, 9 töp)
Í þessum 25 leikjum skoraði liðið 786 mörk og fékk á sig 691 sem er 31,44 mörk
skoruð að meðaltali í leik og 27,64 fengin á sig.**

Landsliðsþjálfarinn, Guðmundur Þórður Guðmundsson og framkvæmdarstjórinn Einar Þorvarson sátu flesta fundi nefndarinnar og þakkar nefndin þeim gott samstarf.

Landsliðsnefnd kvenna

Ásta Óskarsdóttir, formaður
Þór Ottesen
Júlíana P. Þorvaldsdóttir
Þorbjörg Gunnarsdóttir

Landsliðið kom saman í lok maí til að undirbúa sig fyrir leiki í Danmörku og Portúgal. Byrjað var að æfa og keppa við Dani tvo leiki og síðan spilaðir þrír leikir við Portúgala. Úrslit leikja eru eftirfarandi;

Danmörk – Ísland	28 – 20
Ísland – Danmörk	25 - 27
Ísland – Portúgal	17 – 20
Portúgal – Ísland	20 – 26
Ísland – Portúgal	25 – 26

Í ágúst var farið til Frakklands og tekið þátt í Femina cup. Þarna var um sterk félagslið að ræða og því miður var þetta eini kosturinn að spila leiki á þessum tíma. Úrslit leikja voru eftirfarandi;

Elda Prestigo (Spánn) – Ísland	22 – 23
Ísland – SA Marignac	34 – 18
Metz – Ísland	25 - 22

Í október var haldið til Póllands og spilað í móti, mótherjarnir voru heimamenn, Slóvakía og Tékkland. Úrslit leikja urðu eftirfarandi.

Tékkland – Ísland	29 – 27
Ísland – Slóvakía	30 – 32
Pólland – Ísland	30 – 28

Í nóvember var svo haldið til Ítalíu. Þar var haldin keppni um hvaða þjóðir myndu vinna sér rétt um að spila í umspili fyrir næsta EM. Spilað var við Pólverja og unnum við þann leik með einu marki. Næsta dag var spilað við Makedóníu og mátti liðið þola stórtap í þeim leik. Í lokaleik keppinnar spiluðu íslensku stelpurnar við Ítali. Þarna var um hreinan úrslitaleik um hvort liðið kæmist áfram. Eftir æsispennandi leik tapaði Ísland með einu marki en það dugði samt til að komast áfram í play off leikina. Úrslit leikja voru eftirfarandi;

Portúgal - Ísland	24 – 25
Ísland – Makedónía	23 – 32
Ítalía – Ísland	29 – 28

Það er ljóst að uppbyggingu landsliðsins síðustu ár er farið að skila árangri og skilar okkur vonandi enn betri árangri á þessu ári.

Fh. Kvennalandsliðsnefndar,
Ásta Óskarsdóttir og
Þór Ottesen

Mótanefnd.

Mótanefnd

Mótanefnd HSÍ var í upphafi starfsárs síns skipuð þeim Einar Má Guðmundssyni, Halldóri Inga Andræssyni, Hannesi M. Sigurðssyni, Guðmundi Stefánssyni og Má Svavarssyni sem var formaður. Síðla hausts 2003 sagði Einar Már sig úr nefndinni vegna anna við önnur störf en Jónas Már Fjelsted kom í hans stað. Jónas þurfti skömmu síðar einnig að hætta störfum í nefndinni og enginn hefur verið skipaður í hans stað. Már Svavarsson var formaður nefndarinnar þar til undir lok árs 2003 en síðan þá hefur Guðmundur Stefánsson verið formaður nefndarinnar.

Óskar Bjarni Óskarsson var starfsmaður nefndarinnar þar til síðla sumars 2003 að Róbert Gíslason tók við. Allt daglegt starf nefndarinnar og stór hluti mótaskipulags hefur hvílt á herðum starfsmanna og mótanefnd þakkar þeim báðum þessum gott samstarf og velunnin störf. Þá hefur nefndin einnig átt góð og ánægjuleg samskipti við skrifstofu HSÍ, einkum Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóra sem einnig er ástæða til að þakka fyrir.

Mótanefnd hefur að jafnaði fundað annan hvern fimmtudag. Ýmis mál eru þó afgreidd með símafundum, tölvupósti eða á annan hátt hafi þess verið þörf. Megin starf mótanefndar var líkt og undanfarin ár skipulag móta og umsjón með framkvæmd þeirra. Leiktímabilið 2003-2004 var í fyrsta sinn leikið eftir nýju deildaskipulagi á Íslandsmótinu í meistaraflokki karla. Engin endanleg reynsla er komin af þessu fyrirkomulagi ennþá, en margt bendir til að þetta muni reynast ágætt fyrirkomulag. Telja verður þó að fyrst verði unnt að segja nokkuð ákveðið um þetta mál þegar líður á haustið 2005 og byrjað verður

að leik eftir skipulaginu annað keppnistímabilið. Keppnisfyrirkomulag var að öðru leyti að mestu hefðbundið þó ákveðnar breytingar hafi verið gerðar í einstökum flokkum í samræmi við þær tillögur sem samþykktar voru á ársþingi HSÍ í apríl 2003. Nefndin hefur lagt nokkra vinnu í endurskoðun þeirra reglna sem um framkvæmd handknattleiksmóta gilda og fyrir þinginu liggja nú nokkrar tillögur um breytingar sem nefndin telur vera til bóta.

Á formannafundi sem haldinn var í Selvík fyrir um ári síðan kom fram ákveðin ósk um að settir yrðu á fastir leikdagar í meistaraflokkum og óskir sama efnis komu fram á ársþinginu 2003. Mótanefnd setti fram ákveðnar tillögur sem tóku mið af þessum óskum við niðurröðun Íslandsmótsins sumarið 2003. Um var að ræða hugmyndir um bæði fasta leikdaga og fastan leiktíma. Þegar til átti að taka reyndust félögin ekki reiðubúin til að ganga eins langt og nefndin lagði til og var tekið tillit til óska þeirra um leikdaga og leiktíma. Mótanefnd hefur síðan haft þann háttinn á í meistaraflokkum karla og kvenna að gefa út tillögu sem félögunum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við innan tilskilins frests. Nefndin hefur reynt að taka eins mikið tillit til þeirra óska um breytingar og kostur er, en hafa verður í huga að leikið er mjög þétt og svigrúm til breytinga er í raun ekki mikið. Nefndin hefur hins vegar ekki ljáð máls á breytingum eftir að umræddur frestur er liðinn og búið er að gefa út endanlegt leikjaskipulag. Þannig hefur mótanefnd ekki samþykkt aðrar breytingar á leikjum í vetur en þær sem óhjákvæmilegar hafa verið vegna landsleikja og þátttöku liða í Evrópukeppnum.

Ýmsum hefur þótt nefndin ósveigjanleg og jafnvel ósanngjörn. Það er þó mat nefndarinnar að almennt sé ánægja með þessi vinnubrögð og að þau hafi leitt til betri framkvæmdar Íslandsmótsins en ella hefði verið. Mótanefnd er ákveðið þeirrar skoðunar að halda eigi áfram á þessari braut, en leggur verk sín og árangur þeirra í dóm þingsins.

Mótanefnd ber einnig að hafa umsjón með framkvæmd leikja og umgjörð þeirra. Um þessi mál hefur nefndin átt ágætt samstarf við dómaranefnd HSÍ. Nefndin ritaði þeim félögum sem eiga lið í meistaraflokkum karla og kvenna á Íslandsmótinu bréf í janúar 2004 þar sem ýmis atriði er lúta að framkvæmd leikja eru ítrekuð, en almennt má segja að þessi mál séu í ágætu horfi hjá félögunum eins og þau snúa að starfi mótanefndar. Einnig verður að segja að framkvæmd móta í yngri flokkunum hafi almennt tekist ágætlega og fáar athugasemdir eða kvartanir hafa borist nefndinni.

Mótanefnd vill að lokum þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem hún hefur átt samskipti við ágætt samstarf.

F.h. mótanefndar HSÍ,

Guðmundur Stefánsson
formaður

Dómaranefnd

Dómaranefnd HSÍ 2003-2004 var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Hákon B. Sigurjónsson, formaður
Guðmundur K. Erlendsson
Magnús Andrésson
Gísli Guðmundsson
Grétar Árnason

Helstu verkefni nefndarinnar hefur verið í skipulagningu, niðurröðun, námskeiðshaldi og endurskoðun á reglum í reglugerð. Meira hefur verið um alls kyns verkefni, sem tengd eru dómaramálum, en áður og er helst þar að nefna verkefni að halda námskeið fyrir tímaverði og ritara, undirbúning að námskeiðum fyrir leikmenn og þjálfara 3ja flokks karla og unglíngaflokk kvenna, fundahöld með leikmönnum og þjálfurum félaga og reyna að koma á hugarfarsbreytingu hjá öllum er tengjast íþróttinni í garð dómgæslunnar. Farið hefur verið yfir leiki á myndböndum með einstökum dómaraþörum.

Á formannafundi félaganna árið 2003 var gerð samþykkt um að halda sérstök leikreglunámskeið fyrir leikmenn og þjálfara 3ja flokks karla og unglíngaflokks kvenna til að byggja upp nýjan skilning þessara aðila á mikilvægi leikreglna og dómgæslu. Þetta var löngu tímabær ákvörðun hjá félögunum og voru bundnar miklar vonir um þessi námskeið og jákvæðan vilja formanna félaganna. Nú er ljóst að þetta ætlar ekki að ganga eftir. Dómaranefnd hefur í þrígang boðað með tilkynningum í netpósti til formanna og framkvæmdastjóra félaganna og þjálfara allra mfl. til slíkra námskeiða í vetur. Það er grátlegt frá að skýra að viðbrögð hafa verið nánast engin. Á síðasta námskeiðinu sem boðað var til mættu aðeins fjórir ungir drengir frá einu félagi.

Dómaranefnd hefur lagt til við forystuna að snúa blaðinu við og hefja þetta verkefni með allra yngstu þátttakendum og byrja á 6. flokki upp í 4. flokk með kynningu á leikreglunum í tveimur til þremur áföngum næstkomandi vetur og gert verði vegleg helgi með skemmtun fyrir þessa yngstu iðkendur ásamt foreldrum um leið og leikreglur verði kynntar. Þá er og að nefna að ein hugmynd var lögð fyrir þá formenn sem mættu á síðasta formannafund í Borgarfirði verkefni sem hefur skilað góðum árangri í Frakklandi og varðar samstarf handknattleikshreyfingarinnar við grunnaskóla til að fá nemendur til að taka dómaraþróf í handknattleik. Sérstök áhersla var lögð á að t.d. Seltjarnarnes myndi skoða þessa hugmynd og athuga með hvort hægt væri að hrinda henni í framkvæmd.

HSÍ boðaði fund með dómurum og þjálfurum, þar sem skipst var á skoðunum. Að sumu leyti tókst þessi fundur ágætlega og gæti verið byrjunin á betra samstarfi þessara aðila.

Mikið átak þarf að gera til að koma nýju hugarfari allra er starfa í hreyfingunni til hvors annars. Leikir í dag snúast ekki lengur um leikinn, heldur snýst leikurinn orðið meira og minna um dómgæslu og dómara. Íþróttin er farin að missa marks. Þessu verður að breyta og ekki þýðir að skella allri skuldinni á dómara eða sem þeim að standa. Mjög er

ábótavant um þekkingu leikmanna og þjálfara á sjálfum leikreglunum, túlkun þeirra og skýringum

Á haustfundi dómara voru haldin próf, bæði bókleg og líkamleg. Öll dómaraþör í efstu deildum karla og kvenna stóðust líkamslega prófið sem var svokallað mjólkursýrupróf og sá Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari um prófið.

Boðað var fundur með þjálfurum í upphafi keppnistímabils og sáu sér allt of fáir að vera á þeim fundi og er það mjög miður.

Boðað var til námskeiða fyrir tímaverði og ritara og voru aðeins örfá félög, sem nýttu sér þessi námskeið. Ljóst er að gera þarf miklar kröfur til tímavarða og ritara.

Námskeið var haldið fyrir tímaverði- og ritara og dómaraefni hjá KA og Þór á Akureyri í nóvember og tókst það með ágætum.

Fundur var haldinn á Selfossi með leikmönnum, þjálfara og forsvarsmönnum. Ljóst er að slíkir fundir eru mjög gagnlegir og eru fyrirhugaðir fleiri fundir með félögum á næsta keppnistímabili.

Nefndin sá um úttegund dómara á landsleiki karlalandsliðsins. Fundastarfið fór í að ákveða með niðurröðun dómara á leiki og halda áfram að þróa tillögur um hvað mætti betur fara í störfum dómara. Haldnir hafa verið reglulegir fundir með nefndarmönnum. Hver dagur á árinu er nær allur undirlagður í störf fyrir nefndina.

Þrjú dómaraþámskeið hafa verið haldin á keppnistímabilinu haldin þar sem útskrifaðir voru á fjórða tug dómara. Von er bundin við að nokkur þessara dómaraefna haldi áfram í framtíðinni, sem fjölgun innan dómaraastéttarinnar.

Alþjóðlegu dómaraþörin okkar, Gunnar, Stefán, Guðjón, Ólafur, Anton og Hlynur hafa staðið sig vel á sl. tímabili og er útkoma þeirra verið góð í Evrópu. Gunnar og Stefán hafa náð þeim mikla árangri að vera eitt albesta dómaraþar í heimi og hafa verið tilnefndir á næstu Ólympíuleika.

Gunnar Viðarsson og Stefán Arnaldsson voru kosnir besta dómaraþar ársins af leikmönnum og félögum fyrir keppnistímabilið 2002-2003.

Dómaraþnefnd leggur áherslu á að auka þarf erlend samskipti til að auka þekkingu og færni í dómgæslu og koma þarf nýjum kandídatapörum okkar á námskeið hjá EHF. Nú eru þeir Anton Pálsson og Hlynur Leifsson að þreyta próf í að verða IHF dómaraþar, sem fram fer í Aþenu í Grikklandi á svokallaðir þrúfukeppni fyrir Ólympíuleikana og er þeim óskað góðs gengis.

Starf næsta keppnistímabil mun áfram mótast af enn meiri kröfum um þrek, skilning og kunnáttu í dómgæslu.

Dómaraþnefndin óskar góðs samstarfs við alla er standa að íþróttinni.

Dómaraþnefnd HSÍ hefur tilnefnt eftirtalda einstaklinga sem milliríkjadómara - milliríkjadómaraþnefni og milliríkjaeftirlitsmenn fyrir árið 2003-2004.

EHF/IHF milliríkjadómarar.
Stefán Arnaldsson - Gunnar Viðarsson
Guðjón L. Sigurðsson - Ólafur Ö. Haraldsson

EHF milliríkjadómarar.
Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

EHF milliríkjadómaraefni.
Bjarni Viggósson - Valgeir Ómarsson
Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

EHF “Young Referee Project” dómarar.
Arnar Sigurjónsson
Svavar Pétursson

Milliríkjaeftirlitsmenn.
Björn H. Jóhannesson
Gunnar K. Gunnarsson (einnig tilnefndur frá EHF)
Hákon B. Sigurjónsson
Helga H. Magnúsdóttir (einnig tilnefnd frá EHF)
Kjartan K. Steinbach
Óli P. Olsen

Hákon B. Sigurjónsson (sign) formaður

Aganefnd

Aganefnd er þannig skipuð.
Karl V. Jóhannsson
Þórarinn M. Þorbjörnsson
Örn Höskuldsson, lögfræðingur

Nefndin hefur haldið 32 fund á tímabilinu og tekið fyrir 142 mál, sem er nokkur aukning frá síðasta ári, en á árinu 2003 voru tekin fyrir 137 mál. Fjöldi mála virðist vera mjög svipaður ef litið er á heil keppnistímabil, 2002 – 2003 þá voru alls 144 mál og fyrirtímabilið 2003 – 2004 þá eru málin orðin 114 sem er svipað og á síðasta tímabil og vonandi örlítill fækkun. Sérstaka athygli vekur þó fækkun mála í meistaraflokki kvenna, en þar voru 18 mál '02 – '03 en á þessu tímabili einungis 4.

Rauð spjöld hjá yngri flokkum eru svipuð og á síðasta tímabili, en þeim fjölgaði mjög mikið tímabilið á undan. Eitt er það sem hefur verið ljótur blettur í handboltanum og það er ljótur munnsöfnuður leikmanna og forustumanna í garð dómara og er óskandi að menn láti af þessum ljóta sið, dómarar koma frá félögunum og reyna eflaust að gera eins vel og þeir geta, enn það hlýtur að vera þreytandi fyrir dómara að hlusta á þetta ljóta orðbragð því að það verður ekki leikin neinn handbolti, ef ekki eru til dómarar.

Fræðslu og útbreiðslunefnd.

Fræðslunefnd hefur lagt mikla vinnu í að samræma menntun þjálfara og var á síðasta starfsári boðið upp á C námskeið eða námskeiði 2C samkvæmt þjálfarakerfi ÍSÍ.

Helgina 10.–11.maí2003 héldum við námskeið um markmannspjálfun. Aðalfyrirlesari og kennari var hinn þekkti markvörður Svía Mats Olson. Námskeiðið var haldið í íþróttahúsi HK í Digranesi og var vel sótt. Olson kom með mikið af skemmtilegum æfingum og voru þátttakendur á námskeiðinu sem voru fjölmargir, mjög ánægðir með þetta framlag HSÍ. Þetta námskeið eins og öll önnur námskeið sem við höfum boðið upp á, var tekið upp á myndband og er til sölu á skrifstofu HSÍ.

Boðið var upp á C námskeið fyrri hluta, dagana 12. – 14. september og var það haldið í íþróttahúsi HK Digranesi. Þar var lögð áhersla á skipulag og uppbyggingu þjálfunar.

Aðalkennari á þessu námskeiði var Óskar Ármannsson íþróttافرæðingur. Aðrir sem komu að kennsluþáttum á námskeiðinu voru Axel Stefánsson íþróttافرæðingur, Andri Stefánsson íþróttافرæðingur, Guðmundur Guðmundsson landsliðspjálvari Þátttaka var góð og í lok námskeiðsins fengu þátttakendur 2 verkefni sem þeir áttu að skila þegar síðari hluti námskeiðsins færi fram. Síðari hlutinn var síðar haldinn 28. –29. desember á milli jóla og nýárs.

Aðalfyrirlesari á því námskeiði var Alfreð Gíslason margreindur landsliðmaður og þjálfari í Þýskalandi ásamt Guðmundi Guðmundssyni landsliðspjálvara. Alfreð fjallaði um þjálfun afreksíþróttamanna og kynnti fyrir þátttakendum hvernig hann starfaði og skipulegði þjálfun á sínu liði. Þá hafði hann meðferðis æfingasafn sitt sem hann leyfði þátttakendum að skoða og fræðslunefnd að ljósrita, þannig að hver þátttakandi gæti síðar fengið eintak af því. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir. Nú höfum við lokið við að samræma þjálfaramenntun í handknattleik. Framvegis verða þjálfarar að sækja námskeið í almennum hluta sem verða í boði ÍSÍ og síðar að sækja námskeið sem HSÍ mun standa fyrir. Fræðslunefnd vinnur þessa dagana að því að samræma og skipuleggja hvað verði kennt á þeim námskeiðum í samráði við fræðslustjóra ÍSÍ. Þá höfum við óskað eftir því að þjálfarar sendu inn til HSÍ ferilskrá yfir menntun sína og þau námskeið sem þeir hafi lokið og hafa fjölmargir þjálfarar orðið við beiðni okkar og sent inn umbeðnar upplýsingar.

Fræðslunefnd mun síðan yfirfara þau gögn og meta hvar hver þjálfari stendur miðað við þjálfarakerfi ÍSÍ. Þegar þessari vinnu er lokið geta félög fengið upplýsingar frá HSÍ um menntun þjálfara og þjálfaraferil sem ætti að gera félögunum auðveldara með að ráða hæfa þjálfara til starfa. Í maí mánuði kemur síðan út kennsluskra HSÍ um handknattleik. Þar verða upplýsingar fyrir þjálfara og félögin um hvað skuli kenna á hvaða aldri og hvað skuli leggja áherslu samfara því. Tvö félög Fram og Haukar hafa áður látið útbúa slíka kennsluskra og ber að hrósa þeim fyrir framtakið. Þessi nýja kennsluskra mun nýtast öllum handknattleikfélögunum því að þeim er heimilt að nýta sér kennsluskraná og gera hana að sinni. Mun þetta auðvelda félögunum að skipuleggja barna- og unglingastarfið en betur. Eitt af þeim atriðum sem félög þurfa að uppfylla til að geta orðið fyrirmyndarfélag ÍSÍ er að félag hafi slíka kennsluskra.

Í vetur hafa þeir Óskar Ármannson íþróttfræðingur og Axel Stefánsson íþróttfræðingur starfað með undirrituðum í fræðslunefnd HSÍ. Samstarfið hefur verið til fyrirmyndar og þakka ég þeim félögum samstarfið í vetur. Við munum halda áfram að klára þá þætti sem ég hef fjallað um hér að framan. Þá þökkum við starfsmönnum HSÍ, Einari, Óskari, Róberti, Guðmundi landsliðsþjálfara og öðrum sem hafa aðstoðað okkur við að koma þessu í framkvæmd.

Guðmundur Skúli Stefánsson
formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar HSÍ.

Móttökunefnd HSÍ.

Móttökunefnd HSÍ gegnir mjög mikilvægu hlutverki innan handknattleikshreyfingarinnar. Sá sem gegnir stöðu móttökustjóra eða Reception manager sér um skipulagningu á heimsóknum erlendra keppnisliða sem koma til Íslands til keppni við íslensk landslið. Móttökustjóri er þannig tengiliður milli gestaliðsins og stjórnar og framkvæmdarstjóra íslenska landsliðsins.

Eftir að komist hefur verið að samkomulagi um dagskrá heimsóknarinnar, æfingatíma og leikdaga sér móttökustjóri um að taka á móti gestum út á flugvelli. Á leiðinni frá flugvelli er farið yfir dagskrána með fararstjóra og þjálfara gestanna. Oft koma fram óskir um breytingar á æfingatímum, matmálistímum eða óskir um skoðunarferðir eða annað sem tengist heimsókninni. Móttökustjóri er í góðu sambandi við það rútufréttakerfi sem samið er við hverju sinni sem og það hótél sem gestaliðið kemur til með að gista. Gestaliðin hafa á nýliðnu starfsári gist á Hótel Loftleiðum og þar hefur öll þjónusta verið til fyrirmyndar og matur góður. Þau heiðursgjafar Jón Knútsson og Auður Kristmundsdóttir sem reka rútufréttakerfið AJ hópferðir hafa reynst okkur vel eins og alltaf.

Þau lið sem heimsóttu okkur á liðnu starfsári.

Danir komu í heimsókn	29.05 – 01.06. 20003.
Pólverjar komu í heimsókn	30.10.- 03.11. 2003.
Svisslendingar komu í heimsókn	08.01 – 12.01. 2004.

Fyrir hönd móttökunefndar,
Guðmundur Skúli Stefánsson
Friðrik Guðmundsson.

8 Laðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar

Ásgerður Halldórsdóttir gerði grein fyrir ársreikningi sem lá frammi. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af skoðunarmönnum; **Jóni Gesti Viggóssyni** og **Guðmundi Frímanssyni**. Hagnaður af rekstri tímabilsins fyrir fjármagnsliði nam kr. 2.321.384.-. Hagnaður með fjármagnsliðum meðtöldum var kr. 1.269.626.-. Árið 2002 var hagnaður að meðtöldum fjármagnsliðum kr. 27.200.609.-. Ásgerður benti á að þessi mikla sveifla í hagnaði skýrist af landsöfnun HSÍ í janúar 2002 vegna þátttöku A-landsliðsins á EM. Eigið fé í byrjun árs nam kr. -6.571.503.-, en með hagnaði ársins var hægt að greiða það að hluta niður.

Settur þingforseti þakkaði Ásgerði Halldórsdóttur fyrir útsýringar á ársreikningi. Þar sem ekki öll gögn vegna ársreiknings lágu fyrir að svo stöddu var tekið hlé á þeirri umræðu. Gunnar Gunnarsson gaf því næst gestum orðið.

Ávörp gesta

Ellert B. Schram forseti ÍSÍ tók til máls. Hann lýsti yfir ánægju sinni yfir því að vera kominn á 47. ársþing HSÍ. Hann ásamt Stefáni Konráðssyni fluttu kveðjur frá framkvæmdarstjórn ÍSÍ og þakkaði frábært starf á liðnu ári. Einnig vildi hann með nærveru sinni og Stefáns votta þessari samkomu virðingu sína með vonum og óskum að vegur handknattleiks fari vaxandi á komandi árum. Einnig nefndi Ellert að viss þrautaganga hafi verið hjá handknattleikshreyfingunni mörg undanfarinn ár vegna fjárhags erfiðleika sem eiga sér langa sögu en með myndarlegu átaki í fyrra hafi tekist að rétta skútuna við. Hann lýsti ánægju sinni með þá reikninga sem lagðir voru fram og sagði þá bera þess vott að reksturinn sé að mestu leiti kominn á lygnan sjó. Hann sagði að viðsnúningurinn væri fyrst og fremst frábært handtak þeirra sem eru við stjórnvölin hjá HSÍ. Ellert sagði að hann og framkvæmdarstjórn ÍSÍ hafi haft ánægu af að geta lagt þessari baráttu lið bæði með almennri þjónustu og samstarfi en fyrst og fremst með fjárframlögum úr afrekssjóði, Ólympíu samhjálpinni og öðrum tekjum tengdum íþróttarhreyfingunni. Máli sínu til stuðnings nefndi hann að vel á þriðja tug milljóna hafi komið með beinum eða óbeinum hætti frá ÍSÍ. Hann benti á að í ársreikningi komi fram að þessi framlög skiptir talsverðu máli. Einnig vildi hann nefna að á ný afstöðnu ári er búið að ráðstafa um 20 milljónum til handknattleikssambandsins og von sé á meiri fjárframlögum. Ellert sagði að af þessi mætti sjá að ÍSÍ gerir sitt besta til þess að skútan geti siglt áfram þöndum seglum líkt og íslenskur handknattleikur hefur svo sannarlega gert með glæsilegum árangri bæði hjá konum og körlum. Hann sagði að nú væru spennandi tímar framundan þegar íslenska karlalandsliði tæki þátt í Ólympíu leikunum í haust og sér sýnist á öllu að það sé bjartar yfir handknattleiknum en hefur verið undanfarinn ár og greinilegt að sóknar hugur sé í hreyfingunni. Hann kom einnig inn á að sér finnst keppnin sem fram hefur farið hafi tekist eftir atvikum ágætlega þó hann geri sér grein fyrir því að skiptar skoðanir séu hvernig fyrirkomulagið skuli vera. Auk þess fagnaði Ellert þeim átökum sem gerð hafa verið til að kynna handknattleikinn sem er bæði vinsæl og skemmtileg íþrótt ef rétt er á haldið. Einnig sagði hann handknattleiksíþróttina og HSÍ ein af styrkustu stöðum íþróttarhreyfingarinnar á Íslandi og þess vegna sé mikilvægt að þar sé haldið vel á spilunum. Að lokum sagði hann að sér finnst hreyfingin á réttri leið einsog sakir standa auk þess sem hann þakkaði fyrir óeigingjarnt og ómetanlegt starf í þágu þessarar skemmtilegu íþróttar og þakkaði fyrir boðið.

Gunnar Gunnarsson þakkaði Ellerti B. Schram fyrir og opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvaddi sér til hljóðs.

Skýrsla og reikningar voru samþykktir samhljóða.

9 Fjárhagsáætlun lögð fram

Ásgerður Halldórsdóttir lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Fjárhagsáætlun var vísað til Fjárhagsnefndar.
Enginn gerði athugasemnd við þessa málsmeðferð.

Þingfulltrúar

Þingforseti bað Guðmund Skúla Stefánsson talsmann kjörbréfanefndar að kynna kjörbréfin þar sem nefndin hafði lokið störfum. Mættir voru **XXX** atkvæðabærir fulltrúar. Guðmundur gerði grein fyrir hve margir fulltrúar félaga væru mættir og las upp frá hvaða félögum þeir væru. Hann bað fulltrúa að gefa merki þegar þeir voru lesnir upp.

Guðmundur Skúli þakkaði fyrir sig og benti á að Kjörbréfanefnd væri að störfum á meðan þinghald stæði yfir.

Eftirfarandi listi er yfir fjölda fulltrúa félaga og héraðssambanda.

Fulltrúafjöldi hvers félags:

Fulltrúafjöldi annarra aðila:

<i>Félag:</i>	<i>Fjöldi Fulltrúa:</i>	<i>Félag:</i>	<i>Fjöldi Fulltrúa:</i>
Árman	1	HSB	1
Breiðablik	2	HHF	1
FH	4	HSH	1
Fjölnir	2	HSK	1
Fram	4	HSS	1
Fylkir	3	HSP	1
Grótta	4	HVÍ	1
Grótta/KR	1	ÍBA	1
Haukar	4	ÍBH	1
HK	4	ÍBÍ	1
Hvöt	1	ÍBR	1
Hörður	1	ÍBS	1
Höttur	1	ÍRB	1
ÍA	1	ÍS	1
ÍBV Ka.	3	UDN	1
ÍBV kvk.	2	UÍA	1
ÍH	1	UÍÓ	1
ÍR	4	UMSB	1
KA	4	UMSE	1
KA/Þór	1	UMSS	1
Keflavík	1	UNÞ	1
KR	1	USÚ	1
KS	1	USAH	1
Selfoss	3	UMSK	1
Stjarnan	4	USVH	1
UMFA	3	USVS	1
UMF Bessast.	1		
Valur	4	Samtals:	26
Valur/Austri	1		
Víkingur	3		
Völsungur	1		
Þór Ak.	2		
Þór Þorl.	1		

Ögri	1
Samtals:	75

Samtals: **101**

Kjörbréfanefnd var þakkað fyrir þeirra framlag.

<p>Kjörbréf voru samþykkt samhljóða</p>
--

10 Lagðar fram tillögur að laga- og reglugerðabreytingum

Þingforseti skýrði frá því að fundarmenn væru með tillögur að laga- og reglugerðabreytingum í möppum. Þingforseti fór lauslega í greinagerð tillagna og þeim var vísað til nefnda.

11 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa

Engar tillögur eða önnur mál bárust til stjórnar.

12 Nefndarálit og atkvæðagreiðslur

Þingforseti gaf Kjörbréfanefnd orðið áður en atkvæðagreiðslur fóru fram. Bæst höfðu við: Jón Ásgeir Einarsson tók sæti Hannesar M. Sigurðssonar, Óskar Bjarni Óskarsson Val. Engar athugasemdir voru við kynnt kjörbréf. Atkvæðabærir þingfulltrúar voru 49.

Þingforseti bað talsmann Fjárhagsnefndar, Ásgerði Halldórsdóttur að skýra frá niðurstöðum nefndarinnar.

Fjárhagsnefnd lagði til að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

<p>Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.</p>
--



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 4-00**

Tillaga um Lög Handknattleikssambands Íslands
Flutningsaðili: HSI

1.5. Handknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum HSI. Fulltrúafjöldi félaga miðast við fjölda keppenda mótum á vegum HSI þannig að:

- 1) fyrir færri en 50 keppendur fæst einn fulltrúi,
- 2) fyrir 50 til 125 keppendur fæst annar fulltrúi,
- 3) fyrir 125 til 200 keppendur fæst þriðji fulltrúinn,
- 4) fyrir 200 keppendur eða fleiri fæst fjórði fulltrúinn.

Félag sem ekki sendir keppendur til keppni það leikár skal þó eiga rétt á einum fulltrúa.

Þingið skal haldið árlega eigi síðar en í febrúar mánuði. Skal boða það bréflega með eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSI minnst 14 dögum fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingið. Handknattleiksþingið er lögmaett ef löglega er til þess boðað.

Verður:

1.5. Handknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum HSI. Fulltrúafjöldi félaga miðast við fjölda keppenda mótum á vegum HSI þannig að:

- 5) fyrir færri en 50 keppendur fæst einn fulltrúi,
- 6) fyrir 50 til 125 keppendur fæst annar fulltrúi,
- 7) fyrir 125 til 200 keppendur fæst þriðji fulltrúinn,
- 8) fyrir 200 keppendur eða fleiri fæst fjórði fulltrúinn.

Félag sem ekki sendir keppendur til keppni það leikár skal þó eiga rétt á einum fulltrúa.

Þingið skal haldið árlega eigi síðar en **1.maí**. Skal boða það bréflega með eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst **21** dögum fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingið. Handknattleiksþingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Greinargerð: Þessi breyting er gerð vegna þess að það hefur sýnt sig að heppilegra er að hafa þingið seinna en í febrúar. Það að hafa frestinn 21 dag er til að auðvelda alla vinna í kringum ársþingið.

Þingskjal nr. 4-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 4-01**

Tillaga um Lög Handknattleikssambands Íslands
Flutningsaðili: HSÍ

1.5. Handknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum HSÍ. Fulltrúafjöldi félaga miðast við fjölda keppenda mótum á vegum HSÍ þannig að:

- 9) fyrir færri en 50 keppendur fæst einn fulltrúi,
- 10) fyrir 50 til 125 keppendur fæst annar fulltrúi,
- 11) fyrir 125 til 200 keppendur fæst þriðji fulltrúinn,
- 12) fyrir 200 keppendur eða fleiri fæst fjórði fulltrúinn.

Félag sem ekki sendir keppendur til keppni það leikár skal þó eiga rétt á einum fulltrúa.

Þingið skal haldið árlega eigi síðar en í febrúar mánuði. Skal boða það bréflega með eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst 14 dögum fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingið. Handknattleiksþingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Verður:

- 1.5. Handknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum HSÍ. Fulltrúafjöldi félaga miðast við fjölda keppenda mótum á vegum HSÍ þannig að:

- 13) fyrir færri en 50 keppendur fæst einn fulltrúi,
- 14) fyrir 50 til 125 keppendur fæst annar fulltrúi,
- 15) fyrir 125 til 200 keppendur fæst þriðji fulltrúinn,
- 16) fyrir 200 keppendur eða fleiri fæst fjórði fulltrúinn.

Félag sem ekki sendir keppendur til keppni það leikár skal þó eiga rétt á einum fulltrúa.

Þingið skal haldið árlega eigi síðar en **1.maí**. Skal boða það bréflega með eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn HSÍ minnst **21 degi** fyrir þingið og skal stjórnin senda öllum sambandsaðilum þau málefni eigi síðar en 7 dögum fyrir þingið. Handknattleiksþingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Greinargerð: Þessi breyting er gerð vegna þess að það hefur sýnt sig að heppilegra er að hafa þingið seinna en í febrúar. Það að hafa frestinn 21 dag er til að auðvelda alla vinna í

Bergþóra Sigmundsdóttir, fulltrúi laga- og reglunefndar, lagði til að þetta þingskjal yrði samþykkt með eftirfarandi breytingum: í stað orðsins dögum kæmi degi.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 4-01 var samþykkt
--



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 5-00**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSI

2.1.17. Skyld er að skipa eftirlitsmenn á undankeppni (riðlakeppni), úrslitaleiki Íslandsmóts og bikarkeppni meistaraflokka karla og kvenna svo og tvær fyrstu umferðir Íslandsmóts. Þá er einnig skyld að setja eftirlitsmenn á leiki frá 15. umferð Íslandsmóts fram að úrslitakeppni Íslandsmóts. Dómaranefnd hefur heimild til að setja eftirlitsmenn á leiki, þegar þurfa þykir.

Verður:

2.1.17. Skyld er að skipa eftirlitsmenn á **úrvalsdeild Íslandsmóts karla, alla leiki í úrslitakeppni karla og kvenna og frá og með 4-liða úrslitum í bikarkeppni meistaraflokka karla og kvenna svo og tvær fyrstu umferðir Íslandsmóts í meistaraflokki.** Dómaranefnd hefur heimild til að setja eftirlitsmenn á leiki, þegar þurfa þykir.

Greinargerð: Þetta eru nauðsynlegar orðabreytingar miðað við nýtt mótafyrirkomulag.

Þingskjali nr. 5-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 5-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 5-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 6-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

4.1.3. Breytingar á þátttöku í Íslandsmóti skal tilkynna eigi síðar en á fyrra degi ársþings HSÍ og skal jafnframt gengið frá greiðslu þáttökugjalda.

Verður:

4.1.3. Breytingar á þátttöku í Íslandsmóti skal tilkynna eigi síðar en **við upphaf** ársþings HSÍ og skal jafnframt gengið frá greiðslu þáttökugjalda.

Greinargerð: Ársþing HSÍ hefur að undanfögnu lokið á einum degi og því nauðsynlegt að breyta þessu orðalagi.

Þingskjali nr. 6-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 6-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 6-00 var samþykkt



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 7-00**

Tillaga um Reglugerð vegna kjörs handknattleiksmanns ársins
Flutningsaðili: HSI

20.2. Kjörgengir eru 14 leikjahæstu leikmenn þeirra félaga sem sæti eiga í 1. deild. Formenn handknattleiksdeilda viðkomandi félaga bera ábyrgð á að kjörið fari fram samkvæmt reglugerð þessari

Verður:

20.2. Kjörgengir eru 14 leikjahæstu leikmenn þeirra félaga sem sæti eiga í **2.efstu deildum karla og kvenna**. Formenn handknattleiksdeilda viðkomandi félaga bera ábyrgð á að kjörið fari fram samkvæmt reglugerð þessari

Greinargerð: Þetta eru nauðsynlegar orðabreytingar vegna breytts mótafyrirkomulags.

Þingskjali nr. 7-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 7-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 7-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 8-00**

Tillaga um Dómstóla HSÍ
Flutningsaðili: HSÍ

I Dómstólar HSÍ

1. grein - Dómstigin.

4. Dómstólar HSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSÍ, Engjavegi 6, 104 Reykjavík. Handknattleikssambandi Íslands ber að tilkynna án tafar allar breytingar, sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú, sem haldin er á skrifstofu HSÍ, telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

Verður:

I Dómstólar HSÍ

1. grein - Dómstigin.

4. Dómstólar HSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu HSÍ. Handknattleikssambandi Íslands ber að tilkynna án tafar allar breytingar, sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú, sem haldin er á skrifstofu HSÍ, telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

Greinargerð: Engjavegur 6, 104 Reykjavík, felldur út úr texta. Greinin er óbreytt að öðru leiti.

Þingskjali nr. 8-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 8-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 8-00 var samþykkt



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 9-00**

Tillaga um Reglugerð HSI um fríkort
Flutningsaðili: HSI

- 8.2.** Fríkortið gildir þó fyrir hlutaðeigandi og maka eða barn, hjá öllum nema virkum héraðsdómurum, á alla leiki aðra en leiki í úrslitakeppni 1. deildar karla og kvenna, 4-2 liða úrslit í bikarkeppni karla og kvenna og leiki í Evrópukeppni félagsliða.

Verður:

- 8.2.** Fríkortið gildir þó fyrir hlutaðeigandi og maka eða barn, hjá öllum nema virkum héraðsdómurum, á alla leiki aðra en leiki í úrslitakeppni **efstu** deildar karla og kvenna, 4-2 liða úrslit í bikarkeppni karla og kvenna og leiki í Evrópukeppni félagsliða.

Greinargerð: Orðalagsbreytingar út frá nýju mótafyrirkomulagi.

Þingskjali nr. 9-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 9-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 9-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 10-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd

2.1.19. Eftirlitsmaður skal sitja við tímavarárborð við hlið tímavarár og hafa góða yfirsýn yfir skiptimannasvæðið allan tímann og geta gripið inn í, ef nauðsyn krefur. Á tímavarárborði skal vera auka leikklokka (ummál 25 sm), brottvísunarspjöld, 2 græn kort fyrir leikhlé, skrifpappír fyrir ritara, skeiðklokka, flauta, brottvísunarspjald, útilokunarspjald og skriffæri. Auk þess ber þeim að hafa Lög og reglugerðir HSÍ til taks.

Verður:

2.1.19. Eftirlitsmaður skal sitja við tímavarárborð við hlið tímavarár og hafa góða yfirsýn yfir skiptimannasvæðið allan tímann og geta gripið inn í, ef nauðsyn krefur. Á tímavarárborði skal vera **aukaleikklokka** (ummál 25 sm), **spjöld í A4 sem brotin eru í tvennt og sína hvoru megin brottvísunartíma og númer leikmanns**, 2 græn kort fyrir leikhlé **liða merkt með "T"**, skrifpappír fyrir ritara, skeiðklokka, flauta, **gult kort til að taka undir áminningu dómara, rautt spjald til að taka undir áminningar dómara** og skriffæri. Auk þess ber þeim að hafa Lög og reglugerðir HSÍ til taks.

Greinargerð: Hér er gerð nánari skilgreining á orðalagi frá því sem áður var svo að greinin skiljist betur.

Þingskjali nr. 10-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 10-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 10-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu**

26.mars 2004
Pingskjal nr: 11-00

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd

2.2.5. Öll þóknun fyrir dæmda leiki, ferða- og upphaldskostnaður dómara og eftirlitsmanna greiðist af þátttökuliðum. Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann á leikstað, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ, tímanlega áður en leikur hefst. Sé ekki gengið frá greiðslu áður en leikur hefst eða um hana samið telst leikur tapaður fyrir heimalið (sbr. gr. 2.2.17. e) og f) í reglugerð þessari. Hafi verið samið um greiðslu og greiðsla kemst síðan í vanskil gilda ákvæði 2. mgr.

Verður:

2.2.5 Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þátttökuliðum, ferða- og upphaldskostnaður dómara og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ. Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann á leikstað, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ, tímanlega áður en leikur hefst. Sé ekki gengið frá greiðslu áður en leikur hefst eða um hana samið telst leikur tapaður fyrir heimalið (sbr. gr. 2.2.17. e) og f) í reglugerð þessari. Hafi verið samið um greiðslu og greiðsla kemst síðan í vanskil gilda ákvæði 2.2.2.

Greinargerð: Hér er gerð breyting til samræmis við hvernig þessi regla er notuð í dag.

Pingskjali nr. 11-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Pingskjal nr: 11-01**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd

2.2.5. Öll þóknun fyrir dæmda leiki, ferða- og upphaldskostnaður dómara og eftirlitsmanna greiðist af þátttökuliðum. Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann á leikstað, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ, tímanlega áður en leikur hefst. Sé ekki gengið frá greiðslu áður en leikur hefst eða um hana samið

telst leikur tapaður fyrir heimalið (sbr. gr. 2.2.17. e) og f) í reglugerð þessari. Hafi verið samið um greiðslu og greiðsla kemst síðan í vanskil gilda ákvæði 2. mgr.

Verður:

2.2.5 Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þátttökuliðum. Ferða- og upphaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ. Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann á leikstað, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ, tímanlega áður en leikur hefst. Sé ekki gengið frá greiðslu áður en leikur hefst eða um hana samið telst leikur tapaður fyrir heimalið (sbr. gr. 2.2.17. e) og f) í reglugerð þessari. Hafi verið samið um greiðslu og greiðsla kemst síðan í vanskil gilda ákvæði 2.2.2.

Greinargerð: Hér er gerð breyting til samræmis við hvernig þessi regla er notuð í dag.

Bergþóra Sigmundsdóttir, fulltrúi laga- og reglunefndar, lagði til að þetta þingskjal yrði samþykkt með eftirfarandi breytingum: Að tilgreint yrði í hvaða flokkum þetta ætti sér stað.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 11-01 var samþykkt



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26. mars 2004 Þingskjal nr: 12-00

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd

2.2.10. Í byrjun hvers leiks skulu liðsstjórar afhenda dómara útfyllta skýrslu með nöfnum þeirra er leika og starfsmanna liðs. Skýrsla skal undirrituð af liðsstjóra. Dómarar skulu sannreyna fjölda þeirra sem skráðir eru á leikskýrslu. Taki leikmaður, sem ekki er skráður á leikskýrslu þátt í leiknum og það kemur í ljós meðan á leik stendur, skal viðkomandi leikmaður í meistaraflokki karla og kvenna sbr. leikreglur 16:6 a, en í öðrum flokkum skal leikmaður fá 2ja mínútna brottvísun og fækka skal í liði hans um einn leikmann í 2 mínútur. Viðkomandi brattvísaður leikmaður hefur síðan þátttökurétt í leiknum að brottvísunartíma liðnum. Hafi viðkomandi leikmaður skorað mörk í leiknum skulu þau teljast lögleg, sbr. þó grein 9.2 í leikreglum HSÍ. Komi slíkt hið sama í ljós að leik loknum, skulu dómarar skrá það á leikskýrslu, og skulu úrslit leiksins standa. Hið

brotlega félag og framkvæmdaaðili leiksins skulu greiða sekt til HSÍ kr. 5.000.- hvor aðili fyrir sig.

Verður:

2.2.10. Í byrjun hvers leiks skulu liðsstjórar afhenda dómara útfyllta skýrslu með nöfnum þeirra er leika og starfsmanna liðs. Skýrsla skal undirrituð af liðsstjóra. Dómarar skulu sannreyna fjölda þeirra sem skráðir eru á leikskýrslu. Taki leikmaður, sem ekki er skráður á leikskýrslu þátt í leiknum og það kemur í ljós meðan á leik stendur, skal viðkomandi leikmaður í meistaraflokki karla og kvenna sbr. leikreglur 16:6 a, en í öðrum flokkum skal leikmaður fá 2ja mínútna brottvísun og fækka skal í liði hans um einn leikmann í 2 mínútur. Viðkomandi brottvísaður leikmaður hefur síðan þátttökurétt í leiknum að brottvísunartíma liðnum. Hafi viðkomandi leikmaður skorað mörk í leiknum skulu þau teljast lögleg sé **búið að flauta á frumkast en ógilt ef tekið er eftir broti leikmanns áður en frumkast er flautað á**, sbr. þó grein 9.2 í leikreglum og **hefst þá leikur í samræmi við leikreglur 13.1,a sbr 4.3.4. Komi slíkt hið sama í ljós að leik loknum, skulu dómarar skrá það á leikskýrslu, og skulu úrslit leiksins standa.** Hið brotlega félag og framkvæmdaaðili leiksins skulu greiða sekt til HSÍ kr. 5.000.- hvor aðili fyrir sig.

Greinargerð: Hér er gerð breyting til samræmis við það sem er í leikreglum.

Þingskjal nr. 12-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 12-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 12-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 13-00**

2.3.2. Vinningsröð liða í keppnum á vegum HSÍ ákvarðast á eftirfarandi hátt.

Raða skal liðum til úrslita eftir keppni í riðlum, milliriðlum og deildum, þar sem ekki skal leikið til þrautar, í öllum flokkum, sem hér segir:

1. Samanlagður stigafjöldi úr öllum leikjum.
Unninn leikur 2 stig
Jafntefli 1 stig
Tapaður leikur 0 stig
2. Stigafjöldi úr innbyrðis leikjum viðkomandi liða.
3. Markamunur úr innbyrðis leikjum.
4. Fleiri skorud mörk í innbyrðis leikjum.
5. Markamunur úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
6. Fleiri skorud mörk úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
7. Hlutkesti.

Þegar leikið skal til þrautar og jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma skal í 4. flokki til og með meistaraflokki :

1. Leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
2. Leikið í 2x5 mínútur án leikhlés, en skipt um vallarhelming í hálfleik.
Ef enn er jafnræði með liðum skal:
3. Tekið leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
4. Leikið í 2x5 mínútur án leikhlés, en skipt um vallarhelming í hálfleik.
Ef enn er jafnræði með liðum skal :
5. Varpa hlutkesti um það hvort lið skal hefja leik og leikið þar til annað liðið skorar mark. (bráðabani)

Verður:

2.3.2. Vinningsröð liða i keppnum á vegum HSÍ ákvarðast á eftirfarandi hátt.

Raða skal liðum til úrslita eftir keppni í riðlum, milliriðlum og deildum, þar sem ekki skal leikið til þrautar, í öllum flokkum, sem hér segir:

1. Samanlagður stigafjöldi úr öllum leikjum.
Unninn leikur 2 stig
Jafntefli 1 stig
Tapaður leikur 0 stig
2. Stigafjöldi úr innbyrðis leikjum viðkomandi liða.
3. Markamunur úr innbyrðis leikjum.
4. Fleiri skorud mörk í innbyrðis leikjum.
5. Markamunur úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
6. Fleiri skorud mörk úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
7. Hlutkesti.

Þegar leikið skal til þrautar og jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma skal í 4. flokki til og með meistaraflokki :

1. Tekið leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
2. Leikið í 2x5 mínútur **með 1 mínútu leikhléi**. Skipt er um vallarhelming í hálfleik. Ef enn er jafnræði með liðum skal:
3. Tekið leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
4. Leikið í 2x5 mínútur **með 1 mínútu leikhléi**, Skipt er um vallarhelming í hálfleik. Ef enn er jafnræði með liðum skal :

5. Vítakastkeppni.

a) Hvort lið tilnefni 5 leikmenn sem höfðu leikheimild í lok síðari framlengingar. Afhenda skal lista með númerum 5 leikmanna. Hver hinna tilnefndu leikmanna skal taka eitt kast til skiptis við mótherjanna. Liðin ákveða sjálf röð kastara.

b) Markverði má velja frjálst og skipta þeim út í samræmi við leikreglur. Markverðir mega taka stöðu útileikmanna og útileikmenn mega taka stöðu markvarða.

c) Dómarar velja mark sem skal nota. Dómarar draga um það hvort lið byrjar. Það lið sem vinnur dráttinn hefur rétt á því að velja hvort það byrjar eða endar.

d) Ef leikur er enn jafn eftir fyrstu umferð vítakastkeppninnar skal vítakastkeppnin endurtekin þar til niðurstaða fæst. Lið það sem ekki hóf vítakastkeppnina byrjar. Í þessari umferð verður að tilnefna að nýju 5 leikmenn í hvoru liði (þeir leikmenn sem þegar hafa tekið þátt í vítakastkeppninni geta verið tilnefndir aftur)

e) Úrslit eru fengin ef markamunur er eftir að bæði lið hafa lokið annarri umferðinni.

f) Leikmenn og markverðir sem hafa leikheimild eru þeir leikmenn á leikskýrslu, sem ekki voru útilokaðir, brottviknir eða brottvísaðir, þegar flautað var til loka seinni framlengingar.

g) Alvarleg brot sem eiga sér stað á meðan á vítakastkeppninni stendur skal refsað með útilokun í öllum tilvikum. Ef að leikmaður eða markvörður er útilokaður eða meiðist skal tilnefna nýjan leikmann/markvörð.

h) Á meðan að köst eru tekin hafa aðeins leikmaður sem tekur kastið og markvörður sem ætlar að verja kastið ásamt dómurum heimild til að vera inni á þeim hluta leikvallarins sem vítakastkeppnin fer fram.

i) Ef í tilfellum þar sem leikmenn eru færri en 5, sem hafa heimild til þátttöku í leiknum, hefur lið heimild að tilnefna leikmenn í viðbótarkast í sömu umferð.

j) Ef enn er jafnt skal haldið áfram eins og lýst er í a-i þar til úrslit fást.

Greinargerð: Hér er gerð leiðrétting á skv. leikreglum er varðar 1 mínútu leikhlé.

Þá er sett inn breyting varðandi lok leiks eftir tvær framlengingar og sett inn vítakaskeppni í stað bráðabana, til samræmis við það sem er í reglum EHF og IHF um úrslitaleiki. Þar sem þessi regla tíðkast er mál manna að hún sé sanngjörn, áhrifarík og spennandi, þótt sjaldan komi til kasta hennar.

Þingskjali nr. 13-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 13-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 13-00 samþykkt samhljóða



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu

26. mars 2004

Þingskjal nr: 14-00

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman.

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um sjöunda sætið í úrslitakeppninni. Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fá seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

- a) Markamismunur
- b) Fleiri skorud mörk í útileik
- c) Vítakeppni

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Félögin eru ábyrg fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara með liðum, í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun. Dómarar skulu ávallt ferðast með útiliðinu á áfangastað.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF keppni) en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

Verður:

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman.

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um sjöunda sætið í úrslitakeppninni. Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fá seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

a) Markamismunur

b) Fleiri skorud mörk í útileik

c) Vítakastkeppni (sjá reglur um vítakastkeppni)

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF keppni) en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

Greinargerð: Hér er gerð breyting á er varðar ferðatilhögun dómara sbr. hvernig þessu er háttað í dag. Það er heldur ekki rétt að kveða á um skyldu dómara að ferðast með liðunum, skyldu sem ekki er hægt að framfylgja.

Þingskjal nr. 14-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 14-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 14-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 15-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd

4.2.6.10.Boltastærðir

Sjá almenn grein í kafla 2 um boltastærðir í öllum flokkum.

Verður:

4.2.6.10.Boltinn

Boltastærðir skulu vera í samræmi við leikreglur, regla 3.2;

Greinargerð: Hér er gerð breyting til samræmis við leikreglur.

**“3:2 Stærð knattar, þ.e. ummál og þyngd, fyrir aldursflokka, eru sem hér segir:
-58-60 sm og 425-475 grömm (IHF stærð 3) fyrir karla 16 ára og eldri.**

-54-56 sm og 325-375 grömm (IHF stærð 2) fyrir konur 14 ára og eldri og drengi 12-16 ára.

-50-52 sm og 290-330 grömm (IHF stærð 1) fyrir stúlkur 8-14 ára og drengi 8-12 ára.

Athugasemdir:

Tæknilegar kröfur til knatta sem notaðir eru í öllum opinberum alþjóðlegum leikjum er að finna í reglum IHF um bolta.

Stærð og þyngd bolta í minihandbolta er ekki áskilin í venjulegum leikreglum”.

Þingskjali nr. 15-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 15-00 yrði fellt.

Allsherjarnefnd vísar skjalinu til nefndar á vegum HSÍ sem eigi að skoða þetta mál og leita lausnar um hvernig innleiða megi þessa alþjóðlegu staðla og leggja svo fyrir næsta þing.

Þingskjal nr. 15-00 fellt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 16-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Dómaranefnd

4.2.7 Dómgæsla

Almennar reglur um mót í 5. og 6. flokki.

....

- Heimilt er að nota einn dómara í leik.

....

Dómgæsla:

Í 5. flokki skal hafa tvo dómara á leik í keppni A- og B-liða. Í keppni C-liða og í keppni A- og B-liða í 6. flokki skal leitast við að hafa tvo dómara á leik.

Annar dómari þarf að vera vanur og með réttindi eða reynslu en hinn má vera lærlingur og er það í raun æskilegt að þjálfar þannig upp nýja dómara (þótt þjálfarar kvarti oft yfir slíku).

Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

Þegar notast er við mörk með aukaslá í 6. flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer "sláin inn" þ.e. beint af neðanverðri slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Verður:

Almennar reglur um mót í 5. og 6. flokki.

....

Setningin fellur út.

....

Dómgæsla:

Í 5. flokki skal hafa tvo dómara á leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari. Í keppni C-liða og í keppni A- og B-liða í 6. flokki skal leitast við að hafa tvo dómara á leik.

Dómarar skulu vera auðkenndir í sérstökum dómaraklæðum svo sem svörtum bolum.

Þegar notast er við mörk með aukaslá í 6. flokki skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána að ef bolti fer “sláinn inn” þ.e. beint af neðanverðri slá inn í markið, skal dæma mark annars skal dæma sem bolti hafi farið framhjá marki, og að markmaður byrji með boltann.

Greinargerð: Breyting gerð til samræmis við leikreglur 17:1. Í 6. flokki er undanþága frá þessu ákvæði. Óþarfi er að hafa málsgreinina “Annar dómari þarf.....” þar sem hér virðist hafa slæðst inn athugasemd frá einhverju þinginu.

Þingskjali nr. 16-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 16-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 16-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 17-00**

Tillaga um Reglugerð HSÍ um fríkort
Flutningsaðili: Dómaranefnd

- 8.1. Stjórn HSÍ
Endurskoðendur HSÍ
Dómstóll HSÍ
Fastanefndir HSÍ
Starfsmenn HSÍ
Virkir lands- og héraðsdómara
Landsliðsmenn með 250 A-landsleiki eða fleiri.

Verður:

- 8.1. Stjórn HSÍ
Endurskoðendur HSÍ
Dómstóll HSÍ
Fastanefndir HSÍ
Starfsmenn HSÍ
Handhafar gullmerkis HSÍ og heiðursmerkis HSÍ á krossi
Virkir lands- og héraðsdómarar
Landsliðsmenn með 250 A-landsleiki eða fleiri.

Greinargerð: Hér er gerð breyting og sett inn ákvæði er varðar handhafa gullmerkis HSÍ og heiðursmerkis HSÍ á krossi. Það ætti að vera öllum ljóst að þeir sem hljóta þessar heiðursviðurkenningar ættu að vera vel að því komnir að fá að njóta þess að fara frítt inn á leiki.

Þingskjal nr. 17-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 17-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 17-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 18-00**

9.12. Fram að úrslitakeppni Íslandsmóts skal aganefnd koma saman til fundar á þriðjudögum í viku hverri og skulu mál tekin fyrir og sæta afgreiðslu á næsta fundi eftir að þau berast nefndinni, sbr. þó 3. mgr. Úrskurður aganefndar tekur gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Úrskurð aganefndar skal tilkynna með skeyti eða símbrefi til formanns handknattleiksdeildar sem hlut á að máli. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbrefs hvílir á móttakanda.

Mál vegna brota gr. 9.10. reglugerðar þessarar skulu sæta afgreiðslu aganefndar á næsta fundi eftir lok gagnaöflunar. Verði úrskurði ekki skotið til stjórnar HSÍ á grundvelli heimildar í 5. mgr. gr. 9.10. öðlast hann gildi að málskotsfresti loknum.

Stjórn HSÍ tilkynnir hlutaðeigandi um það hvenær úrskurður í máli sem til hennar hefur verið skotið verði kveðinn upp. Úrskurður stjórnar HSÍ öðlast gildi þegar við uppkvaðningu hans.

Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar og eftir atvikum stjórnar HSÍ tekur gildi samkvæmt framansögðu.

Verður:

9.12. Fram að úrslitakeppni Íslandsmóts skal aganefnd koma saman til fundar á þriðjudögum í viku hverri og skulu mál tekin fyrir og sæta afgreiðslu á næsta fundi eftir að þau berast nefndinni, sbr. þó 3. mgr. Úrskurður aganefndar tekur gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Úrskurð aganefndar skal tilkynna með skeyti eða símbrefi og **netpósti** til formanns handknattleiksdeildar sem hlut á að máli. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbrefs hvílir á móttakanda.

Mál vegna brota gr. 9.10. reglugerðar þessarar skulu sæta afgreiðslu aganefndar á næsta fundi eftir lok gagnaöflunar. Verði úrskurði ekki skotið til stjórnar HSÍ á grundvelli heimildar í 5. mgr. gr. 9.10. öðlast hann gildi að málskotsfresti loknum.

Stjórn HSÍ tilkynnir hlutaðeigandi um það hvenær úrskurður í máli sem til hennar hefur verið skotið verði kveðinn upp. Úrskurður stjórnar HSÍ öðlast gildi þegar við uppkvaðningu hans.

Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar og eftir atvikum stjórnar HSÍ tekur gildi samkvæmt framansögðu.

Greinargerð: Hér er sett inn netpóstur til viðbótar þeirri tilkynningaskyldu aganefndar um að senda úrskurði. Netpóstur er nú orðinn æ algengari og jafnvel mun algengari en símbref og er því talið rétt að setja þessa boðleið inn.

Þingskjal nr. 18-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 18-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 18-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 19-00**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.1.1. Dómaranefnd HSÍ skal skipuð fimm mönnum. Skulu þrír þeirra hafa landsdómararéttindi. Að loknu ársþingi HSÍ skipar stjórn HSÍ formann nefndarinnar, sem skal vera landsdómari, sem síðan gerir tillögu um tvo menn í nefndina. HDSÍ skipar hina tvo.

Verður:

11.1.1. Dómaranefnd HSÍ skal skipuð fimm mönnum. Skulu þrír þeirra og hafa landsdómararéttindi. Að loknu ársþingi HSÍ skipar stjórn HSÍ formann nefndarinnar, sem skal hafa landsdómararéttindi, sem síðan gerir tillögu um fjóra menn í nefndina.

Greinargerð: Hér er sett inn sú breyting að tenging HDSÍ við dómaranefnd er tekin út. Þetta er gert af fenginni reynslu. Nefndin þarf að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir án íhlutunar annarra og verið frjálst með val á nefndarmönnum án þess að hagnunaárekstrar geti orðið.

Þingskjali nr. 19-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 19-01**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.1.1. Dómaranefnd HSÍ skal skipuð fimm mönnum. Skulu þrír þeirra hafa landsdómararéttindi. Að loknu ársþingi HSÍ skipar stjórn HSÍ formann nefndarinnar, sem skal vera landsdómari, sem síðan gerir tillögu um tvo menn í nefndina. HDSÍ skipar hina tvo.

Verður:

11.1.1. Dómaranefnd HSÍ skal skipuð fimm mönnum. Skulu **að minnsta kosti** þrír þeirra og hafa landsdómararéttindi. Að loknu ársþingi HSÍ skipar stjórn HSÍ formann nefndarinnar, sem **skal hafa landsdómararéttindi, sem síðan gerir tillögu um fjóra menn í nefndina.**

Greinargerð: Hér er sett inn sú breyting **að tenging HDSÍ við dómaranefnd er tekin út.** Þetta er gert af fenginni reynslu. Nefndin þarf að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir án íhlutunar annarra og verið frjálst með val á nefndarmönnum án þess að hagnunaárekstrar geti orðið.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 19-01 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 19-01 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 20-00**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.2.3. sem héraðsdómarar öðlast menn með prófi, að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómara nefnd HSÍ eða í samvinnu við aðra, sem nefndin vísar til. Til þess að ná réttindum sem héraðsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómaraefni skal vera fullra 17 ára.

Dómaraefni skal standast þríþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt.

Dómaraefni þarf að gangast undir A grunnnámskeið fyrir þjálfara í handknattleik og standast þau próf sem þar eru gerðar kröfur um. Sá sem hefur staðist héraðsdómarapróf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í öllum aldursflokkum beggja kynja, öðrum en meistaraflokki og 2. flokki karla og kvenna, hvar sem er á landinu. Þó skulu héraðsdómararéttindi ekki gilda í leikjum í A-úrslitum og undanúrslitum í 3. flokki karla og kvenna.

Verður:

11.2.3. sem héraðsdómarar öðlast menn með prófi, að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómara nefnd HSÍ eða í samvinnu við aðra, sem nefndin vísar til. Til þess að ná réttindum sem héraðsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómaraefni skal vera 17 ára **og miða skal við árið.**

Dómaraefni skal standast þríþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt.

Sá sem hefur staðist héraðsdómarapróf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í öllum aldursflokkum beggja kynja, öðrum en meistaraflokki og 2. flokki karla og kvenna, hvar sem er á landinu. Þó skulu héraðsdómararéttindi ekki gilda í leikjum í A-úrslitum og undanúrslitum í 3. flokki karla og kvenna.

Greinargerð: Hér eru gerðar breytingar til einföldunar þar sem ekki hefur verið hægt að framfylgja fyrri ákvæðum í reglugerðinni er varðaði þjálfaranámskeið. Felld eru út öll ákvæði er varðar að gangast undir þjálfaranámskeið. Aldurstakmörk eru breytt. Í stað þess að vera fullra 17. ára skal miðast við aldursárið en ekki afmælisdaginn. Það hefur sýnt sig að flestir sem sækja héraðsdómaranámskeið eru á 17. aldursári og hafa í flestum tilfellum þann þroska til að bera að verða héraðsdómarar og ætti ekki að setja hindrun fyrir þessa einstaklinga til að öðlast héraðsdómararéttindi.

Þingskjal nr. 20-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu

26. mars 2004

Þingskjal nr: 20-01

Tillaga um Reglugerð um Dómara nefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómara nefnd

11.2.3. sem héraðsdómarar öðlast menn með prófi, að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómara nefnd HSÍ eða í samvinnu við aðra, sem nefndin vísar til. Til þess að ná réttindum sem héraðsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómaraefni skal vera fullra 17 ára.

Dómaraefni skal standast þríþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt.

Dómaraefni þarf að gangast undir A grunnnámskeið fyrir þjálfara í handknattleik og standast þau próf sem þar eru gerðar kröfur um. Sá sem hefur staðist héraðsdómarapróf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í öllum aldursflokkum beggja kynja, öðrum en meistaraflokki og 2. flokki karla og kvenna, hvar sem er á landinu. Þó skulu héraðsdómararéttindi ekki gilda í leikjum í A-úrslitum og undanúrslitum í 3. flokki karla og kvenna.

Verður:

11.2.3. sem héraðsdómarar öðlast menn með prófi, að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómara nefnd HSÍ eða í samvinnu við aðra, sem nefndin vísar til. Til þess að ná réttindum sem héraðsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómaraefni skal vera 17 ára og **miða skal við almanaks árið**.

Dómaraefni skal standast þríþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt.

Sá sem hefur staðist héraðsdómarapróf, hefur réttindi til að dæma kappleiki í öllum aldursflokkum beggja kynja, öðrum en meistaraflokki og 2. flokki karla, hvar sem er á landinu. Þó skulu héraðsdómararéttindi ekki gilda í leikjum í A-úrslitum og undanúrslitum í 3. flokki karla og **unglingaflokki** kvenna.

Greinargerð: Hér eru gerðar breytingar til einföldunar þar sem ekki hefur verið hægt að framfylgja fyrri ákvæðum í reglugerðinni er varðaði þjálfaranámskeið. Felld eru út öll ákvæði er varðar að gangast undir þjálfaranámskeið. Aldurstakmörk eru breytt. Í stað þess að vera fullra 17. ára skal miðast við aldursárið en ekki afmælisdaginn. Það hefur sýnt sig að flestir sem sækja héraðsdómaranámskeið eru á 17. aldursári og hafa í flestum tilfellum þann þroska til að bera að verða héraðsdómarar og ætti ekki að setja hindrun fyrir þessa einstaklinga til að öðlast héraðsdómararéttindi.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 20-01 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 20-01 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004**

Pingskjal nr: 21-00

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.2.4. sem landsdómarar öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómaranefnd HSÍ og/eða í samvinnu við aðra sem nefndin vísar til. Til þess að ná réttindum sem landsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómaraefni skal vera fullra 20 ára og hafa héraðsdómararéttindi.

Dómaraefni skal standast þrjúþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt og skulu þessi próf vera í samræmi við EHF/IHF próf á hverjum tíma. Dómaraefni þarf að gangast undir B grunnnámskeið fyrir þjálfara í handknattleik og standast þau próf, sem þar eru gerðar kröfur um. Landsdómarar hafa réttindi til að dæma alla leiki á Íslandi aðra en þá sem þarf alþjóðaréttindi til og með eftirtöldum takmörkunum:

Hámarksaldur dómara í efstu deildum karla og kvenna, skal vera þegar dómari hefur náð 55 ára aldri. Eftir 55 ára aldri er náð hafa þeir rétt til að dæma í öðrum deildum og flokkum karla og kvenna, ef dómari hefur staðist þau próf, sem lögð eru fyrir af Dómaranefnd HSÍ á hverjum tíma.

Hámarksaldur eftirlitsmanna skal vera þegar eftirlitsmaður hefur náð 68 ára aldri. Miða skal við 1. ágúst á því ári sem tilnefning á sér stað.

Dómaranefnd getur veitt undanþágu frá þessum aldurstakmörkunum, standi sérstaklega á. Dómaranefnd HSÍ skal að teknu tilliti til niðurstöðu eftirlitsskýrslna og að viðhöfðu samráði við eftirlitsdómara raða 16 virkum landsdómarapörum í númeraröð. Skulu 8 bestu pörin tilheyra A hópi dómara. Dómarapör númer 9 til 16 skulu tilheyra B hópi dómara.

Öðrum dómurum skal ekki raða og skulu þeir tilheyra C hópi dómara. Niðurröðun þessi skal

fara fram tvisvar á ári, í upphafi keppnistímabils og um áramót.

Við niðurröðun dómara á leiki skal dómaranefnd fylgja eftirfarandi reglum:

1. Að öllu jöfnu skulu dómarapör í A hópi dæma leiki í deildar- og úrslitakeppni 1. deildar karla og kvenna, í 8 – 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og í 4 - 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
2. Dómarapör í B hópi skulu að öllu jöfnu dæma leiki í 2. deild karla, deildarkeppni 1. deildar kvenna, upp að 4. liða úrslitum í úrslitakeppni 1. deildar kvenna, upp að 8 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og upp að 4 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
3. Dómara úr C hópi má skipa á aðra leiki en hér voru taldir að framan.
4. Í undantekningartilfellum er dómaranefnd heimilt að beita frávikum frá lið 1 til 3 enda hafi dómaranefnd gilda ástæðu til.

Verður:

11.2.4. Réttindi sem landsdómarar öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómaranefnd HSÍ Til þess að ná réttindum sem landsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómaraefni skal vera fullra **19** ára og hafa héraðsdómararéttindi.

Dómaraefni skal standast þrjúþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt og skulu þessi próf vera í samræmi við EHF/IHF próf á hverjum tíma. Landsdómarar hafa réttindi til að dæma alla leiki á Íslandi aðra en þá sem þarf alþjóðaréttindi til og með eftirtöldum takmörkunum:

Hámarksaldur dómara í efstu deildum karla og kvenna, skal vera þegar dómari hefur náð 55 ára aldri. Eftir 55 ára aldri er náð hafa þeir rétt til að dæma í öðrum deildum og flokkum karla og kvenna, ef dómari hefur staðist þau próf, sem lögð eru fyrir af Dómaranefnd HSÍ á hverjum tíma.

Hámarksaldur eftirlitsmanna skal vera þegar eftirlitsmaður hefur náð 68 ára aldri.

Miða skal við 1. ágúst á því ári sem tilnefning á sér stað.

Dómaranefnd getur veitt undanþágu frá þessum aldurstakmörkunum, standi sérstaklega á.

Dómaranefnd HSÍ skal að teknu tilliti til niðurstöðu eftirlitsskýrslna og hæfni dómara í skriflegum- og þrekprófum, raða virkum landsdómarapörum í númeraröð. Skulu 8 bestu pörin tilheyra A hópi dómara. Dómarapör númer 9 til 16 skulu tilheyra B hópi dómara. Öðrum dómurum skal ekki raða og skulu þeir tilheyra C hópi dómara

Við niðurröðun dómara á leiki skal dómaranefnd fylgja eftirfarandi reglum:

1. Að öllu jöfnu skulu dómarapör í A hópi dæma leiki í deildar- og úrslitakeppni í efstu deildum mfl. karla og kvenna, í 8 – 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og í 4 - 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
2. Dómarapör í B hópi skulu að öllu jöfnu dæma leiki í öðrum deildum karla, og kvenna, upp að 4. liða úrslitum í úrslitakeppni 1. deildar kvenna, upp að 8 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og upp að 4 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
3. Dómara úr C hópi má skipa á aðra leiki en hér voru taldir að framan.
4. Í undantekningartilfellum er dómaranefnd heimilt að beita frávikum frá lið 1 til 3, enda hafi dómaranefnd gilda ástæðu til.

Greinargerð: Hér eru gerðar breytingar til einföldunar þar sem ekki hefur verið hægt að framfylgja fyrri ákvæðum í reglugerðinni er varðaði þjálfaranámskeið. Felld eru út öll ákvæði er varðar að gangast undir þjálfaranámskeið. Þá eru aldurstakmörk til að öðlast landsdómararéttindi lækkuð um 1 ár niður í 19 ár. Þetta er talið til bóta þar sem reynslan hefur verið að héraðsdómararafni hafa í flestum tilvikum verið á 17. ári og ætlast hefur verið til að þeir séu í 2 ár í dómgæslu áður en þeir öðlist landsdómararéttindin og einnig er að þegar mjög frambærilegir héraðsdómarar hafa sýnt þá færni að geta farið fyrr í landsdómarann ætti ekki að vera þar þröskuldur á með aldurstakmörkunum.

Þingskjali nr. 21-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 21-01**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSI, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.2.4. sem landsdómarar öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómaranefnd HSI og/eða í samvinnu við aðra sem nefndin vísar til. Til þess að ná réttindum sem landsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómarafni skal vera fullra 20 ára og hafa héraðsdómararéttindi.

Dómarafni skal standast þrjúþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt og skulu þessi próf vera í samræmi við EHF/IHF próf á hverjum tíma. Dómarafni þarf að gangast undir B grunnnámskeið fyrir þjálfara í handknattleik og standast þau próf, sem þar eru gerðar kröfur um. Landsdómarar hafa réttindi til að dæma alla leiki á Íslandi aðra en þá sem þarf alþjóðaréttindi til og með eftirtöldum takmörkunum:

Hámarksaldur dómara í efstu deildum karla og kvenna, skal vera þegar dómari hefur náð 55 ára aldri. Eftir 55 ára aldri er náð hafa þeir rétt til að dæma í öðrum deildum og flokkum karla og kvenna, ef dómari hefur staðist þau próf, sem lögð eru fyrir af Dómaranefnd HSI á hverjum tíma.

Hámarksaldur eftirlitsmanna skal vera þegar eftirlitsmaður hefur náð 68 ára aldri. Miða skal við 1. ágúst á því ári sem tilnefning á sér stað.

Dómaranefnd getur veitt undanþágu frá þessum aldurstakmörkunum, standi sérstaklega á. Dómaranefnd HSI skal að teknu tilliti til niðurstöðu eftirlitsskýrsla og að viðhöfðu samráði við eftirlitsdómara raða 16 virkum landsdómarapörum í númeraröð. Skulu 8 bestu pörin tilheyra A hópi dómara. Dómarapör númer 9 til 16 skulu tilheyra B hópi dómara.

Öðrum dómurum skal ekki raða og skulu þeir tilheyra C hópi dómara. Niðurröðun þessi skal

fara fram tvisvar á ári, í upphafi keppnistímabils og um áramót.

Við niðurröðun dómara á leiki skal dómaranefnd fylgja eftirfarandi reglum:

1. Að öllu jöfnu skulu dómarapör í A hópi dæma leiki í deildar- og úrslitakeppni 1. deildar karla og kvenna, í 8 – 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og í 4 - 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
2. Dómarapör í B hópi skulu að öllu jöfnu dæma leiki í 2. deild karla, deildarkeppni 1. deildar kvenna, upp að 4. liða úrslitum í úrslitakeppni 1. deildar kvenna, upp að 8 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og upp að 4 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
3. Dómara úr C hópi má skipa á aðra leiki en hér voru taldir að framan.
4. Í undantekningartilfellum er dómaranefnd heimilt að beita frávikum frá lið 1 til 3 enda hafi dómaranefnd gilda ástæðu til.

Verður:

11.2.4. Réttindi sem landsdómarar öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði, sem haldið er af dómara nefnd HSÍ Til þess að ná réttindum sem landsdómari skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

Dómaraefni skal **vera að minnsta kosti 19 ára á almanaksárinu** og hafa héraðsdómararéttindi.

Dómaraefni skal standast þrjúþætt próf, skriflegt, verklegt og líkamlegt og skulu þessi próf vera í samræmi við EHF/IHF próf á hverjum tíma. Landsdómarar hafa réttindi til að dæma alla leiki á Íslandi aðra en þá sem þarf alþjóðaréttindi til og með eftirtöldum takmörkunum:

Hámarksaldur dómara í efstu deildum karla og kvenna, skal vera þegar dómari hefur náð 55 ára aldri. Eftir 55 ára aldri er náð hafa þeir rétt til að dæma í öðrum deildum og flokkum karla og kvenna, ef dómari hefur staðist þau próf, sem lögð eru fyrir af Dómara nefnd HSÍ á hverjum tíma.

Hámarksaldur eftirlitsmanna skal vera þegar eftirlitsmaður hefur náð 68 ára aldri.

Miða skal við 1. ágúst á því ári sem tilnefning á sér stað.

Dómara nefnd getur veitt undanþágu frá þessum aldurstakmörkunum, standi sérstaklega á.

Dómara nefnd HSÍ skal að teknu tilliti til niðurstöðu eftirlitsskýrslna og hæfni dómara í skriflegum- og þrekprófum, raða virkum landsdómarapörum í númeraröð. Skulu 8 bestu pörin tilheyra A hópi dómara. Dómarapör númer 9 til 16 skulu tilheyra B hópi dómara. Öðrum dómurum skal ekki raða og skulu þeir tilheyra C hópi dómara

Við niðurröðun dómara á leiki skal dómara nefnd fylgja eftirfarandi reglum:

1. Að öllu jöfnu skulu dómarapör í A hópi dæma leiki í deildar- og úrslitakeppni í efstu deildum mfl. karla og kvenna, í 8 – 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og í 4 - 2 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
2. Dómarapör í B hópi skulu að öllu jöfnu dæma leiki í öðrum deildum karla, og kvenna, upp að 4. liða úrslitum í úrslitakeppni 1. deildar kvenna, upp að 8 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks karla og upp að 4 liða úrslitum bikarkeppni meistaraflokks kvenna.
3. Dómara úr C hópi má skipa á aðra leiki en hér voru taldir að framan.
4. Í undantekningartilfellum er dómara nefnd heimilt að beita frávikum frá lið 1 til 3, enda hafi dómara nefnd gilda ástæðu til.

Greinargerð: Hér eru gerðar breytingar til einföldunar þar sem ekki hefur verið hægt að framfylgja fyrri ákvæðum í reglugerðinni er varðaði þjálfaranámskeið. Felld eru út öll ákvæði er varðar að gangast undir þjálfaranámskeið. Þá eru aldurstakmörk til að öðlast landsdómararéttindi lækkuð um 1 ár niður í 19 ár. Þetta er talið til bóta þar sem reynslan hefur verið að héraðsdómararafni hafa í flestum tilvikum verið á 17. ári og ætlast hefur

verið til að þeir séu í 2 ár í dómgæslu áður en þeir öðlist landsdómararéttindin og einnig er að þegar mjög frambærilegir héraðsdómarar hafa sýnt þá færni að geta farið fyrir í landsdómarann ætti ekki að vera þar þröskuldur á með aldurstakmörkunum.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 21-01 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 21-01 samþykkt samhljóða



**47. Ársping HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 22-00**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.2.5. Dómaranefnd gefur út dómaraskírteini að afloknum prófum, og eru þau í gildi fram að næstu reglulegu endurnýjun.

Verður:

11.2.5. Dómaranefnd gefur út dómaraskírteini að afloknum **haustfundi**, prófum og **upprifjunarnámskeiðum** og eru þau í gildi fram að næstu reglulegri endurnýjun.

Greinargerð: Breyting gerð með tilliti til þess hvernig hægt er að framkvæma ákvæðið.

Þingskjali nr. 22-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 22-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 22-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 23-00**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSI, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.2.6. Dómaranefnd HSI ákveður hvaða dómara skuli tilnefna til EHF og IHF, sem milliríkjadómara og milliríkjadómaraefni. Skulu þeir sem tilnefndir eru uppfylla skilyrði EHF og IHF til tilnefningar. Dómaranefnd og HSI greiða ferða- og upphaldskostnað fyrir dómara sem fara á námskeið og í próf hjá EHF og IHF.

Verður:

11.2.6. Dómaranefnd HSI ákveður hvaða dómara skuli tilnefna til EHF og IHF, sem milliríkjadómara og milliríkjadómaraefni. Skulu þeir sem tilnefndir eru uppfylla skilyrði EHF og IHF til tilnefningar. **HSÍ greiðir allan kostnað vegna dómara skv. reglugerð EHF/IHF, eins og hún er á hverjum tíma.**

Greinargerð: Í reglugerðum EHF/IHF eru ákvæði um hvernig þessu skal háttáð. Breyting er varðar hver á að greiða ferða- og upphaldskostnað þar sem dómaranefnd hefur ekki sérstakan fjárhag þannig að greiðslur eru alltaf gerðar af HSI. Dómaranefnd er felld út sem greiðandi.

Þingskjali nr. 23-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 23-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 23-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 24-00**

11.2.8. Þau íþróttafélög sem tilkynna þátttöku í landsmótum og í bikarkeppni HSÍ, skulu tilkynna einn dómara til starfa fyrir hvern flokk sem tilkynntur er til keppni, nafn dómara, heimilisfang og símanúmer skal fylgja.

Um félagaskipti dómara skal gilda að dómara er heimilt að skipta um félag frá 1. júní – 1. september ár hvert og ber dómara að dæma fyrir það félag, sem hann er skráður í. Þó er dómara, sem skiptir um félag ekki heimilt að dæma hjá því félagi, sem hann gengur úr næstu 5 keppnistímabilin þar á eftir og hafi viðkomandi dómari eða einstaklingur gegnt stjórnarstörfum hjá því félagi, getur hann ekki dæmt hjá því félagi næstu 5 keppnistímabilin þar á eftir.

Verður:

11.2.8. Þau íþróttafélög sem tilkynna þátttöku í landsmótum og í bikarkeppni HSÍ, skulu tilkynna einn dómara til starfa fyrir hvern flokk sem tilkynntur er til keppni, nafn dómara, heimilisfang, **netfang** og símanúmer skal fylgja.

Um félagaskipti dómara skal gilda að dómara er heimilt að skipta um félag frá 1. júní – 1. september ár hvert og ber dómara að dæma fyrir það félag, sem hann er skráður í. Þó er dómara, sem skiptir um félag ekki heimilt að dæma hjá því félagi, sem hann gengur úr næstu 5 keppnistímabilin þar á eftir og hafi viðkomandi dómari eða einstaklingur gegnt stjórnarstörfum hjá því félagi, getur hann ekki dæmt hjá því félagi næstu 5 keppnistímabilin þar á eftir, **með þeirri undantekningu að milliríkjadómarar, EHF/IHF, eru undanþegnir félagaskyldu og geta dæmt hjá hvaða félagi sem er.**

Greinargerð: Hér eru gerðar þær breytingar að netfangi er bætt inn í sem hluta af þeim upplýsingastaðli er varðar hvern og einn. Þá er gerð sú breyting að milliríkjadómarar EHF/IHF verði undanþegnir félagaskyldu og geta dæmt hjá hvaða félagi sem er, ef svo ber undir. Líta verður á milliríkjadómara komna með það mikla reynslu og hæfni til að dæma hjá hverjum sem er og því ekki nauðsynlegt að þeir séu félagsskyldir nema þá í sínu eigin sambandi (HDSÍ).

Þingskjali nr. 24-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 24-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 24-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 25-00**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSI, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.2.11. Skyld er að hafa dómara með réttindi á öllum opinberum leikjum. Dómurum er ekki heimilt að dæma leiki þess félags þar sem þeir eru skráðir hjá í 1. deild karla og kvenna 2. deild karla, 2. flokki karla og unglingsflokki kvenna eða í 4. liða úrslitum yngri flokka. Dómarar í úrslitakeppni A- meistara 3. og 4. flokks karla og kvenna skulu vera með landsdómararéttindi. Dómaranefnd HSI raðar dómurum á alla leiki í 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla, 2. flokki karla, á undanúrslit og úrslitaleiki í 3. flokki karla og 4. flokki karla og kvenna bæði í Bikarkeppnin HSI og Íslandsmóti HSI. Dómarar skulu vera mættir á leikstað, á þá leiki sem dómaranefnd HSI raðar á, 30 mínútum áður en leikur á að hefjast.

Verður:

11.2.11. Skyld er að hafa dómara með réttindi á öllum opinberum leikjum. Dómurum er ekki heimilt að dæma leiki þess félags þar sem þeir eru skráðir hjá í efstu deildum mfl. karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. flokki karla eða í 4. liða úrslitum yngri flokka **með þeirri undantekningu sem getið er í 11.2.8.** Dómarar í úrslitakeppni A- meistara 3. flokks **karla og unglingsflokks kvenna** og 4. flokks karla og kvenna skulu vera með landsdómararéttindi. Dómaranefnd HSI raðar dómurum á alla leiki í **efstu deildum karla og kvenna**, 1. deild **mfl.** karla og kvenna 2. deild **mfl.** karla, 2. flokki karla, á undanúrslit og úrslitaleiki í 3. flokki karla, **unglingsflokki kvenna** og 4. flokki karla og kvenna bæði í Bikarkeppnin HSI og Íslandsmóti HSI. Dómarar skulu vera mættir á leikstað, á þá leiki sem dómaranefnd HSI raðar á, **45 mínútum** áður en leikur á að hefjast. **Viðkomandi heimalið skal hafa samband við dómaranefnd/starfsmann HSI ef dómarar eru ekki mættir 30 mínútum áður en leikur á að hefjast.**

Greinargerð: Hér gerð breyting með vísun til 11.2.8 er varðar milliríkjadómara. Breyting gerð á hvenær dómaranefnd raðar dómurum niður á leiki með tilliti hvernig mótamál skipast í dag. Þá er sett inn ákvæði um hvenær dómarar eiga að mæta til leiks og skyldu heimaliðs um að tilkynna ef dómarar eru ekki mættir til leikstaðar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 24-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingsforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Pingskjal nr: 26-00**

Tillaga um Reglugerð um Dómaranefnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Dómaranefnd

11.2.13. Hver aðili innan HSÍ skal ávallt hafa virka dómara innan sinna vébanda. Virkir dómarar teljast þeir sem hafa staðist próf á boðaða haustfundi dómara, sem Dómaranefnd HSÍ boðar til. Skylda hvers dómara, sem ætlar að dæma, er að mæta á boðaðan haustfund dómara. Að því loknu mun Dómaranefnd HSÍ gefa út dómaraskírteini því til staðfestingar og er það afhent á haustfundi dómara. Nefndarmenn Dómaranefndar HSÍ, stjórnarmenn HDSÍ, nefndarmenn Mótanefndar HSÍ og eftirlitsmenn Dómaranefndar teljast virkir dómarar og hafa frían aðgang að öllum leikjum í handknattleik, hvar sem er á landinu. Að öðru leiti er vísað í kafla 8 í Reglugerð HSÍ um fríkort.

Verður:

11.2.13. Hver aðili innan HSÍ skal ávallt hafa virka dómara innan sinna vébanda. Skylda hvers dómara er að mæta á haustfund sem dómaranefnd boðar til og eru félögin ábyrg fyrir því að dómarar mæti. Virkir dómarar teljast þeir sem hafa mætt á haustfundinn. Að loknum haustfundi mun dómaranefnd HSÍ gefa út dómaraskírteini, því til staðfestingar.

Nefndarmenn dómaranefndar HSÍ, stjórnarmenn HDSÍ, nefndarmenn mótanefndar HSÍ og eftirlitsmenn dómaranefndar og heiðursfélagar HDSÍ, sem hlotið hafa dómararéttindi, teljast virkir dómarar og hafa frían aðgang að öllum leikjum í handknattleik, hvar sem er á landinu.

Greinargerð: Greinin er umorðuð og bætt inn í að félögin séu ábyrg fyrir því að þeirra dómarar mæti á boðaða haustfundi sem dómaranefnd boðar til. Þá gerð breyting á afhendingu dómaraskírteina með tilliti til þess sem raunhæft er. Heiðursfélögum HDSÍ sem hlotið hafa dómararéttindi er bætt inn í sem virkum dómurum. Þetta eru einstaklingar sem hafa lagt mikið af mörkum fyrir hreyfinguna.

Pingskjali nr. 26-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 26-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 26-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 27-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.2.13.

.....

D. Þegar flokkur mætir ekki í einn leik og hefur ekki löglega ástæðu fyrir því að mati mótanefndar HSÍ, skal félagið sektað um kr. 15.000, en liðið má halda áfram keppni

VERÐUR

D. Þegar *lið* mætir ekki í einn leik og hefur ekki löglega ástæðu fyrir því að mati mótanefndar HSÍ, skal félagið sektað um kr. 15.000, en liðið má halda áfram keppni.

Greinargerð: Orðalagsbreyting

Þingskjali nr. 27-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 27-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 27-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 28-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.2.14. Mæti lið ekki til leiks í móti þar sem leikið er heima og heiman samkvæmt mótaskrá HSÍ, og hefur að mati mótanefndar ekki löglega ástæðu, skal lið í meistaraflokki greiða kr. 250.000 í sekt til HSÍ, en lið í yngri flokkum kr. 100.000. Auk sektar skal heimaliði greiddur sannanlega útlagður kostanaður vegna undirbúnings leiks.

VERÐUR

2.2.14. Mæti lið ekki til leiks í móti þar sem leikið er heima og heiman samkvæmt mótaskrá HSÍ, og hefur að mati mótanefndar ekki löglega ástæðu, skal lið í meistaraflokki greiða kr. 250.000 í sekt til HSÍ, en lið í yngri flokkum kr. 100.000. *Auk þess skal það lið sem mætir ekki greiða hinu liðinu sannanlega útlagðan kostnað vegna undirbúnings leiksins.*

Greinargerð: Í núverandi ákvæði skortir vernd fyrir útilið ef heimalið mætir ekki og er hér verið að bæta úr því.

Þingskjal nr. 28-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 28-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 28-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 29-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.2.18. – e-liður

e) Dæmist leikur liði tapaður, skal mótherjinn hljóta bæði stigin og vinna leikinn með markatölunni 10:0. Dæmist báðum liðum leikur tapaður falla stig niður og bæði lið tapa leiknum með markatölunni 10:0. Framanritað gildir í leikjum þar, sem leiktími er 2x20 mín. eða lengri. Í leikjum þar, sem leiktími er styttri en 2x20 mín. kemur markatalan 5:0 í stað 10:0.

VERÐUR

e) Dæmist leikur liði tapaður, skal mótherjinn hljóta bæði stigin og vinna leikinn með markatölunni 10:0. Dæmist báðum liðum leikur tapaður falla stig niður og bæði lið tapa leiknum með markatölunni 10:0. Framanritað gildir í leikjum þar, sem leiktími er 2x20 mín. eða lengri. Í leikjum þar, sem leiktími er styttri en 2x20 mín. kemur markatalan 5:0 í stað 10:0. *Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti, getur ekki flust í næstu deild og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð efstu eða neðstu liða. Viðkomandi leikur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem ekki mætti til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum.*

Greinargerð: Nauðsynleg viðbót við ákvæðið. Óeðlilegt þykir að markatala geti ráðið úrslitum um sigurvegara eða fall þegar leikur er ekki spilaður.

Þingskjal nr. 29-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 29-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 29-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 30-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

Bæta við nýjum lið við 2.2.18

h) Ef lið hættir þátttöku í móti eftir upphaf þess eða er vikið úr því skal það tapa áunnum stigum, og skulu þannig leikir sem það hefur leikið fram að þeim tíma ekki teljast með í mótinu.

Greinargerð: Hér er átt við bæði stig og markatölu. Að gefnu tilefni er hér verið að áréttta það sem við hefur hafst undanfarin ár.

Þingskjal nr. 30-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 30-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 30-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 31-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.2. Hámarkssamningstími A samninga er 3 ár, en þó skal A samningur ávallt renna út a.m.k. 2 mánuðum fyrir lok félagaskiptatímabils, árið, sem samningi lýkur, sbr. gr. 3.1.5. enda þótt samningstímabilið hafi þá staðið skemur en 3 ár.

B samningar geta aldrei verið lengri en til 12 mánaða.

VERÐUR

3.1.2. Hámarkssamningstími A samninga er 3 ár, en þó skal A samningur ávallt renna út *á tímabilinu 15. maí – 30 júní* árið sem samningi lýkur, enda þótt samningstímabilið hafi þá staðið skemur en 3 ár.

B samningar geta aldrei verið lengri en til 12 mánaða *og skulu þeir ávallt renna út á tímabilinu 15. maí – 30. júní, enda þótt samningurinn hafi þá staðið skemur en 12 mánuði.*

Greinargerð: Nauðsynlegt er að allir samningar renni út á ákveðnu tímabili, því óeðlilegt er að gera samninga við menn sem renna út þegar félagsskiptatímabili er lokið.

Þingskjal nr. 31-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 31-01**

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.2. Hámarkssamningstími A samninga er 3 ár, en þó skal A samningur ávallt renna út a.m.k. 2 mánuðum fyrir lok félagaskiptatímabils, árið, sem samningi lýkur, sbr. gr. 3.1.5. enda þótt samningstímabilið hafi þá staðið skemur en 3 ár.

B samningar geta aldrei verið lengri en til 12 mánaða.

VERÐUR

3.1.2. Hámarkssamningstími A samninga er 3 ár, en þó skal A samningur ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30 júní árið sem samningi lýkur, enda þótt samningstímabilið hafi þá staðið skemur en 3 ár.

B samningar geta aldrei verið lengri en til 12 mánaða *og skulu þeir ávallt renna út á tímabilinu 1. júní – 30. júní, enda þótt samningurinn hafi þá staðið skemur en 12 mánuði.*

Grein þessi skal ekki hafa afturvirk áhrif og hefur hún því ekki áhrif á samninga dagsetta fyrir 26.mars 2004.

Greinargerð: Nauðsynlegt er að allir samningar renni út á ákveðnu tímabili, því óeðlilegt er að gera samninga við menn sem renna út þegar félagsskiptatímabili er lokið.

Bergþóra Sigmundsdóttir, fulltrúi laga- og reglunefndar, lagði til að þetta þingskjal yrði samþykkt með eftirfarandi breytingum: í stað 15.maí kæmi 1.júní þar sem það kemur fyrri og að grein þessi hafi ekki afturvirk áhrif.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 31-01 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 32-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.5. Heimilt er að skipta í 1. og 2. deildar félag á tímabilinu frá 1.júní til 1. nóvember ár hvert.

Leikmenn, íslenskir ríkisborgarar, sem leika með erlendum félagsliðum, geta þó skipt um félag til 1.febrúar.

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áður nefndra tímamarka.

13 VERÐUR

3.1.5. *Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1.júní til 1. nóvember ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 15 ára sem ekki leika með meistaraflokki.*

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áður nefndra tímamarka.

Greinargerð: Til einföldunar var 2.m.gr. felld út og út frá jafnréttissjónarmiðum gildir sama um íslenska og erlenda ríkisborgara. Reglan um 15 ára og eldri var ekki til áður og er hér verið að bæta úr því.

Þingskjal nr. 32-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Bergþóra Sigmundsdóttir, fulltrúi Laga- og reglunefndar lagði fram að fjallað yrði um þingskjal 32-00 til og með 36-00 saman þar sem annað hvort eru þau öll samþykkt eða ekkert af þeim. Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 32-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Pétur Vilberg Guðnason, Haukar, sagði að það sem sér fyndist athugavert við þessa tillögu væri að hér væri verið að spila handknattleik á Íslandi og því þyrfti að hugsa um hag íslenskra leikmanna fyrst og fremst. Hann benti á að þó svo að sambandið væri að fara á svig við reglur ESB þá sé reglugerðin einsog hún er nú áður en þessi tillagan verður samþykkt að gefa leikmönnum í erlendum liðum sem lenda í því óláni að komast ekki að tækifæri á að spila á Íslandi. Hann tók sem dæmi ef að Ólafur Stefánsson, einn besti handboltamaður heims, myndi lenda í þeirri stöðu að komast ekki að hjá sínu liði þá gæti hann lenti í því að spila ekki handbolta frá jólum fram á haust. Hann benti á að þetta þyrftu menn að íhuga vel áður en ákvörðun væri tekinn.

Þingforseti þakkaði Pétri Vilberg fyrir.

EKKI VILDU FLEIRI TAKA TIL MÁLS UM ÞESSA TILLÖGU, ÞINGFORSETI LOKAÐI FYRIR MÆLENDASKRÁ OG GENGIÐ VAR TIL ATKVÆÐA.

Þingskjal nr. 32-00 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 33-00**

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflaga því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svári félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg.

HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna erlendra leikmanna, sem leikið hafa erlendis síðasta keppnistímabil, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag október. Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir erlenda leikmenn.

13.1 VERÐUR

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflega því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svári félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg. HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna leikmanna *er síðast léku með erlendu félagsliði*, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag október. Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir leikmenn *er síðast léku með erlendu félagsliði*.

Greinargerð: Allir leikmenn, bæði íslenskir og erlendir eru hér settir undir sömu skilyrði og er það áréttað að íslenskir leikmenn sem eru að koma heim, þurfa að ganga frá sínum málum fyrir kl.12 á hádegi síðasta virka dag í október.

Þingskjal nr. 33-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 33-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 33-00 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu**

26.mars 2004

Þingskjal nr: 34-00

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.10. Greiðsla til HSÍ fyrir félagaskipti skal vera kr. 6.600.- milli félaga innanlands, nema greiðsla fyrir erlenda ríkisborgara, sem skal vera kr. 28.000.-. Greiðsla milli landa skal vera kr. 28.000.-. Greiðsla þessi skal breytast á milli ára skv. vísitölu neysluverðs, og er miðað við 223,9 vísitölustig, 1.jan. 2003, sem grunnvísitölu. Gjaldskrá skal miðast við stig vísitölu pr. 1. júlí ár hvert.

13.1.1 VERÐUR

3.1.10. Greiðsla til HSÍ fyrir félagaskipti skal vera kr. 6.600.- milli félaga innanlands. Greiðsla milli landa skal vera kr. 28.000.-. Greiðsla þessi skal breytast á milli ára skv. vísitölu neysluverðs, og er miðað við 223,9 vísitölustig, 1.jan. 2003, sem grunnvísitölu. Gjaldskrá skal miðast við stig vísitölu pr. 1. júlí ár hvert.

Greinargerð: Tekið er á mismunum á milli íslenskra og erlendra leikmanna.

Þingskjal nr. 34-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 34-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 34 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu**

26.mars 2004

Þingskjal nr: 35-00

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.13. HSÍ er ekki heimilt að veita erlendum leikmanni keppnisleyfi, nema félag það, sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við HSÍ. Miða skal við skuldastöðu 1. september ár hvert.

VERÐUR

3.1.13. HSÍ er ekki heimilt að veita leikmanni *er síðast lék með erlendu félagsliði* keppnisleyfi, nema félag það, sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við HSÍ. Miða skal við skuldastöðu 1. september ár hvert.

Greinargerð: Tekið er á mismunum á milli íslenskra og erlendra leikmanna.

Þingskjal nr. 35-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 35-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 35-00 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26. mars 2004 Þingskjal nr: 36-00

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

- 3.3.1.** Leikmaður, íslenskur ríkisborgari, sem óskar eftir að leika með erlendu félagi, þarf til þess heimild stjórnar HSÍ og félags þess sem hann hefur leikið með hér á landi. HSÍ áskilur sér rétt til að kalla íslenska leikmenn sem leika erlendis sem og innanlands til landsleikja/landsliðs-undirbúnings í minnst 30 daga á hverju leikári, sbr. reglur IHF og EHF. (Hið erlenda félag skal bera þann kostnað (ferðakostnað og vinnutap) sem hlýst af landsliðsþátttöku leikmannsins skv. sérstökum samningi HSÍ og félagsins þar að lútandi).
- 3.3.2.** Íslenskir leikmenn sem leika með erlendum liðum, mega ekki skipta um félag erlendis, né heldur á milli erlendra sambanda, nema með heimild stjórnar HSÍ. Fara skal eftir reglum IHF og EHF í þessu sambandi.
- 3.3.3.** Leikmaður, erlendur ríkisborgari, sem óskar eftir félagaskiptum úr íslensku félagi, skal fá samþykki HSÍ og félagsins sbr. ofanritað. Standi leikmaðurinn ekki við gerða samninga við félag sitt, skal HSÍ beita þeim viðurlögum sem reglur IHF og EHF segja til um.

VERÐUR

3.3.1. Leikmaður, sem óskar eftir að leika með erlendu félagi, þarf til þess heimild stjórnar HSÍ og félags þess sem hann hefur leikið með hér á landi. HSÍ áskilur sér rétt til að kalla íslenska leikmenn sem leika erlendis sem og innanlands til landsleikja/landsliðs-undirbúnings í minnst 30 daga á hverju leikári, sbr. reglur IHF og EHF. (Hið erlenda félag skal bera þann kostnað (ferðakostnað og vinnutap) sem hlýst af landsliðspáttöku leikmannsins skv. sérstökum samningi HSÍ og félagsins þar að lútandi). ***Standi leikmaðurinn ekki við gerða samninga við félag sitt, skal HSÍ beita þeim viðurlögum sem reglur IHF og EHF segja til um.***

OG

Greinar 3.3.2 og 3.3.3. falli út.

Greinargerð: Þetta einfaldar málið og tekur út þennan mismunun á ísl. og erlendum leikmönnum.

Þingskjal nr. 36-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 36-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 36-00 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26.mars 2004 Þingskjal nr: 37-00

Tillaga um Reglugerð vegna kjörs handknattleiksmanns ársins
Flutningsaðili: HSÍ

20.15. Sérákvæði um framkvæmdarnefnd

Framkvæmdanefnd skal sjá um kjör “ Handknattleiksmaður ársins”. Hún skal skipuð þremur fulltrúum félaga sem eiga lið í 1. deild og einum fulltrúa frá stjórn HSÍ. Fulltrúar 1. deildar félaganna skulu kosnir á haustin á fundi sem HSÍ boðar til með minnst viku

fyrirvara, í síðasta lagi 30 október. Stjórn HSÍ tilnefnir fulltrúa HSÍ í nefndina og skal hann vera formaður hennar og kalla hana saman.

VERÐUR

20.15. Sérákvæði um framkvæmdarnefnd

Framkvæmdanefnd skal sjá um kjör “ Handknattleiksmaður ársins”. Hún skal skipuð þremur fulltrúum félaga sem eiga lið í **efstu deildum karla og kvenna** og einum fulltrúa frá stjórn HSÍ. Fulltrúar **efstu deildar** félaganna skulu kosnir á haustin á fundi sem HSÍ boðar til með minnst viku fyrirvara, í síðasta lagi 30 október. Stjórn HSÍ tilnefnir fulltrúa HSÍ í nefndina og skal hann vera formaður hennar og kalla hana saman.

Greinargerð: Orðalagsbreyting vegna breytts mótafyrirkomulags.

Þingskjal nr. 31-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 30-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 37-00 samþykkt samhljóða



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26. mars 2004 Þingskjal nr: 38-00

Tillaga um Reglugerð um Leiki í 1.deild karla og kvenna og 2.deild karla og kvenna
Flutningsaðili: HSÍ

Leikir í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla og kvenna

Almennt.

Á leikdag skal flagga utanhúss með íslenska fánanum (gæta skal þess að fánareglur séu hafðar í heiðri) og félagsfánanum viðkomandi liða. Frá þeim tíma, sem keppnislið, starfsmenn þeirra og dómara koma í hús og þar til þeir yfirgefa það, skulu starfsmenn gæta öryggis þeirra og að þeir verði ekki fyrir ónæði af

utanaðkomandi. Sérstaklega skal gæta þess að enginn utanaðkomandi fái aðgang að búningsherbergjum leikmanna og dómara allan tímann, sem þeir eru á staðnum. Aðkoma fyrir sjúkrabíl skal alltaf vera greið að keppnisstað og sjúkrabörur til taks hjá húsverði. Æskilegt er að a.m.k. einn starfsmaður sé þjálfaður í hjálp í viðlögum. Starfsmenn á keppnisstað skulu vera sérstaklega auðgreindir þannig að allir geti séð að um starfsmann er að ræða. Meðan á leik stendur skulu a.m.k. tveir starfsmenn vera tilbúnir með þvegla til að þurrka svita og bleytu af leikvelli þegar dómarar gefa merki um það.

...

Aðrir leikir.

Um aðra leiki gilda að mestu sömu reglur og um leiki í 1. og 2. deild karla og kvenna. Ljóst er þó, að þar sem fáir eða engir áhorfendur eru, þurfa öryggisreglur ekki að vera eins strangar. Varðandi upphitun þá þarf að tryggja liðum aðstöðu til upphitunar a.m.k. 20 mín fyrir leik og þar af a.m.k. 5 mín á keppnisvelli. Önnur tímamörk ráðast af aðstæðum hverju sinni.

Keppnislið skulu ávallt ganga saman að miðju leikvallar fyrir leik og heilsast. Framkvæmdaaðilar/umsjónarmenn túrninga skulu sjá um að senda leikskýrslur á skrifstofu HSÍ strax fyrsta virka dag eftir að leik lýkur.

VERÐUR

Leikir í Úrvalsdeild deild karla og 1. deild karla og kvenna

Almennt.

Á leikdag skal flagga utanhúss með íslenska fánanum (gæta skal þess að fánareglur séu hafðar í heiðri) og félagsfánanum viðkomandi liða. Frá þeim tíma, sem keppnislið, starfsmenn þeirra og dómarar koma í hús og þar til þeir yfirgefa það, skulu starfsmenn gæta öryggis þeirra og að þeir verði ekki fyrir ónæði af utanaðkomandi. Sérstaklega skal gæta þess að enginn utanaðkomandi fái aðgang að búningsherbergjum leikmanna og dómara allan tímann, sem þeir eru á staðnum. Aðkoma fyrir sjúkrabíl skal alltaf vera greið að keppnisstað og sjúkrabörur til taks hjá húsverði. Æskilegt er að a.m.k. einn starfsmaður sé þjálfaður í hjálp í viðlögum. Starfsmenn á keppnisstað skulu vera sérstaklega auðgreindir þannig að allir geti séð að um starfsmann er að ræða. Meðan á leik stendur skulu a.m.k. tveir starfsmenn vera tilbúnir með þvegla til að þurrka svita og bleytu af leikvelli þegar dómarar gefa merki um það.

...

Aðrir leikir.

Um aðra leiki gilda að mestu sömu reglur og um leiki í **Úrvalsdeild karla og 1. deild karla og kvenna**. Ljóst er þó, að þar sem fáir eða engir áhorfendur eru, þurfa öryggisreglur ekki að vera eins strangar. Varðandi upphitun þá þarf að tryggja liðum aðstöðu til upphitunar a.m.k. 20 mín fyrir leik og þar af a.m.k. 5 mín á keppnisvelli. Önnur tímamörk ráðast af aðstæðum hverju sinni.

Keppnislið skulu ávallt ganga saman að miðju leikvallar fyrir leik og heilsast. Framkvæmdaaðilar/umsjónarmenn túrneringa skulu sjá um að senda leikskýrslur á skrifstofu HSÍ strax fyrsta virka dag eftir að leik lýkur.

Greinargerð: Orðalagsbreyting vegna breytts mótafyrirkomulags.

Þingskjal nr. 38-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26. mars 2004 Þingskjal nr: 38-01

Tillaga um Reglugerð um Leiki í 1.deild karla og kvenna og 2.deild karla og kvenna
Flutningsaðili: HSÍ

Leikir í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla og kvenna

Almennt.

Á leikdag skal flagga utanhúss með íslenska fánanum (gæta skal þess að fánareglur séu hafðar í heiðri) og félagsfánanum viðkomandi liða. Frá þeim tíma, sem keppnislið, starfsmenn þeirra og dómara koma í hús og þar til þeir yfirgefa það, skulu starfsmenn gæta öryggis þeirra og að þeir verði ekki fyrir ónæði af utanaðkomandi. Sérstaklega skal gæta þess að enginn utanaðkomandi fái aðgang að búningsherbergjum leikmanna og dómara allan tímann, sem þeir eru á

staðnum. Aðkoma fyrir sjúkrabíl skal alltaf vera greið að keppnisstað og sjúkrabörur til taks hjá húsverði. Æskilegt er að a.m.k. einn starfsmaður sé þjálfaður í hjálp í viðlögum. Starfsmenn á keppnisstað skulu vera sérstaklega auðgreindir þannig að allir geti séð að um starfsmann er að ræða. Meðan á leik stendur skulu a.m.k. tveir starfsmenn vera tilbúnir með þvegla til að þurrka svita og bleytu af leikvelli þegar dómarar gefa merki um það.

...

Aðrir leikir.

Um aðra leiki gilda að mestu sömu reglur og um leiki í 1. og 2. deild karla og kvenna. Ljóst er þó, að þar sem fáir eða engir áhorfendur eru, þurfa öryggisreglur ekki að vera eins strangar. Varðandi upphitun þá þarf að tryggja liðum aðstöðu til upphitunar a.m.k. 20 mín fyrir leik og þar af a.m.k. 5 mín á keppnisvelli. Önnur tímamörk ráðast af aðstæðum hverju sinni.

Keppnislið skulu ávallt ganga saman að miðju leikvallar fyrir leik og heilsast. Framkvæmdaaðilar/umsjónarmenn túrneringa skulu sjá um að senda leikskýrslur á skrifstofu HSÍ strax fyrsta virka dag eftir að leik lýkur.

VERÐUR

Leikir í Úrvalsdeild deild karla og 1. deild karla og kvenna

Almennt.

Á leikdag skal flagga utanhúss með íslenska fánanum (gæta skal þess að fánareglur séu hafðar í heiðri) og félagsfánanum viðkomandi liða. Frá þeim tíma, sem keppnislið, starfsmenn þeirra og dómarar koma í hús og þar til þeir yfirgefa það, skulu starfsmenn gæta öryggis þeirra og að þeir verði ekki fyrir ónæði af utanaðkomandi. Sérstaklega skal gæta þess að enginn utanaðkomandi fái aðgang að búningsherbergjum leikmanna og dómara allan tímann, sem þeir eru á staðnum. Aðkoma fyrir sjúkrabíl skal alltaf vera greið að keppnisstað og sjúkrabörur til taks hjá húsverði. Æskilegt er að a.m.k. einn starfsmaður sé þjálfaður í hjálp í viðlögum. Starfsmenn á keppnisstað skulu vera sérstaklega auðgreindir þannig að allir geti séð að um starfsmann er að ræða. Meðan á leik stendur skulu a.m.k. tveir starfsmenn vera tilbúnir með þvegla til að þurrka svita og bleytu af leikvelli þegar dómarar gefa merki um það.

...

Aðrir leikir.

Um aðra leiki gilda að mestu sömu reglur og um leiki í **Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna**. Ljóst er þó, að þar sem fáir eða engir áhorfendur eru, þurfa öryggisreglur ekki að vera eins strangar. Varðandi upphitun þá þarf að tryggja liðum aðstöðu til upphitunar a.m.k. 20 mín fyrir leik og þar af a.m.k. 5 mín á keppnisvelli. Önnur tímamörk ráðast af aðstæðum hverju sinni.

Keppnislið skulu ávallt ganga saman að miðju leikvallar fyrir leik og heilsast. Framkvæmdaaðilar/umsjónarmenn túrneringa skulu sjá um að senda leikskýrslur á skrifstofu HSÍ strax fyrsta virka dag eftir að leik lýkur.

Greinargerð: Orðalagsbreyting vegna breytts mótafyrirkomulags.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 38-01 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 38-01 samþykkt samhljóða



**47. Árspaning HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 39**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

2.2.17. Farist kappleikur fyrir, eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag, sem fær þykir.

VERÐUR

2.2.17. Farist kappleikur fyrir, eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, **skal mótanefnd taka ákvörðun um hvenær leikur skal fara fram.**

Greinargerð: Eðlilegt er að það sé mótanefnd sem tekur ákvörðun um það hvenær leikir sem er frestað fara fram.

Þingskjal nr. 39-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 39-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 39-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 40**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Millipinganevnd um keppnisfyrirkomulag

4. Reglugerð HSÍ um Íslandsmót

4.1. Almenn atriði.

4.1.1. Árlega skal efna til Íslandsmóts í handknattleik innanhúss og ákveður stjórn HSÍ hvar og hvenær það skuli fara fram. Mótanefnd skal skila mótum frá HSÍ 1. september til félaganna. Félögin hafa viku til að gera athugasemdir og koma með tillögur til breytinga á mótunum. Komi ekki athugasemdir frá félögunum innan þessarar viku, skoðast mótið samþykkt. Sambandsaðilar annast framkvæmd leikja hver í sínu héraði í samráði við mótanefnd HSÍ.

4.1.2. Keppni skal fara fram í eftirtöldum flokkum:

Meistarafll. karla og kvenna, A og B liðum

1.flokki karla og kvenna, A og B liðum

2.flokki karla, A og B liðum.

Unglingaflokki kvenna, A og B liðum.

3.flokki karla, A og B liðum.

4.flokki karla og kvenna, A og B liðum.

4.1.3. Breytingar á þátttöku í Íslandsmóti skal tilkynna eigi síðar en á fyrra degi ársþings HSÍ og skal jafnframt gengið frá greiðslu þáttökugjalda.

4.1.4. Þáttökugjöld:

1. deild karla kr. 50.000,-

1. deild kvenna kr. 30.000,-

Utandeild karla kr. 15.000,- (áður 2. og 3. deild)

2. deild kvenna kr. 15.000,-

Mfl. B-lið kr. 15.000,-

1. fl. Karla kr. 15.000,-

2. fl. Karla kr. 10.000,-

Ungl.fl kvenna kr. 10.000,-

3. fl. Karla kr. 10.000,-

4. fl. Karla kr. 2.750,-

4. fl. Kvenna kr. 2.750,-

Bikar mfl. Karla kr. 7.000,-

Bikar mfl. Kvennagr. 7.000,-

Þáttökugjöld vegna Bikarkeppni karla og kvenna skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna könnunar á áhorfi og áhuga á handknattleik og er stjórn HSÍ falið að annast framkvæmd áhorfskönnunar. Ekki skal innheimt þáttökugjald vegna bikarkeppni yngri flokka (2. fl. til og með 4. fl. karla og kvenna).

4.1.5. Einungis félögum, sem skuldlaus eru við HSÍ, er heimilt að senda inn þátttökutilkynningar. Eigi skal keppt í Íslandsmóti í aldursflokki þar sem færri en 4 lið tilkynna þátttöku.

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildarskipting skal vera eftirfarandi í meistarafl.karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. Töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 11-16 lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.
- c) 17-22 lið, riðlakeppni, ein deild, sjá 4.2.2.
- d) 23 eða fleiri. 2 deildir.

4.2.1.2. Forkeppni.

Í efstu deild karla er fyrst leikin forkeppni í tveimur riðlum, norður- og suðurriðli. Í forkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Í norðurriðil raðast lið af Norður-, Vesturlandi og Vestfjörðum. Í suðurriðil raðast lið af Suður- og Austurlandi. Að öðru leiti raðast lið eftir árangri síðasta tímabils, þannig að efsta liðið raðast í annan riðilinn, næst efsta liðið í hinn og þannig koll af kolli. Skal hlutkesti ráða í hvorum riðli efsta lið leikur. Úrslit innbyrðis leikja úr forkeppni fylgja liðum í deildarkeppnina.

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Sú röðun sem myndast eftir deildarkeppnina, ræður röðun í riðla við upphaf næsta tímabils á þann hátt sem lýst er að ofan. (4.2.1.2.)

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. Auk þess fer það lið sem er í fyrsta sæti fyrstu deildar beint í úrslitakeppnina. Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um sjöunda sætið í úrslitakeppninni. Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fá seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

- a) Markamismunur

- b) Fleiri skoruð mörk í útileik
- c) Vítakeppni

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Félögin eru ábyrg fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara með liðum, í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun. Dómarar skulu ávallt ferðast með útiliðinu á áfangastað.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF keppni) en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.4. Úrslitakeppnin

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratitil og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 8.sæti, 2. sæti gegn 7.sæti, 3.sæti gegn 6.sæti og 4.sæti gegn 5.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Að lokinni fyrstu umferð útsláttarkeppni standa eftir 4 lið. Enn verður leikið þar til annað lið hefur sigrað úr tveimur leikjum og munu nú leika saman sigurvegari úr leik 1-8 gegn sigurvegara úr leik 4-5. Á sama hátt munu leika saman sigurvegarar úr leik 2-7 gegn sigurvegara úr leik 3-6.

4.2.1.8. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum. Það lið sem vinnur 3 leiki er Íslandsmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

4.2.1.9. Liðið í 2.sæti í úrslitakeppninni skal öðlast rétt til þátttöku í Borgarkeppni Evrópu, ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða eða Evrópukeppni Bikarmeistara, skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Borgarkeppni Evrópu.

4.2.2. Keppni í 2. og 3. deild:

4.2.2.1. 2. og 3. deild, leikið skal þannig eftir fjölda liða:

5-6 lið 4 umferðir

7-9 lið 3 umferðir

10-16 lið 2 umferðir.

4.2.2.2. Tvö efstu lið hvernar deildar skulu færast í næstu deild fyrir ofan, undantekning 1. deild.

4.2.2.3. Félag skal aldrei færast í efri deild á markamun. Komi til þess að tvö lið eru jöfn að stigum og annað verðandi efri deildar sæti, skulu liðin leika um sæti í efri deild og það lið sem fyrr vinnur tvo leiki færast í efri deild. Tekjuskipting skal vera sú sama og í úrslitakeppni 1. deildar.

4.2.2.4. Tvö neðstu lið hvernar deildar skulu falla í næstu deild fyrir neðan, undantekning neðsta deild. Félag skal aldrei falla í neðri.

VERÐUR

4. Reglugerð HSÍ um Íslandsmót

4.1. Almenn atriði.

4.1.1. Árlega skal efna til Íslandsmóts í handknattleik innanhúss og ákveður stjórn HSÍ hvar og hvenær það skuli fara fram. Mótanefnd skal skila mótum frá HSÍ 1.september til félaganna. Félögin hafa viku til að gera athugasemdir og koma með tillögur til breytinga á mótunum. Komi ekki athugasemdir frá félögunum innan þessarar viku, skoðast mótið samþykkt. Sambandsaðilar annast framkvæmd leikja hver í sínu héraði í samráði við mótanefnd HSÍ.

4.1.2. Keppni skal fara fram í eftirtöldum flokkum:

Meistarafll. karla og kvenna,	A og B liðum
1.flokki karla og kvenna,	A og B liðum
2.flokki karla,	A og B liðum.

3.flokki karla, A og B liðum.
Unglingaflokki kvenna, A og B liðum.

4.flokki karla og kvenna, A og B liðum.

4.1.3. Breytingar á þátttöku í Íslandsmóti skal tilkynna eigi síðar en á *fyrri degi ársþings HSÍ* og skal jafnframt gengið frá greiðslu þátttökugjalda.

4.1.4. Þátttökugjöld:

Efstadeild karla kr. 50.000,-

Efsta deild kvenna kr. 30.000,-

Utandeild karla kr. 15.000,- (áður 2. og 3. deild)

2. deild kvenna kr. 15.000,-

Mfl. B-lið kr. 15.000,-

1.fl.karla kr. 15.000,-

2. fl. karla kr. 10.000,-

Ungl.fl kvenna kr. 10.000,-

3. fl. karla kr. 10.000,-

4. fl. karla kr. 2.750,-

4. fl. kvenna kr. 2.750,-

Bikar mfl. karla kr. 7.000,-

Bikar mfl. kvenna kr. 7.000,-

Þátttökugjöld vegna Bikarkeppni karla og kvenna skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna könnunar á áhorfi og áhuga á handknattleik og er stjórn HSÍ falið að annast framkvæmd áhorfskönnunnar. Ekki skal innheimt þátttökugjald vegna bikarkeppni yngri flokka (2. fl. karla og kvenna til og með 4. fl.karla og kvenna).

4.1.5. Einungis félögum, sem skuldlaus eru við HSÍ, er heimilt að senda inn þátttökutilkynningar. Eigi skal keppt í Íslandsmóti í aldursflokki þar sem færri en 4 lið tilkynna þátttöku.

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistarafll.karla og kvenna

a) **8 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.**

b) **9-12 lið, ein deild, 2 umferðir.**

c) **13 og fleiri lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.**

4.2.1.2. Forkeppni.

Í efstu deild karla er fyrst leikin forkeppni í tveimur riðlum, norður- og suðurriðli. Í forkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Í norðurriðil raðast lið af Norður-, Vesturlandi og Vestfjörðum. Í suðurriðil raðast lið af Suður- og Austurlandi. Að öðru leiti raðast lið eftir árangri síðasta tímabils, þannig að efsta liðið raðast í annan riðilinn, næst efsta liðið í hinn og þannig koll af kalli. Skal hlutkesti ráða í hvorum riðli efsta lið leikur.

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. **Innbirgðis leikir (stig og markatala) þeirra liða sem leika í Úrvalsdeild fylgja liðunum úr forkeppninni og leika þau lið ekki frekar saman á þeirri leiktíð.** Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Sú röðun sem myndast eftir deildarkeppnina, ræður röðun í riðla við upphaf næsta tímabils á þann hátt sem lýst er að ofan. (4.2.1.2.)

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. **Auk þess fer það lið sem er í fyrsta sæti fyrstu deildar beint í úrslitakeppnina.** Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um sjöunda sætið í úrslitakeppninni. Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fær seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

- a) Markamismunur
- b) Fleiri skorud mörk í útileik
- c) Vítakeppni

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Félögin eru ábyrg fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara með liðum, í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun. Dómarar skulu ávallt ferðast með útiliðinu á áfangastað.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í **Evrópukeppni félagsliða (EHF cup)**, en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í **Evrópukeppni félagsliða**, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (**Cupwinners cup**) fær lið nr. 3 þátttökurétt í **Evrópukeppni félagsliða**.

4.2.1.4. Úrslitakeppnin:

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratitil og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 8.sæti (**1.sæti fyrstu deildar**), 2. sæti gegn 7.sæti, 3.sæti gegn 6.sæti og 4.sæti gegn 5.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í

- deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.
- 4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt. Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik
- 4.2.1.7. Að lokinni fyrstu umferð útsláttarkeppni standa eftir 4 lið. Enn verður leikið þar til annað lið hefur sigrað úr tveimur leikjum og munu nú leika saman sigurvegari úr leik 1-8 gegn sigurvegara úr leik 4-5. Á sama hátt munu leika saman sigurvegarar úr leik 2-7 gegn sigurvegara úr leik 3-6. **Tekjuskipting er sú sama og fyrr.**
- 4.2.1.8. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum. Það lið sem vinnur 3 leiki er Íslandsmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.
- 4.2.1.9. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í **Meistarakeppni Evrópu (Champions league)**. Liðið í 2.sæti í úrslitakeppninni skal öðlast rétt til þátttöku í **Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup)** ef það lið er einnig með þátttökurétt í **Evrópukeppni félagsliða (EHF cup)** eða Evrópukeppni Bikarmeistara (**Cupwinners cup**), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.
- 4.2.1.10. **Mótanefnd er falið að útfæra nánar, fyrir hvert keppnistímabil, fyrirkomulag forkeppninnar og deildarkeppninnar sem byggir á fjölda þátttökuliða hverju sinni.**

Greinar 4.2.2., 4.2.2.1., 4.2.2.2., 4.2.2.3., 4.2.2.3 og 4.2.2.4 falla niður.

Greinarnar þar á eftir færast upp. (4.2.3 verður 4.2.2. og svo framvegis).

Greinargerð: Þar sem að álag í efstu deildum er orðið of mikið ásamt kostnaði leggur millipinganefnd það til að innbirðis úrslit viðureignir í forkeppnisriðlum fylgi liðum í Úrvalsdeild. Jafnframt leggur hún til að ef fjöldi liða er 9-12 þá verði leikin ein deild með 2.umferðum, þar sem sá fjöldi liða nægir ekki til að leika samkvæmt riðla/deildarfyrirkomulagi en jafnframt of stór til að leika 3.umferðir.

Þingskjali nr. 40-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 40-01**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Millíþinganefnd um keppnisfyrirkomulag

4. Reglugerð HSI um Íslandsmót

4.1. Almenn atriði.

4.1.1. Árlega skal efna til Íslandsmóts í handknattleik innanhúss og ákveður stjórn HSI hvar og hvenær það skuli fara fram. Mótanefnd skal skila mótum frá HSI 1.september til félaganna. Félögin hafa viku til að gera athugasemdir og koma með tillögur til breytinga á mótunum. Komi ekki athugasemdir frá félögunum innan þessarar viku, skoðast mótið samþykkt. Sambandsaðilar annast framkvæmd leikja hver í sínu héraði í samráði við mótanefnd HSI.

4.1.2. Keppni skal fara fram í eftirtöldum flokkum:

Meistarafli karla og kvenna, A og B liðum

1.flokki karla og kvenna, A og B liðum

2.flokki karla, A og B liðum.

Unglingaflokki kvenna, A og B liðum.

3.flokki karla, A og B liðum.

4.flokki karla og kvenna, A og B liðum.

4.1.3. Breytingar á þátttöku í Íslandsmóti skal tilkynna eigi síðar en á fyrra degi ársþings HSI og skal jafnframt gengið frá greiðslu þáttökugjalda.

4.1.4. Þáttökugjöld:

1. deild karla kr. 50.000,-

1. deild kvenna kr. 30.000,-

Utandeild karla	kr. 15.000,- (áður 2. og 3. deild)
2. deild kvenna	kr. 15.000,-
Mfl. B-lið	kr. 15.000,-
1. fl. Karla	kr. 15.000,-
2. fl. Karla	kr. 10.000,-
Ungl.fl kvenna	kr. 10.000,-
3. fl. Karla	kr. 10.000,-
4. fl. Karla	kr. 2.750,-
4. fl. Kvenna	kr. 2.750,-
Bikar mfl. Karla	kr. 7.000,-
Bikar mfl. Kvennagr.	7.000,-

Þáttökugjöld vegna Bikarkeppni karla og kvenna skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna könnunar á áhorfi og áhuga á handknattleik og er stjórn HSÍ falið að annast framkvæmd áhorfskönnunar. Ekki skal innheimt þáttökugjald vegna bikarkeppni yngri flokka (2. fl. til og með 4. fl. karla og kvenna).

4.1.5. Einungis félögum, sem skuldlaus eru við HSÍ, er heimilt að senda inn þáttökutilkynningar. Eigi skal keppt í Íslandsmóti í aldursflokki þar sem færri en 4 lið tilkynna þáttöku.

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildarskipting skal vera eftirfarandi í meistarafl.karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. Töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 11-16 lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.
- c) 17-22 lið, riðlakeppni, ein deild, sjá 4.2.2.
- d) 23 eða fleiri. 2 deildir.

4.2.1.2. Forkeppni.

Í efstu deild karla er fyrst leikin forkeppni í tveimur riðlum, norður- og suðurriðli. Í forkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Í norðurriðil raðast lið af Norður-, Vesturlandi og Vestfjörðum. Í suðurriðil raðast lið af Suður- og Austurlandi. Að öðru leiti raðast lið eftir árangri síðasta tímabils, þannig að efsta liðið raðast í annan riðilinn, næst efsta liðið í hinn og þannig koll af kolli. Skal hlutkesti ráða í hvorum riðli efsta lið leikur. Úrslit innbyrðis leikja úr forkeppni fylgja liðum í deildarkeppnina.

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Sú röðun sem myndast eftir deildarkeppnina, ræður röðun í riðla við upphaf næsta tímabils á þann hátt sem lýst er að ofan. (4.2.1.2.)

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. Auk þess fer það lið sem er í fyrsta sæti fyrstu deildar beint í úrslitakeppnina. Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um sjöunda sætið í úrslitakeppninni. Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fá seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

- a) Markamismunur
- b) Fleiri skorud mörk í útileik
- c) Vítakeppni

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Félögin eru ábyrg fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara með liðum, í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun. Dómarar skulu ávallt ferðast með útiliðinu á áfangastað.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF keppni) en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.4. Úrslitakeppnin

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratitil og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 8.sæti, 2. sæti gegn 7.sæti, 3.sæti gegn 6.sæti og 4.sæti gegn 5.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Að lokinni fyrstu umferð útsláttarkeppni standa eftir 4 lið. Enn verður leikið þar til annað lið hefur sigrað úr tveimur leikjum og munu nú leika saman sigurvegari úr leik 1-8 gegn sigurvegara úr leik 4-5. Á sama hátt munu leika saman sigurvegarar úr leik 2-7 gegn sigurvegara úr leik 3-6.

4.2.1.8. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum. Það lið sem vinnur 3 leiki er Íslandsmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

4.2.1.9. Liðið í 2.sæti í úrslitakeppninni skal öðlast rétt til þátttöku í Borgarkeppni Evrópu, ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða eða Evrópukeppni Bikarmeistara, skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Borgarkeppni Evrópu.

4.2.2. Keppni í 2. og 3. deild:

4.2.2.1. 2. og 3. deild, leikið skal þannig eftir fjölda liða:

5-6 lið 4 umferðir

7-9 lið 3 umferðir

10-16 lið 2 umferðir.

- 4.2.2.2. Tvö efstu lið hvernar deildar skulu færast í næstu deild fyrir ofan, undantekning 1. deild.
- 4.2.2.3. Félag skal aldrei færast í efri deild á markamun. Komi til þess að tvö lið eru jöfn að stigum og annað verðandi efri deildar sæti, skulu liðin leika um sæti í efri deild og það lið sem fyrr vinnur tvo leiki færast í efri deild. Tekjuskipting skal vera sú sama og í úrslitakeppni 1. deildar.
- 4.2.2.4. Tvö neðstu lið hvernar deildar skulu falla í næstu deild fyrir neðan, undantekning neðsta deild. Félag skal aldrei falla í neðri.

VERÐUR

4. Reglugerð HSÍ um Íslandsmót

4.1. Almenn atriði.

- 4.1.1. Árlega skal efna til Íslandsmóts í handknattleik innanhúss og ákveður stjórn HSÍ hvar og hvenær það skuli fara fram. Mótanefnd skal skila mótum frá HSÍ 1.september til félaganna. Félögin hafa viku til að gera athugasemdir og koma með tillögur til breytinga á mótunum. Komi ekki athugasemdir frá félögunum innan þessarar viku, skoðast mótið samþykkt. Sambandsaðilar annast framkvæmd leikja hver í sínu héraði í samráði við mótanefnd HSÍ.
- 4.1.2. Keppni skal fara fram í eftirtöldum flokkum:
- | | |
|--------------------------------|----------------------|
| Meistarafll. karla og kvenna, | A og B liðum |
| 1.flokkki karla og kvenna, | A og B liðum |
| 2.flokkki karla, | A og B liðum. |
| 3.flokkki karla, | A og B liðum. |
| Unglingaflokkki kvenna, | A og B liðum. |
| 4.flokkki karla og kvenna, | A og B liðum. |
- 4.1.3. Breytingar á þátttöku í Íslandsmóti skal tilkynna eigi síðar en á *fyrri degi ársþings HSÍ* og skal jafnframt gengið frá greiðslu þátttökugjalda.
- 4.1.4. Þátttökugjöld:
- | | |
|----------------------------------|------------------------------------|
| Efstadeild karla | kr. 50.000,- |
| Efsta deild kvenna | kr. 30.000,- |
| Utandeild karla og kvenna | kr. 15.000,- (áður 2. og 3. deild) |
| 2. deild kvenna | kr. 15.000,- |
| Mfl. B-lið | kr. 15.000,- |
| 1.fl.karla | kr. 15.000,- |
| 2. fl. karla | kr. 10.000,- |
| Ungl.fl kvenna | kr. 10.000,- |
| 3. fl. karla | kr. 10.000,- |
| 4. fl. karla | kr. 2.750,- |
| 4. fl. kvenna | kr. 2.750,- |
| Bikar mfl. karla | kr. 7.000,- |
| Bikar mfl. kvenna | kr. 7.000,- |

- Þátttökugjöld vegna Bikarkeppni karla og kvenna skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna könnunar á áhorfi og áhuga á handknattleik og er stjórn HSÍ falið að annast framkvæmd áhorfskönnunar. Ekki skal innheimt þátttökugjald vegna bikarkeppni yngri flokka (2. fl. karla og kvenna til og með 4. fl. karla og kvenna).
- 4.1.6. Einungis félögum, sem skuldlaus eru við HSÍ, er heimilt að senda inn þátttökutilkynningar. Eigi skal keppt í Íslandsmóti í aldursflokki þar sem færri en 4 lið tilkynna þátttöku.

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

- 4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistarafll. karla og kvenna
- 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.**
 - 10-12 lið, ein deild, 2 umferðir.**
 - 13 og fleiri lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.**

4.2.1.3. Forkeppni.

Í efstu deild karla **og kvenna** er fyrst leikin forkeppni í tveimur riðlum, norður- og suðurriðli. Í forkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Í norðurriðil raðast lið af Norður-, Vesturlandi og Vestfjörðum. Í suðurriðil raðast lið af Suður- og Austurlandi. Að öðru leiti raðast lið eftir árangri síðasta tímabils, þannig að efsta liðið raðast í annan riðilinn, næst efsta liðið í hinn og þannig koll af kalli. Skal hlutkesti ráða í hvorum riðli efsta lið leikur.

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. **Innbirgðis leikir (stig og markatala) þeirra liða sem leika í Úrvalsdeild fylgja liðunum úr forkeppninni og leika þau lið ekki frekar saman í Úrvalsdeild.** Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Sú röðun sem myndast eftir deildarkeppnina, ræður röðun í riðla við upphaf næsta tímabils á þann hátt sem lýst er að ofan. (4.2.1.2.)

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. **Auk þess fer það lið sem er í fyrsta sæti fyrstu deildar beint í úrslitakeppnina.** Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um **áttunda sætið** í úrslitakeppninni. Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fær seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

- Markamismunur
- Fleiri skorud mörk í útileik
- Vítakeppni

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Félögin eru ábyrg fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara með liðum, í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun. Dómarar skulu ávallt ferðast með útiliðinu á áfangastað.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í **Evrópukeppni félagsliða (EHF cup)**, en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í **Evrópukeppni félagsliða**, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (**Cupwinners cup**) fær lið nr. 3 þátttökurétt í **Evrópukeppni félagsliða**.

4.2.1.4. Úrslitakeppnin:

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratitil og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 8.sæti, 2. sæti gegn 7.sæti, 3.sæti gegn 6.sæti og 4.sæti gegn 5.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Að lokinni fyrstu umferð útsláttarkeppni standa eftir 4 lið. Enn verður leikið þar til annað lið hefur sigrað úr tveimur leikjum og munu nú leika saman sigurvegari úr leik 1-8 gegn sigurvegara úr leik 4-5. Á sama hátt munu leika saman sigurvegarar úr leik 2-7 gegn sigurvegara úr leik 3-6. **Tekjuskipting er sú sama og fyrr.**

4.2.1.8. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum. Það lið sem vinnur 3 leiki er Íslandsmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

4.2.1.11. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í **Meistarakeppni Evrópu (Champions league)**. Liðið í 2.sæti í úrslitakeppninni skal öðlast rétt til þátttöku

í **Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup)** ef það lið er einnig með þátttökurétt í **Evrópukeppni félagsliða (EHF cup)** eða Evrópukeppni Bikarmeistara (**Cupwinners cup**), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

4.2.1.12. Mótanefnd er falið að útfæra nánar, fyrir hvert keppnistímabil, fyrirkomulag forkeppninnar og deildarkeppninnar sem byggir á fjölda þátttökuliða hverju sinni.

Greinar 4.2.2., 4.2.2.1., 4.2.2.2., 4.2.2.3., 4.2.2.3 og 4.2.2.4 falla niður.

Greinarnar þar á eftir færast upp. (4.2.3 verður 4.2.2. og svo framvegis).

Greinargerð: Þar sem að álag í efstu deildum er orðið of mikið ásamt kostnaði leggur millipinganefnd það til að innbirðis úrslit viðureignir í forkeppnisriðlum fylgi liðum í Úrvalsdeild. Jafnframt leggur hún til að ef fjöldi liða er 9-12 þá verði leikin ein deild með 2.umferðum, þar sem sá fjöldi liða nægir ekki til að leika samkvæmt riðla/deildarfyrirkomulagi en jafnframt of stór til að leika 3.umferðir.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 40-01 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Andrés Gunnlaugsson, Fram, sagðist hafa beygt sig undir meirihluta álit nefndarinnar en vildi koma á framfæri skoðun sinn á mótafyrirkomulaginu. Hann sagðist ekki sáttur við uppsetninguna að öllu leyti. Hann benti á að umræða hafi skapast um leikjaálag í karlaboltanum. Hann sagði að staðan í kvennaboltanum væri sú að einungis væru níu lið eftir og ef tillagan yrði samþykkt í núverandi mynd þá yrðu spilaðir 24 leikir í meistaraflokki. Hann benti á að ef að eitt lið bætis við líkt og vonast væri til þá fækkar leikjum í 18 sem hann taldi heppilegra fyrirkomulag. Þessu til útsýringar benti hann á að kvennaboltinn stæði frammi fyrir allt annarri aldurskiptingu en í karlaboltinn. Meðal aldurinn væri einum 4-5 árum lægri í kvennaboltanum. Hann sagði að þetta hafi leitt til þess að það eru í kringum fjögur lið sem eru að spila með allt að 10 unglingsflokks stúlkur í meistaraflokki. Hann benti á að í ungu liði líkt og Fram spili stelpurnar, ef þær fara alla leið í úrslit í unglingsflokki, 59 leikir. Einnig benti hann á að þetta sé nánast tvöfalt leikjaálag þeirra liða sem hafa verið að kvarta yfir því að spila 33-34 leiki. Hann sagði að því miður sé brottfall það mikið í kvennaboltanum að lið neyðast til að sækja ekki eina eða tvær líkt og gerist í karlaboltanum en heldur mun fleiri unga leikmenn sem spila alla nær alla leiki. Hann benti á að ár eftir ár væri verið að horfa upp á fækkun liða í kvennaboltanum og spurði hvort búið væri að gleyma því að í ár hætti eitt lið á miðju tímabili. Einnig benti hann á að svo gæti farið aftur á næsta ári. Hann sagði að því miður væri þetta staðreynd sem menn yrðu að horfast í augu við. Hann sagðist ekki eingöngu horfa á þetta frá sínum bæjardryum heldur fyrir kvennaboltann í heild. Hann sagðist blása á það þegar menn væru að tala um að nauðsynlegt væri að spila yfir 20 leiki.

Bergþóra Sigmundsdóttir, fulltrúi Laga- og reglunefndar, sagðist vera alveg ósammaála Andrésí og fyrir því væru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi finnst henni algjörlega ótækt að verið sé að taka afstöðu og kjósa um leikjafjölda út frá fyrirkomulagi einsog það er á hverjum tíma. Henni finnst nauðsynlegt að setja kvennaboltann á þann stall sem honum ber með því að segja að spila skuli vissan fjölda leikja í meistaraflokki. Hún sagði að ekki væri hægt að hlaupa til eftir því hvernig aldurskiptingin sé hjá einstökum félögum. Hún benti á að ábyrgðin lægi hjá félögunum að sjá til þess að þessar stelpur spili ekki alla leiki. Hún sagði að það gætti leitt til deilna á milli þjálfara meistaraflokks og 2. flokks en það væri félagsins að leysa úr því. Hún sagði að hennar skoðun væri sú að hreyfingin ætti að bera gæfu til að horfa út frá heildar sýninni einsog Andrés réttilega nefndi og sjá til þess að meistaraflokkur spili nægjanlegan fjölda leikja óháð því hvort lið noti 3. flokks, 2. flokks eða meistaraflokks stelpur. Hún benti á að fyrir lið sem væru með meistaraflokk kvenna þá væri nauðsynlegt að hugsa hátt. Sérstaklega í ljósi þess að landsliðið væri einnig farið að hugsa hátt. Hún sagði að ekki væri hægt að láta landsliðsstelpur spila 16 leiki á leiktíð í úrvalsdeild. Hún benti á að þingið yrði að setja sér takmark hvað það vilji að meistaraflokkur spili marga leiki annars væri verið að hlaupa með leikja álag á hverju þingi. Að lokum benti hún á að ef það væri vandamál með yngri flokka þá væri það félagsins að leysa það.

Þingforseti þakkaði Andrésí og Bergþóru fyrir og vildi minna menn á að ef þeir væru með breytinga tillögu á þessu álit Laga- og reglunefndar þá verði að koma með það skriflegt upp í pontu annars væri ekki hægt að greiða atkvæði um það. Að lokum benti hann á að mælendaskrá væri enn opin.

Skapti Hallgrímsson, Þór Ak., kom með breytinga tillögu við lið 4.2.1.3., aðra málsgrein. Út fari,... „og tekur þar 7. sæti”. Í stað þess komi, „Tvö síðustu liðin inn í úrslitakeppni verða í 7. og 8. sæti. Það lið ofar sem varð ofar eftir deildarkeppnina.

Örn Franzson, UMFA, koma með fyrirspurn til nefndarinnar um lið 4.2.1.3 til að eyða misskilningi sem gæti komið upp seinna. Hann spurði hvort það væri réttur skilningur hjá sér að þau lið sem fara í fyrstu deild leika aftur við þau lið sem fara með þeim niður. Nefndin svaraði úr sæti að svo væri.

Andrés Gunnlaugsson, Fram, vildi áréttta það sem Laga- og reglunefnd væri að gera. Hann sagði að nefndin væri að aðskilja mótin til einföldunar. Hann sagði að verið væri að aðskilja í fyrsta lagi forkeppnina í öðru lagi deildarkeppnina og svo loks úrslitakeppnina. Hann benti á að umbunin fyrir að vinna fyrstudeildina væri sú að komast í sjöunda sætið í úrslitakeppninni.

Helgi Rafn Hallsson, Fram, kom með breytinga tillögu á álit Laga- og reglunefndar varðandi lið 4.2.1.1.. Breytingin er að liður 4.2.1.1 verði líkt og í þingskjali nr. 40-00.

Hlynur Sigmarsson, ÍBV, spurði hversvegna sett væri í reglugerðina að allir leikir í tveim síðustu umferðum skulu leiknir á sama tíma þegar mótanefnd getur þó breytt

leiktíma einstaka leikja og ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Þingforseti svaraði að þetta var sett inn á sínu tíma til þess að lið gætu ekki valið sér mótherja. Í sumum tilfellum skipta sumir leikir ekki máli og ef ekki er hægt að láta þá fara fram á tíma þá var litið svo á að mótanefnd hefði möguleika á að breyta tímanum svo fremur sem það hefði ekki áhrif á önnur lið.

Hlynur benti þá að hann hafi átt samskipti við HSÍ út þar sem að ÍBV átti að spila á þriðjudegi í miðri viku í næst seinustu umferðinni. Þurft liðið og aðstandendur þess því að leggja af stað á þriðjudegi og koma heim á fimmtudegi vegna skorts á samgöngumöguleikum. Hann vildi því beina því til mótanefndar að hún hugi að því þegar tvær seinustu umferðirnar eru settar á að passa að þær séu um helgi svo að leikmenn og aðstandendur liðanna þurfi ekki að taka sér frí frá vinnu þegar fara þarf frá landsbyggðinni til Reykjavíkur eða frá Reykjavík út á landsbyggðina.

Þingforseti benti á að nú væri einungis verið að ræða um þau þingskjöl sem fyrir lágu og önnur umræða ætti heima í dagskráliðnum önnur mál.

Bergþóra Sigmundsdóttir, fulltrúi Laga- og reglunefndar, vildi staðfest orð Gunnars og sagði að þarna væri ekki um breytingu að ræða og því ætti þessi umræða að falla undir önnur mál.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða. Byrjað var að greiða atkvæði um breytinga tillögu vegna liðs 4.2.1.1. á þingskjali nr. 40-01:

- 4.2.1.1. *Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraafli karla og kvenna*
- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
 - b) 10-12 lið, ein deild, 2 umferðir.
 - c) 13 og fleiri lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.

Verður

- 4.2.1.1. *Deildarskipting skal vera eftirfarandi í meistaraafli karla og kvenna*
- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. Töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
 - b) 11-16 lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.
 - c) 17-22 lið, riðlakeppni, ein deild, sjá 4.2.2.
 - d) 23 eða fleiri. 2 deildir.

Fyrsta breytinga tillagan í þingskjali 40-01 var felld með öllum greiddum gegn 8 atkvæðum.

Svo var gengið til atkvæðagreiðslu um breytinga tillögu vegna liðs 4.2.1.3. á þingskjali nr. 40-01:

Út fari,... „og tekur þar 7. sæti”. Í stað þess komi, ,, Tvö síðustu liðin inn í úrslitakeppni verða í 7. og 8. sæti. Það lið ofar sem varð ofar eftir deildarkeppnina.

Önnur breytinga tillagan i þingskjali 40-01 var felld með 26 atkvæðum gegn 11.

Í lokinn var gengið til atkvæðagreiðslu um þingskjal nr. 40-01.

Þingskjal nr. 40-01 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 3.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal ár: 41**

Tillaga um Reglugerð um Mótanefnd
Flutningsaðili: Haukar

17.6

f. skal leitast við að leikir meistaraflokks karla og kvenna sama félags fari ekki fram á sama tíma;

VERÐUR

17.6

f. Mótanefnd er óheimilt að setja leiki í mfl. ka og mfl. kv. á sama dag, nema að fengnu samþykki viðkomandi félags. Þó er heimilt að leika í mfl. ka og mfl. kv sama dag, ef leikirnir eru heimaleikir viðkomandi félags og fara fram hvor á eftir öðrum.;

Greinargerð: Mikil umræða hefur verið um skertan hlut kvenna í íþróttum á undanförunum árum og nú síðast með ráðstefnu hjá ÍSÍ um þau mál. Ljóst er að aðildarfélög að ÍSÍ svo og fjölmiðlar sem fjalla um íþróttir þurfa að taka verulega til hendinni í því að rétta hlut kvenna í íþróttum. Það eru sömu áhorfendurnir sem sækja karla og kvennaleikina hjá flestum félögum. Með framangreint í huga er það í hróplegu ósamræmi að félög innan HSÍ þurfi að slást við Mótanefnd um að leikir í meistaraflokkum viðkomandi félagsins fari fram á sama tíma. Æskilegt væri með tillit til

jafnræðis að mfl. kv og mfl. ka, léku aldrei sama dag. Þannig gæfist fjölmiðalmönnum engin afsökun til að velja karlaleikina umfram kvennaleikina og HSÍ væri að leggja sitt að mörkum til að gera kvenna og karlaboltanum jafnt undir höfði.

Þingskjal nr. 41-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 41-01**

Tillaga um Reglugerð um Mótanefnd
Flutningsaðili: Haukar

17.6

f. skal leitast við að leikir meistaraflokks karla og kvenna sama félags fari ekki fram á sama tíma;

VERÐUR

17.6

f. Mótanefnd er óheimilt að setja leiki í mfl. ka og mfl. kv. sama félags á sama tíma, nema að fengnu samþykki viðkomandi félags. Þó er heimilt að leika í mfl. ka og mfl. kv sama dag, ef leikirnir eru heimaleikir viðkomandi félags og fara fram hvor á eftir öðrum.;

Greinargerð: Mikil umræða hefur verið um skertan hlut kvenna í íþróttum á undanförunum árum og nú síðast með ráðstefnu hjá ÍSÍ um þau mál. Ljóst er að aðildarfélög að ÍSÍ svo og fjölmiðlar sem fjalla um íþróttir þurfa að taka verulega til hendinni í því að rétta hlut kvenna í íþróttum. Það eru sömu áhorfendurnir sem sækja karla og kvennaleikina hjá flestum félögum. Með framangreint í huga er það í hróplegu ósamræmi að félög innan HSÍ þurfi að slást við Mótanefnd um að leikir í meistaraflokkum viðkomandi félagsins fari fram á sama tíma. Æskilegt væri með tillit til jafnræðis að mfl. kv og mfl. ka, léku aldrei sama dag. Þannig gæfist fjölmiðalmönnum engin afsökun til að velja karlaleikina umfram kvennaleikina og HSÍ væri að leggja sitt að mörkum til að gera kvenna og karlaboltanum jafnt undir höfði.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 41-01 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Bergþóra Sigmundsdóttir, tekur til máls frá sæti. Hún bendir á að laga þurfi orðalag þingskjals nr. 40-01. Hún benti á að ef liður 17.6 f væri skoðaður þá væri verið að telja upp verkefni mótanefndar og ef þessi tillaga yrði samþykkt þá væri einnig verið að telja upp það sem mótanefnd er óheimilt að gera.

Pétur Vilberg Guðnason, árétti að með þessari tillögu væri verið að breyta tilmælum til mótanefndar frá því að leitast skuli við að leikir meistaraflokks karla og kvenna sama félags fari ekki fram á sama tíma í það að óheimilt sé að setja þá á sama tíma.

Róbert Gíslason, kom með breytinga tillögu um að liður 17.6 f yrði felldur út og aðrir liðir færast upp um einn og í staðinn yrði tillagan sett inn sem liður 17.11.

Sigfús Karlsson, kom með breytingartillögu um að við þingskjal nr. 40-01 væri bætt við; *nema að fengnu samþykki viðkomandi félags*. Hann sagði að þetta myndi tryggja að hægt væri að hafa leiki á sama tíma með sama félagi ef einn er á landsbyggðinni en hinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða.

Þingskjal nr. 41-01 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 42**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar

4.2.5. Keppni í 3.flokki karla og unglingsflokki kvenna.

VERÐUR

Greinin fellur út í heild sinni og inn kemur :

4.2.5 Mótahald í 3. fl. ka og unglingsflokki kvenna er með sama sniði og í 2. fl. ka

Greinargerð: Það er óviðunandi staða að að félögin raðist í 1. og 2. deild í hraðmóti að hausti. Veikindi lykilmanna geta sett viðkomandi flokk niður í 2. deild, með tilheyrandi hættu á brottfalli iðkenda. Það er mun eðlilegra að öll félögin hafi að einhverju að keppa allan veturinn eins og er með því mótafyrirkomulagi sem er í 2. flokki.

Þingskjal nr. 42-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 42-00 yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Pétur Vilberg Guðnason, var með fyrirspurn til þingforseta um hvort tillaga sem er felld sé lokuð. Þingforseti svarar að greinin sé þá lokuð. Pétur lagði þá fram breytingatillögu þar sem hann áleit að þingheimur myndi ekki samþykkja þingskjal nr. 42-00. Breytingatillagan við grein 4.2.5.3 var eftirfarandi.

4.2.5.3 Í úrslitakeppni fara 8 efstu liðin. Leikinn er einn leikur og er leikið til þrautar (útsláttarfyrirkomulag), skv. gr. 2.3.2. Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá **kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 7 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni. Leikið skal á hlutlausum velli og leikið til þrautar skv. gr. 2.3.2**

Ef 14 lið (7 í 1. deild og 7 í 2.deild) efsta lið í 2.deild

Ef 15 lið (7 í 1. deild og 8 í 2.deild) efsta lið í 2.deild

Ef 17 lið (Lið nr. 8 leikur við lið nr. 1 í 2. deild aukaleik um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.Leikið skal á hlutlausum velli og leikið til þrautar skv. gr. 2.3.2.)

Ef 18 lið eða fleiri, lið nr. 8 í 1. deild.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan:

Leikur 5: Sigurvegarar úr leik 1 og sigurvegara úr leik 4.

Leikur 6: Sigurvegarar úr leik 2 og sigurvegarar úr leik 3.

Rökstuðningur:

2. deildin er nánast ónýtt mót. Ef að tveimur liðum er gefin möguleiki á að taka þátt í úrslitakeppninni þá verða a.m.k. meiri möguleikar á því að mótið verði áhugavert.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða.

Fyrst var kosið um þingskjal nr. 42-00

Þingskjal nr. 42-00 var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn 8.

Svo var kosið um breytingatillögu við þingskjal nr. 42-00

Breytingartillaga við grein 4.2.5.3 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 43**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar

Ný grein

4.2.4.7

Heimalið ber ábyrgð á mönnun dómara í riðlakeppni og deildarkeppni hjá 2. fl. ka. 3. fl. ka. og ungl. fl kv.. Dómarar sem félögin leggja til skulu vera landsdómarar, eða héraðsdómarar með mikla reynslu, sem HSÍ hefur samþykkt að séu hæfir til að gegna þessari dómgæslu. Geti félag ekki undir einhverjum kringumstæðum lagt til dómara sem uppfyllir þessi skilyrði skal viðkomandi félag með tveggja sólarhringa fyrirvara gera HSÍ viðvart og mun HSÍ þá skipa dómara á viðkomandi leiki. Um þóknun dómara skipaða af HSÍ, gilda sambærilegar gjaldskrár og í bikarkeppni, en heimaliði ber kostnaðinn af dómgæslunni.

Greinargerð:

- i) Fjölgun dómara, er með þessu móti hvetjandi fyrir félögin.
- ii) Krafan um landsdómarar, eða reynda héraðsdómara viðkennda af HSÍ ætti verður til þess að gæði dómgæslu í þessum flokkum ætti ekki að hraka og ef eitthvað er að batna. Það verður áhugaverðara fyrir félögin að hafa dómgæsluna hjá sér í lagi.
- iii) Þetta gefur félögum möguleika á samstarfi félaga um dómgæslu í þessum flokki. Þannig gætu t.d. tvö félög eða fleiri samið um að dæma hjá hvert hjá öðru.
- iv) Félögin hafa tækifæri til að stýra kostnaðinum við dómgæsluna í þessum flokkum.

Þingskjal nr. 43-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 23-00 yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 43-00 var fellt með öllum greiddum atkvæðum gegn 4.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 44**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Núverandi málsgrein: “Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu ekki settir á mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin í.”

Verður

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu **undir engum kringumstæðum** settir á mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin, **nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.**

Greinargerð:

- i) Mótanefnd hefur ítrekað í vetur sett leiki (í mfl. unglungafl. kv. og 2. fl. ka) inn í yngri flokka mót 5. og 6. flokks. Þannig að mótahald hefur raskast. Mótanefnd hefur þar brotið reglugerð HSÍ. Með því að skýra orðalagið með enn afdráttalausari hætti, ætti að vera auðveldara fyrir mótanefnd að uppfylla skilyrði greinarinnar.
- ii) Mikil fjölgun hefur verið í 5. fl. og 6. fl. og er stærð mótanna (95-135 leikir) slík að þau bera engan veginn truflun í miðju mótahaldi, sem hefur það eitt í för með sér að mótin dragast langt fram á kvöld.

Þingskjali nr. 44-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26. mars 2004 Þingskjal nr: 44-01

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Núverandi málsgrein: “Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu ekki settir á mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin í.”

Verður

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu **undir engum kringumstæðum** settir á mótahelgar í þeim húsum sem 5. og 6. flokks mót eru haldin, **nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu, dag hvern nema með samþykki viðkomandi félags.**

Greinargerð:

i) Mótanefnd hefur ítrekað í vetur sett leiki (í mfl. unglingsfl. kv. og 2. fl. ka) inn í yngri flokka mót 5. og 6. flokks. Þannig að mótahald hefur raskast. Mótanefnd hefur þar brotið reglugerð HSÍ. Með því að skýra orðalagið með enn afdráttalausari hætti, ætti að vera auðveldara fyrir mótanefnd að uppfylla skilyrði greinarinnar.

ii) Mikil fjölgun hefur verið í 5. fl. og 6. fl. og er stærð mótanna (95-135 leikir) slík að þau bera engan veginn truflun í miðju mótahaldi, sem hefur það eitt í för með sér að mótin dragast langt fram á kvöld.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 44-00 yrði samþykkt með breytingu.

Allsherjarnefnd gerði grein fyrir tillögunni. Bætt var við síðustu málsgrein ..., ***dag hvern nema með samþykki viðkomandi félags.***

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Pétur Vilberg Guðnason, Haukar, ég legg til að þetta verði felld út því tilgangurinn með því að setja þetta svona inn með svona skýrum hætti í reglugerðina er sá að við séum ekki að troða inn í mót. Mótin eru orðin stór, þeir vita það sem þau hafa haldið og við erum þarna með krakka allt niður í 9 ára gamla sem spila til kl. 11 að kvöldi og vakna kl. 8 á sunnudagsmorgni til að spila aftur. Þetta er ekki boðlegt.

Már Svavarsson, fulltrúi allsherjarnefndar, það er mjög erfitt að setja í reglugerð eitthvað þar sem stendur undir engum kringumstæðum. Að vísu mun reglan verða sú að mót í 5. og 6. flokki verður eftir að búið er að setja upp mótið í meistaraflokk karla og kvenna. Hinsvegar er mjög erfitt að komast hjá því ef að kemur ósk frá okkar aðal styrktaraðila, Ríkissjónvarpið, eða hver sem það verður á næstu tímabilum að hafna beiðni um tilfærslu á leik vegna beinnar útsendingar í sjónvarpinu. Það er ógerningur. Í vetur hefur verið eðlilega talað við viðkomandi félög og leikurinn færður til að ósk sjónvarpsins þannig að það hafi fallið inn í mitt mót. og því er ekki hægt að hafa svona setningu inn í tilmælum eða verklagsreglum mótanefndar eða HSÍ. Það má dreifa þeim á fleiri félög, hægt er að skipa einu og sama mótinu á fleiri félög.

Pétur Vilberg Guðnason, Haukar, frá sæti, benti á að reglan líkt og hún er í núverandi mynd hafi ekki dugað sem skyldi og því væri þörf á skýrari skilaboðum.

Þingforseti vildi áréttta það að fyrst yrði gengið til atkvæða um breytingu allsherjarnefndar á upphaflega þingskjal nr. 44-00 eða þingskjal nr. 44-01. Því næst yrði kosið um upphaflega þingskjalið nr. 44-00.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða.

Þingskjal nr. 44-01 var fellt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.

Því næst var gengið til atkvæða um þingskjal nr. 44-00.

Þingskjal nr. 44-00 samþykkt með 26 greiddum atkvæðum gegn 10.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 45**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C-lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	7	7		42
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45

19	7	6	6	51
20	5	5	5/5	40”

Verður

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C-lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	5	4	4	22
14	5	5	4	26
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	5	4	4/4	28
18	5	5	4/4	32
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Greinargerð:

i) Mótin hafa verið að stækka mikið í C-liðum. Og er hinn mikli fjöldi C-liða orðinn ráðandi um stærð mótsins Því er lagt til að algengasti fjöldi liða í deild sé 5 og 4 en að hámarki 6, með þeirri undantekningu þegar einungis eru sjö lið. Með þessu móti verður umfang mótanna viðráðanlegra. T.d. yrði fækkunin fyrir 19 lið inní 5. fl. um 15 leiki x 40 min samtals 10 klst. í sal. Fyrir þrjá sali svarar það til frá kl. 19:30-23 á laugardagskvöldi

Þingskjal nr. 45-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 45-00 yrði vísað í millipinganeftnd.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga um að þingskjal nr. 45-00 yrði vísað í millipinganeftnd var samþykkt samhljóða



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26.mars 2004 Pingskjal nr: 46

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Haukar

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar. Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1. Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum veltinum (jafnvel á öðrum stað í bænum). Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu. Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi. Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik..”

Verður

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar. Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1. Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum veltinum (jafnvel á öðrum stað í bænum). Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu. **Hver riðill eða deild skal leikinn samfelt. Ef leikir viðkomandi liðs eru 5 eða færri skal riðill eða deild kláruð samdægurs með samfeldu móti. Annars skal leikjum skipt sem jafnast á tvo daga.** Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik..”

Greinargerð:

i) Mótshaldarar hafa í einhverjum tilfellum í vetur verið að raða mótunum þannig upp að lið séu að mæta að morgni laugardags og síðan er nokkurra klst. hlé og síðan mæta þau aftur að kveldi sama dags. Þessi “hvíld” er ekki raunveruleg hvíld fyrir börnin, því tilgangslaus. Það er eðlilegra að riðill/deild séu spiluð samfelld og ef að leikjafjöldi er það mikill (6 eða fleiri) þá mæti börnin sinn hvorn daginn.

Þingskjali nr. 46-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 46-00 yrði vísað í millipinganeftnd.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga um að þingskjal nr. 46-00 yrði vísað í millipinganeftnd var samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 47**

Tillaga um Reglugerð um Dómaraneftnd HSÍ, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Haukar

11.2.13

“Hver aðili innan HSÍ skal ávallt hafa virka dómara innan sinna vébanda. Virkir dómarar teljast þeir sem hafa staðist próf á boðaða haustfundi dómara, sem Dómaraneftnd HSÍ boðar til. Skylda hvers dómara, sem ætlar að dæma, er að mæta á boðaðan haustfund dómara. Að því loknu mun Dómaraneftnd HSÍ gefa út dómaraskírteini því til staðfestingar og er það afhent á haustfundi dómara. Nefndarmenn Dómaraneftndar HSÍ, stjórnarmenn HDSÍ, nefndarmenn Mótaneftndar HSÍ og eftirlitsmenn Dómaraneftndar teljast virkir dómarar og hafa frían aðgang að öllum leikjum í handknattleik, hvar sem er á landinu. Að öðru leiti er vísað í kafla 8 í Reglugerð HSÍ um fríkort..”

Verður

11.2.13

“Hver aðili innan HSÍ skal ávallt hafa virka dómara innan sinna vébanda. Virkir dómarar teljast þeir sem hafa **dæmt fyrir félagið sitt á síðastliðnu keppnistímabili. Félög senda inn lista að hausti fyrir virka dómara.** Að því loknu mun Dómaranefnd HSÍ gefa út dómaraskírteini því til staðfestingar. **Dómaranefnd gefur jafnframt út hvaða héraðsdómarar teljast hæfir til að dæma leiki 3. fl.ka, 2. fl. ka og ungl. fl. kv.** Nefndarmenn Dómaranefndar HSÍ, stjórnarmenn HDSÍ, nefndarmenn Mótanefndar HSÍ og eftirlitsmenn Dómaranefndar teljast virkir dómarar og hafa frían aðgang að öllum leikjum í handknattleik, hvar sem er á landinu. Að öðru leiti er vísað í kafla 8 í Reglugerð HSÍ um fríkort..”

Greinargerð:

- i) Dómarar félaga (ólaunaðir) sem dæma fyrir félag hljóta að teljast virkir dómarar þó að þeir eigi þess ekki kost að sækja fund dómaranefndar.
- ii) Það er hins vegar sjálfsagt mál að launaðir dómarar sæki haustfund dómaranefndar. Og þreyti þau próf sem reglugerðin segir til um. Það kann að vera að það þurfi að koma því fyrir í greininni.
- iii) Nauðsynlegt í samhengi við framkomna tillögu um breytingu á dómarafyrirkomulagi hjá 2. fl. ka. 3. fl. ka. og ungl. fl. kv. að gefinn sé út listi yfir þá héraðsdómara sem hafi rétt til að dæma hjá þessum flokkum.

Þingskjali nr. 47-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Pétur Vilberg Guðnason, Haukar, dró þingskjalið til baka.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26.mars 2004 Þingskjal nr: 48

Tillaga um Reglugerð um Bikarkeppni
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

- 5.1.** Bikarkeppni HSÍ skal haldin árlega í meistara, 2.flokki karla, 3.flokki karla, unglingaflokki kvenna og 4. flokki karla og kvenna. Leiktími skal vera sá sami og í Íslandsmóti.

- 5.2. Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan HSÍ. Heimilt er að senda í keppnina A og B lið frá hverju félagi en hver leikmaður má þó eingöngu leika með annaðhvort A eða B liði.

Verður

- 5.1. Bikarkeppni HSÍ skal haldin árlega í meistaraflokki karla og kvenna , 2., 3. flokki karla, unglingsflokki kvenna og 4. flokki karla og kvenna. Leiktími skal vera sá sami og í Íslandsmóti.
- 5.2. Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan HSÍ. Heimilt er að senda í keppnina A og B lið frá hverju félagi en hver leikmaður má þó eingöngu leika með annaðhvort A eða B liði.
- Leikmaður sem skipt hefur um félag samkvæmt reglugerð um félagaskipti, hefur ekki heimild til að leika með félaginu sem skipt er í, ef hann hefur áður, á sömu leiktíð, leikið í Bikarkeppni HSÍ með félaginu sem skipt er úr.**

Greinargerð: Hér er verið áréttá þá óskrifuðu reglu sem verið við líði undanfarin ár í bikarkeppninni.

Þingskjali nr. 48-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 48**

Tillaga um Reglugerð um Bikarkeppni
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

- 5.1. Bikarkeppni HSÍ skal haldin árlega í meistara, 2.flokki karla, 3.flokki karla, unglingsflokki kvenna og 4. flokki karla og kvenna. Leiktími skal vera sá sami og í Íslandsmóti.
- 5.2. Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan HSÍ. Heimilt er að senda í keppnina A og B lið frá hverju félagi en hver leikmaður má þó eingöngu leika með annaðhvort A eða B liði.

Verður

- 5.1. Bikarkeppni HSÍ skal haldin árlega í meistara**flokki karla og kvenna**, 2. **flokki karla, 3.flokki karla, unglingsflokki kvenna** og 4. flokki karla og kvenna. Leiktími skal vera sá sami og í Íslandsmóti.
- 5.2. Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan HSÍ. Heimilt er að senda í keppnina A og B lið frá hverju félagi en hver leikmaður má þó eingöngu leika með annaðhvort A eða B liði.
- Leikmaður sem skipt hefur um félag samkvæmt reglugerð um félagaskipti, hefur ekki heimild til að leika með félaginu sem skipt er í, ef hann hefur áður, á sömu leiktíð, leikið í Bikarkeppni HSÍ með félaginu sem skipt er úr.**

Greinargerð: Hér er verið áréttá þá óskrifuðu reglu sem verið við líði undanfarin ár í bikarkeppninni.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 48-01 yrði samþykkt með orðalagsbreytingu.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 48-01 samþykkt samhljóða



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26.mars 2004 Þingskjal nr: 49

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Höttur

4.2.6.3. Leikjafyrirkomulag í deildum

Á hverju keppnistímabili skulu vera 5 mót í hverjum riðli í hverri deild í hverjum styrkleikaflokki. Fyrsta mót skal vera röðunarmót og gefur ekki stig til deildarmeistara. Í það mót skal raða eftir deildarmeistararöðun næsta

keppnistímabils á undan. Í mót númer tvö er raðað eftir fyrsta móti og síðan koll af kalli. Í fyrstu deild skal vera einn riðill, en í neðri deildum geta riðlar orðið tveir eftir fjölda þáttökuliða.

Niðurröðun skal vera eftirfarandi:

Fjöldi liða	1.deild	2.deild	3.deild
7	7		
8	4	4	
9	5	4	
10	5	5	
11	6	5	
12	4	4+4	
13	5	4+4	
14	5	5+4	
15	5	5+5	
16	4	4+4	4
17	5	4+4	4
18	5	5+4	4
19	5	5+5	5
20	5	5+5	5
21	5	4+4	4+4
22	5	5+4	4+4
23	5	5+5	4+4
24	5	5+5	5+4
25	5	5+5	5+5

o.s.frv.

Í hverjum riðli í deild leika allir við alla og skal notast við grein 2.3.2. til að ákveða úrslitaröð liðanna.

Tvö neðstu lið í efri deild falla í næstu deild fyrir neðan, en tvö efstu lið í neðri deild færast upp í næstu deild fyrir ofan. Þegar tveir riðlar eru í deild, færast efsta lið í hvorum riðli upp, en neðsta lið í hvorum riðli niður. Tilfærsla milli deilda er líka eftir síðustu umferð.

Fyrir 1.umferð í deild skal draga töfluröð innan hvernar deildar og leika skv. töflum í gr. 2.3. Síðan ákvarðast töfluröð af stöðu liða eftir hverja umferð, þó þannig að lið, sem færast á milli deilda taka töflusæti þeirra liða, sem þau koma í staðinn fyrir.

Verður

4.2.6.3.

Leikjafyrirkomulag í deildum.

Á hverju keppnistímabili skulu vera 5 mót í hverjum riðli í hverri deild í hverjum styrkleikaflokki. **Skrifstofa HSÍ skal sjá um að upplýsa félögin um staðsetningu móta eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.**

Fyrsta mót skal vera röðunarmót og gefur ekki stig til deildarmeistara. Í það mót skal raðað eftir deildarmeistararöðun næsta keppnistímabils á undan. Í mót númer tvö er raðað eftir fyrsta móti og síðan koll af kalli.

Í fyrstu deild skal vera einn riðill, en í neðri deildum geta riðlar orðið tveir eftir fjölda þátttökuliða.

Niðurröðun skal vera eftirfarandi:

fjöldi liða	1. deild	2. deild	3. deild
7	7		
8	4	4	
9	5	4	
10	5	5	
11	6	5	
12	4	4+4	
13	5	4+4	
14	5	5+4	
15	5	5+5	
16	6	5+5	
17	6	6+5	
18	6	6+6	
19	5	5+5	4
20	5	5+5	5
21	6	5+5	5
22	6	6+5	5

23	6	6+6	5
24	6	6+6	6
25	5	5+5	5+5

o.s.frv.

Í hverjum riðli í deild leika allir við alla og skal notast við grein 2.3.2 til að ákveða úrslitaröð liðanna.

Tvö neðstu lið í efri deild falla í næstu deild fyrir neðan, en tvö efstu lið í neðri deild færast upp í næstu deild fyrir ofan. Þegar tveir riðlar eru í deild, færast efsta lið í hvorum riðli upp, en neðsta lið í hvorum riðli niður. Tilfærsla milli deilda er líka eftir síðustu umferð.

Fyrir 1. umferð í deild skal draga töfluröð innan hvernar deildar og leika skv. töflum í gr. 2.3. Síðan ákvarðast töfluröð af stöðu liða eftir hverja umferð, þó þannig að lið, sem færast á milli deilda taka töflusæti þeirra liða, sem þau koma í staðinn fyrir.

Greinargerð:

Með þessum breytingum fækkar mögulegum mótum þar sem lið leika einungis þrjá leiki á móti. En það hefur verið raunin í öllum deildum í vetur í 4.fl kk, ef frá er talin 1 deildin. Slíkt er mjög bagalegt þegar lið koma langar leiðir með tilheyrandi kostnaði. Séu t.d. 12 manns í liði, allir leika jafn mikið, þá gera það 70 mínútur á mann. 70 mínútur sem hver og einn þarf að greiða fyrir, eins og í okkar tilfelli 15 – 20 þúsund krónur!

Þá er einnig mjög æskilegt og í raun nauðsynlegt upp á bókun flugs, að staðsetning móta liggi fyrir með að lágmarki 2 vikna fyrirvara.

Þingskjali nr. 49-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 49-00 yrði vísað í millipinganefnd að því undanskildu að viðbótin við gr. 4.2.6.3,**Skrifstofa HSÍ skal sjá um að upplýsa félögin um staðsetningu móta eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.**, mun fara beint í reglugerðina.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga nefndarinnar um þingskjal nr. 49-00 var samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu
26.mars 2004**

Pingskjal nr: 50

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: KA

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

Verður

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

Aðeins mega að hámarki tveir leikmenn úr næsta aldursflokki fyrir neðan leika með flokki upp fyrir sig. Þetta gildir í 8.- 4.flokki. Undantekning ef lið er samsett úr mörgum árgöngum og hefur aðeins eitt lið í keppni.

Greinargerð:

Seinni part vetrar hætta lið sem byggð eru upp á yngri leikmönnum oft þátttöku því þá fer álag að verða meira. Sum félög nota þetta sem æfingamót fyrir næsta flokk fyrir neðan og þá lenda oft mjög góð A-lið t.d. úr 6.flokki á móti slökum C-liðum úr 5.flokki og veldur það niðurlægingu.

Auk þess erum við í vandræðum með að halda mörg mót sökum stærðar þeirra.

Þingskjali nr. 50-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 50-00 yrði vísað í millipinganefnd.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga um að þingskjal nr. 50-00 yrði vísað í millipinganefnd var samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSI haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004**

Pingskjal nr: 51

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: KA

2.1.13. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur:leiktími: leikhlé:

Unglingaflokkur 2x30 “ 10“,nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur kvenna

3.flokkur 2x30 “ 10“,nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

Verður

Karlar og konur:leiktími: leikhlé:

Unglingaflokkur 2x25 “ 7“,nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur kvenna

3.flokkur 2x25 “ 7“,nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

Greinargerð:

Lagt er til að leiktími í 3.flokki karla og unglingaflokki kvenna verði 2x25 mínútur með 7 mín.leikhléi.

Nú er leiktíminn 30 mín. með 10 mín. leikhléi. Einnig er talað um undanúrslitariðla í þessari reglu hjá 3.flokki karla en það er ekki til. Ath. leiktími í forkeppni er 2x25 mín. Rök: Það er eðlilegt millistig milli 4.flokks og 2.flokks/meistaraflokks. Leikmenn ekki enn fullþroskaðir. Tekur minni tíma úr yfirfullum íþróttahúsum.

Þingskjali nr. 51-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 51-00 yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Pingskjal nr. 51-00 var fellt með öllum greiddum atkvæðum.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Pingskjal nr: 52**

Tillaga um REGLUGERÐ UM JÖFNUNARSJÓÐ FERÐAKOSTNAÐAR
Flutningsaðili: KA

2. gr.

Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða kr. 50.000.- til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldalagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. Kr. 50.000.-

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

Verður

2. gr.

Inngreiðsla: Hvert lið karla og hvert lið kvenna sem keppir í meistaraflokki skal greiða **kr. 150.000.-** til HSÍ í jöfnunarsjóð ferðakostnaðar fyrir hvert tímabil sem tekið er þátt í. Gjaldalagi fyrir yfirstandandi keppnistímabil er: þann 1. nóv. **Kr. 150.000.-**

HSÍ sér um innheimtu gjalda þessara. HSÍ hefur heimild til skuldajafnaðar á inneignum félags vegna sjónvarpsréttar eða vegna annarra inneigna hjá HSÍ.

Félagi er ekki heimilt að skrá lið til keppni í meistaraflokki ef það er skuldugt við HSÍ vegna jöfnunarsjóðsins.

Greinargerð:

Nýtt mótafyrirkomulag veldur gríðarlegri aukningu á ferðalögum. Ferðakostnaður er auk þess að sliga félögin á landsbyggðinni.

Þingskjal nr. 52-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 52-00 yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingskjal nr. 52-00 var fellt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26. mars 2004 Þingskjal nr: 53

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.2.9. Sérhver handknattleiksiðkandi skal greiða sérstakt gjald til HSÍ sem rennur til fræðslu- og útbreiðslumála sambandsins. Viðkomandi iðkandi fær þá sent númerað leikmannaskírteini sem veitir keppnisleyfi á mótum á vegum HSÍ. Einnig fær hann sent sér að kostnaðarlausu Handboltablað HSÍ. Gjald þetta skal ákveðið árlega á ársþingi HSÍ. Fyrir keppnistímabilið 1995-1996 skal gjald þetta vera eftirfarandi:

Iðkandi 12 - 19 ára greiðir kr. 500

Iðkandi 20 ára og eldri greiðir kr. 1000.

VERÐUR

Greininni verður eytt

Gr. 2.2.10 verður gr.2.2.9
Gr. 2.2.11 verður gr.2.2.10
Gr. 2.2.12 verður gr.2.2.11
Gr. 2.2.13 verður gr.2.2.12
Gr. 2.2.14 verður gr.2.2.13
Gr. 2.2.15 verður gr.2.2.14
Gr. 2.2.16 verður gr.2.2.15
Gr. 2.2.17 verður gr.2.2.16
Gr. 2.2.18 verður gr.2.2.17
Gr. 2.2.19 verður gr.2.2.18
Gr. 2.2.20 verður gr.2.2.19
Gr. 2.2.21 verður gr.2.2.20

Greinargerð: Greinin á ekki við í dag og eru þessu gjöld ekki greidd.

Þingskjal nr. 53-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga- og reglunefnd lagði til að þingskjal nr. 53-00 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs

Þingskjal nr. 53-00 samþykkt samhljóða



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Þingskjal nr: 54**

Tillaga um Leikir í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla og kvenna
Flutningsaðili: Gróttta/KR

Ný grein

Heimalið skal taka upp leiki á videó. Videóspóla þarf að vera komin á skrifstofu HSÍ að eigi síður en 24 tímum eftir leik. Ef leikur er á föstudegi eða laugardegi þá skal skila inn spólunni fyrir kl. 13:00 á mánudegi. Ef spólu er ekki skilað inn á

tilsettum tíma verður viðkomandi félag sektað um 5.000 kr. Á skrifstofu HSÍ geta önnur félög/þjálfarar/dómarar keypt eintak af leikjum fyrir 500 kr.

Greinargerð:

Videóspólur,
Auðveldar þjálfurum, dómurum og félögum almennt að halda utan um sína eigin leiki og leiki af andstæðingum. Meira efni til af handbolta sem hægt er að nota sem kennslumyndbönd fyrir þjálfara, leikmenn og dómara.

Þingskjal nr. 54-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 54-01**

Tillaga um Leikir í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla og kvenna
Flutningsaðili: Gróttu/KR

Ný grein

Heimalið skal taka upp leiki á videó. Videóspóla þarf að vera komin á skrifstofu HSÍ að eigi síður en 48 tímum eftir leik. Á skrifstofu HSÍ geta önnur félög/þjálfarar/dómarar keypt eintak af leikjum fyrir 500 kr.

Greinargerð:

Videóspólur,
Auðveldar þjálfurum, dómurum og félögum almennt að halda utan um sína eigin leiki og leiki af andstæðingum. Meira efni til af handbolta sem hægt er að nota sem kennslumyndbönd fyrir þjálfara, leikmenn og dómara.

Hákon Sigurjónsson, talsmaður allsherjarnefndar, lagði til að þetta þingskjal yrði samþykkt með eftirfarandi breytingu: frestur til að skila inn myndbandsspólu af leik lengist frá 24 tímum í 48 tíma auk þess sem sektar ákvæðið fellur út.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Andrés Gunnlaugsson, Fram, úr sæti, sagðist ekki skilja hvernig ætti að tryggja að lið skiluðu inn myndbandsupptöku af leikjum.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdarstjóri HSÍ, velti fyrir sér hvernig framkvæma skuli þessa tillögu. Hann spurði hvort það væri í verkahring handknattleiks sambandsins að tryggja að myndbandsspólunum yrði skilað inn á skrifstofu HSÍ sem og að fjölfalda, dreifa þeim. Hann sagði að þetta væri mikið starf sem verið væri að samþykkja fyrir skrifstofuna með þessari tillögu. Hann benti á að betur færi ef félögin gerðu samkomulag sín á milli um þetta mál. Einnig benti hann á að þetta mál ætti að falla undir þjálfara félag sem verið væri að reyna að stofna.

Hákon Sigurjónsson, talsmaður allsherjarnefndar, sagði að sú umræða sem hafi átti sér stað innan nefndarinnar og við þá þingfulltrúar sem þangað komu hefði leitt til þess að nefndin hafi talið að þarft væri að koma þessu á en einnig að nauðsynlegt væri að fella út sektarákvæði fyrstu árin til að sjá hvernig framkvæmdin muni þróast. Hann sagði einnig að það væri spurning hvort félögin taki þetta að sér.

Guðmundur Skúli Stefánsson, fulltrúi kjörbréfanefndar, sagði að Alfreð Gíslason hafði verið með námskeið á vegum HSÍ og þar hafi komið fram að í Þýskalandi væri það á ábyrgð hvers félags að taka upp sína leiki og bæri þeim skylda til að útvega þá til þeirra sem þess óska.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða. Byrjað var að greiða atkvæði um álit allsherjarnefndar, þingskjal nr. 54-01.

Þingskjal nr. 54-01 var fellt með 22 atkvæðum gegn 9.

Næst var gengið til atkvæða greiðslu um þingskjal nr. 54-00.

Þingskjal nr. 44-00 var fellt með 22 atkvæðum gegn 9.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 55**

Tillaga um Leikir í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla og kvenna
Flutningsaðili: Gróttta/KR

Ný grein

-Heimalið skal taka tölfræði fyrir bæði lið í heimaleikjum. Strax að leik loknum fá félögin og blaðamenn eintak af skýrslunni. Félagið skal einnig skila inn tölfræðiblaðinu á skrifstofu HSÍ ekki síðar 48 klst. eftir leik á tölvutæki formi með tölvupósti. Starfsmenn HSÍ setja svo allar upplýsingar inn á heimasíðu HSÍ. Ef félag skila ekki inn tölfræðiskýrslu inn á skrifstofu HSÍ innan tilsetts tíma þá verður viðkomandi félag sektað um kr. 5.000.

Greinargerð:

Tölfræði,

Gott fyrir þjálfara og leikmenn. Sjá hvernig sínir eigin leikmenn eru að standa sig ásamt því að geta fylgst með leikmönnum í öðrum liðum. Blaðamenn myndu eflaust nýta sér þetta og það myndi skila sér í meiri umfjöllun í fjölmiðlum.

Þetta er ekki mjög flókið í framkvæmd og gerir ekkert annað en að efla handboltann.

Bæði ættu gæðin að verða meiri og umfjöllunin betri.

Þingskjal nr. 55-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu

26. mars 2004

Þingskjal nr: 55-01

Tillaga um Leikir í 1. deild karla og kvenna og 2. deild karla og kvenna
Flutningsaðili: Gróttu/KR

2.1.28

-Heimalið skal taka tölfræði fyrir bæði lið í heimaleikjum. Strax að leik loknum fá félögin og blaðamenn eintak af skýrslunni. Félagið skal einnig skila inn

tölfræðiblaðinu á skrifstofu HSÍ ekki síðar 48 klst. eftir leik á tölvutæki formi með tölvupósti. Starfsmenn HSÍ setja svo allar upplýsingar inn á heimasíðu HSÍ.

Greinargerð:

Tölfræði,

Gott fyrir þjálfara og leikmenn. Sjá hvernig sínir eigin leikmenn eru að standa sig ásamt því að geta fylgst með leikmönnum í öðrum liðum. Blaðamenn myndu eflaust nýta sér þetta og það myndi skila sér í meiri umfjöllun í fjölmiðlum.

Þetta er ekki mjög flókið í framkvæmd og gerir ekkert annað en að efla handboltann.

Bæði ættu gæðin að verða meiri og umfjöllunin betri.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 55-01 yrði samþykkt með eftirfarandi breytingum: fellt er út seinast setning greinarinnar sem fjallar um sektar ákvæði.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Einar Þorvararson, framkvæmdarstjóri HSÍ, vildi benda á að þegar handknattleikssambandið tók í notkun það tölvukerfi sem nú ert notast við árið 1993 þá hafi verið byrjað með tölfræði. Hann sagði að þetta hefði verið mjög þungt í framkvæmd og erfiðlega hafi gengið að innheimta gögn frá félögunum. Það leiddi til þess að reglugerðin sem tók á þessu máli var lögð niður. Einnig sagði hann að ef það væri vilji innan hreyfingarinnar að endurvekja þessa vinnu, líkt og KKÍ væri búið að gera með góðum árangri, þá væri það í höndum félaganna. Hann benti á að það væri félaganna að gera tölfræðina, HSÍ myndi koma henni á framfæri á heimasíðu sinni.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða. Byrjað var að greiða atkvæði um álit allsherjar nefndar, þingskjal nr. 55-01.

Þingskjal nr. 55-00 var fellt með 18 atkvæðum gegn 15.

Næst var greitt atkvæði um þingskjal nr. 55-00.

Þingskjal nr. 55-00 var fellt með 20 atkvæðum gegn 11.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26.mars 2004
Pingskjal nr: 56**

Tillaga um Reglugerð um Bikarkeppni HSÍ
Flutningsaðili: Mótanefnd

- 5.3.** Bikarkeppni fari fram samhliða Íslandsmóti innanhúss og keppt skal eftir útsláttarfyrikomulagi.
- 5.7.** Ágóða eða tapi af hverjum leik skal skipta jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður til og frá leikstað, skal teljast kostnaður vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila. Húsaleiga skal aldrei verða meiri en 10% af aðgangseyri. Heimalið skal hafa til ráðstöfunar 50% af aðgöngumiðafjölda og gestir 50%. Gestir skulu skila óseldum miðum a.m.k. 1. klst. fyrir leik.

Leikur skal gerður upp á leikstað eftir leik. Ef sannanlegt þykir að mati mótanefndar að annað liðið hefur ekki gert upp eigi síðar en 3 dögum eftir leik skulu vanskilaákvæði gr. 2.2. Reglugerðar HSÍ um Handknattleiksmót gilda fyrir félag í vanskilum. Árs- og boðsmiðar gilda ekki á bikarleik nema samkomulag milli viðkomandi félaga hafi náðst.

Verður

5.3. Bikarkeppni fari fram samhliða Íslandsmóti innanhúss og keppt skal eftir útsláttarfyrikomulagi. **Í 4-liða úrslitunum er þó spilað heima og að heiman og skulu leikirnir fara fram á föstudegi og sunnudegi um sömu helgi. Það lið sem dregið er á undan fær heimleik seinni leikdaginn og það lið sem seinna er dregið fær fyrri heimaleikinn. Samanlagður árangur gildir. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:**

- a) **Markamismunur**
- b) **Fleiri skoruð mörk í útileik**
- c) **Vítakeppni**

- 5.7. Ágóða eða tapi af hverjum leik skal skipta jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður til og frá leikstað, skal teljast kostnaður vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila. Húsaleiga skal aldrei verða meiri en 10% af aðgangseyri. Heimalið skal hafa til ráðstöfunar 50% af aðgöngumiðafjölda og gestir 50%. Gestir skulu skila óseldum miðum a.m.k. 1. klst. fyrir leik. **Undantekning eru þó leikir í 4-liða úrslitum. Þar skal heimaliðið bera ágóða eða tap af leiknum og telst þá ferðakostnaður aðkomuliðsins ekki til kostnaðar.**

Leikur skal gerður upp á leikstað eftir leik. Ef sannanlegt þykir að mati mótanefndar að annað liðið hefur ekki gert upp eigi síðar en 3 dögum eftir leik skulu vanskilaákvæði gr. 2.2. Reglugerðar HSÍ um Handknattleiksmót gilda fyrir félag í vanskilum. Árs- og boðsmiðar gilda ekki á bikarleik nema samkomulag milli viðkomandi félaga hafi náðst.

Greinargerð:

Gerð er sú breyting að í 4-liða úrslitum verður leikið heima og að heiman og er það gert til þess að auka spennu í 4-liða úrslitunum.

Þingskjal nr. 56-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.
Mótanefnd afturkallaði þessa tillögu.



47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við Strandgötu 26. mars 2004 Þingskjal nr: 57

Tillaga um Reglugerð um Félagsskipti
Flutningsaðili: HSÍ

Ný grein

- 3.1.9 Forsvarsmönnum félaga er óheimilt að ræða við samningsbundna leikmenn án samþykkis frá því félagi sem leikmaðurinn er samningsbundinn við.

Ef að félag eða forsvarsmenn þess verða uppvísir að því skal sekta viðkomandi félag um kr. 50.000. Mun sú upphæð renna til útbreiðslu og fræðslumála á vegum HSÍ.

Grein 3.1.9 breytist í 3.1.10
Grein 3.1.10 breytist í 3.1.11
Grein 3.1.11 breytist í 3.1.12
Grein 3.1.12 breytist í 3.1.13
Grein 3.1.13 breytist í 3.1.14

Greinargerð:

Hingað til hefur vantað viðurlög við því þegar félag talar við samningsbundna leikmenn og er bætt úr því hér.

Þingskjal nr. 57-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði til að þingskjal nr. 57-00 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Magnús Karl Daníelsson, Stjarnan, sagði að sér myndist sú upphæð sem tilgreind er í tillögunni vera of lág auk þess sem honum fannst ótækt að það þurfi reglugerð til þess að lið fá frið fyrir öðrum liðum á meðan keppnistímabilið stendur yfir. Einnig sagði hann að víst það er á annað borð verið samþykkja þessa tillögu þá eigi að hækka upphæðina þannig að hún vegi þungt ef að félag er uppvísa að þessu.

Hlynur Sigmarsson, ÍBV, sagði að þessi umræða væru að miklu leiti sprottin þar sem hans félag hafi verið að ræða við nokkra leikmenn. Hann spurði hvenær ætlunin væri að undirbúa lið fyrir næsta vetur. Hann spurði hvort ætlunin væri að gera það eingöngu í júní, júlí og ágúst. Hann benti á að samkvæmt nýjust reglugerð sem nú er verið að breyta þá væru samningar leikmanna lausir fyrsta 1. júní og spurði í framhaldi af því hvort öll lið eigi þá að fara og ræða við leikmenn. Einnig spurði hann hvort samningsbundin leikmaður eigi ekki rétt á því að vita hvort annað lið hefur áhuga á honum áður en hann semur við liðið sem hann er nú hjá. Hann tók sem dæmi að nú væri Stjarnan að semja við sína leikmenn og spurði hvort þeir hafi ekki rétt á að vita að önnur lið hafi áhuga á þeim. Hann benti á að erlendis væru samningsbundnir leikmenn að skrifa undir samninga við önnur félög. Hann sagði að sitt lið vildi fá tíma til að byggja sitt lið upp og benti á að oft taki tíma fyrir fólk að ákveða hvað það vill gera. Hann sagðist ekki skilja að ekki megi ræða við samningsbundin leikmann t.d. 6 mánuðum til 4 mánuðum áður en samningur rennur út. Hann sagði að félögin verði að fá nægjanlegan tíma til að skipuleggja næstu leiktíð. Einnig spurði hann hvernig sönnunarbyrðinni yrði háttað í þessum málum.

Bergþóra Sigmundsdóttir, Stjarnan, sagði að sér þætti þetta sérkennileg umræða. Hún sagðist ekki kannast við það í íþróttum að verið sé að ræða við leikmenn sem eru samningsbundnir öðrum liðum. Hún benti á að ef menn yrðu uppvísa af þessu erlendis þá er viðkomandi aðilum veitt athugasemd líkt og væri yfirvofandi yfir Sir. Alex Ferguson. Hún sagði að menn þyrftu að huga sinn gang áður komið væri með svona á borð. Hún benti sérstaklega á að Stjarnan væri að undirbúa sig fyrir leik á morgun á móti Val um annað sæti og myndist það siðferðilega rangt af einu félagi að eyðileggja fyrir öðru með því að ræða við leikmenn í miðjum undirbúningi. Hún sagði að verið væri að keppa núna en ekki í haust. Að lokum sagði hún að hún væri mjög hissa á þessari umræðu.

Þingforseti þakkaði Bergþóru fyrir. Hann sagði að samkvæmt reglugerð Alþjóða handknattleikssambandsins um félagaskipti ætti leikmaður yfir höfði sér háar sektir sem og

leikbann ef hann yrði uppvísa af því að vera með tvo samninga á sama tíma jafnvel þótt að seinni samningurinn tæki ekki gildi fyrr en sá fyrri rynni út.

Haraldur Daði Ragnarsson, Valur, vildi taka það fram að hann væri algjörlega fylgjandi tillögu þessari tillögu. Auk þess sagðist hann vera algjörlega ósammála því sem Hlynur hafði áður sagt. Hann benti á að það eina sem farið væri fram á væri að talað sé við forráðamenn viðkomandi félags og fengið samþykki hjá þeim en ekki haft samband við leikmennina sjálfa. Hann benti einnig á að það væri hægt að gera með mánaðarfyrirfara.

Hlynur Sigmarsson, ÍBV, vildi benda á að flestir leikmenn sem leika í Danmörku, vöggvú kvannahandboltans, sem skipta um félag á næstu leiktíð væru búnir að skrifa undir samninga við nýju liðin á núverandi tímabili. Hann sagði að ef sektarákvæði væri við þessu þá væri það ofar hans skilningi þar sem dönsku liðin gera þetta í miklu mæli. Hann benti einnig á að Stjarnan ætti frekar að athuga hvernig hafi verið staðið að þeirrar eigin leikmanna málum frekar en að skammast út í hans lið. Einnig spurði hann og beindi spurningu sinni til Haralds Daða hvert yrði framhaldið ef að ekki fengist samþykki frá forráðarmönnum viðkomandi félags. **Haraldur Daði**, Valur, svaraði úr sæti að þá væri félaginu ekki leyfilegt að halda áfram. Hlynur spurði einnig hver ætti að greiða sektina. Hvort það væri leikmaðurinn eða liðið sem hafði samband við hann. Hann sagði að handboltahreyfinginn ætti að taka mið af því hvernig málum væri háttað erlendis og að kvannahandboltinn hjá ÍBV væri ekki hræddur við það. Einnig nefndi hann að HSÍ væri velkomið að reyna og sanna meint reglubrot upp á ÍBV í framtíðinni.

Þingforseti sagði að sér finnst ákaflega leitt þegar samlandar hans kalli hann ósanninda mann upp í pontu þar sem hann hafi á undanförmum 8 árum síðan þessi félagskiptareglugerð tók gildi dæmt í einum 6-8 málum þar sem menn hafa verið uppvísa af því að hafa tvo samninga á sama tíma. Hann benti á að skilja þurfi að þó að danskar stúlkur séu núna búnar að gera samning við eitthvað félag hvar þær ætla að spila á næsta tímabili þá er það gert með samþykki þess félags sem þær eru í dag. Hann benti á að svona væru alþjóða reglur í dag og hann ætti að þekkja þær þar sem hann hafi lesið þær yfir 200 sinnum og hjálpað við að semja þær.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða.

Þingskjal nr. 57-00 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 5.



**47. Ársþing HSÍ haldið í Álfafelli við
Strandgötu
26. mars 2004
Þingskjal nr: 58**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: KA

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildarskipting skal vera eftirfarandi í meistarafl.karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. Töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 11-16 lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.
- c) 17-22 lið, riðlakeppni, ein deild, sjá 4.2.2.
- d) 23 eða fleiri. 2 deildir.

Verður

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildarskipting skal vera eftirfarandi í meistarafl.karla og kvenna

- A) 11 lið eða færri ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. Töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- B) 12 - 18 lið 2 deildir, Úrvalsdeild 8 lið; 1. deild allt að 10 lið, verði lið í fyrstu deild fleiri en 10 verði henni riðlaskipt.

Leiknar verði 3 umferðir, ekki er leikin sérstök úrslitakeppni. Það lið sem situr í efsta sæti Úrvalsdeildar hlýtur Íslandsmeistaratitil – Í þriðju umferð fær það lið heimaleik sem hefur haft betur í innbyrðis viðureignum úr 1. og 2. umferð sbr. stig, markatala, skorud mörk á útivelli, hlutkesti. Tekjuskipting skal vera sú í 3. umferð að gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

Þau lið sem keppa í úrslitakeppni vorið 2004 skulu vera í Úrvalsdeild keppnistímabilið 2004-2005. Þau lið sem eftir sitja úr Úrvalsdeild og 1. deild og ekki keppa í úrslitakeppni skulu vera í 1. deild 2004-2005.

Ef bæði er spilað í úrvalsdeild og 1. deild skal neðsta liðið í úrvalsdeild að lokinni keppni falla niður í 1. deild og efsta liðið í 1. deild færast upp í úrvalsdeild.

Greinar 4.2.1.2, 4.2.1.3 og 4.2.1.4 skulu felldar niður.

Greinargerð:

Nýtt mótafyrirkomulag veldur gríðarlegri aukningu á ferðalögum. Ferðakostnaður er auk þess að sliga félögin á landsbyggðinni.

Þingskjali nr. 58-00 var vísað til Laga- og reglunefndar.

Laga og reglunefnd lagði til að þingskjal 58-00 yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar.

Magnús Gauti Gautason, KA, sagðist gera ráð fyrir því að tillagan yrði felld og benti í framhaldi af því að nauðsynlegt væri að endurskoða mótafyrirkomulagið með tilliti til þess að aðsókn hefur farið minnkandi og menn bíða gjarnan eftir úrslitakeppninni til þess að fara á völinn. Einnig vildi hann láta fækka leikjum líkt þar sem hann taldi að leikir væru of margir bæði fyrir áhorfendur og félögin. Hann benti á að ferðakostnaður sé mjög mikil fyrir lið út á landsbyggðinni og tók sem dæmi að fyrir KA sé hann í kringum 2,6 milljónir – 3,5 milljónir eftir því hversu langt liðin ná í úrslitakeppninni. Honum þótti tillögunar nefndarinnar til bóta en ekki nægjanlegar.

Þingforseti þakkaði Magnúsi Gauta fyrir.

Ekki vildu fleiri taka til máls um þessa tillögu, þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og gengið var til atkvæða.

Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur.
--

14 Ákvörðun þátttökugjalds í Íslands- og Bikarmótum næsta keppnistímabils.

Lagt er til að þátttökugjöld fyrir næsta keppnistímabil verði óbreytt.

Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða, um að þátttökugjöld fyrir næsta keppnistímabil verði óbreytt.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

15 Önnur mál.

15.1

Sigfús Karlsson, KA, sagði að líkt og rætt hafði verið í allsherjarnefnd þá hafi verið ákveðið að fella tillögu um aukningu á framlagi í ferðajöfnunarsjóð. Samfara því var lagt til að gerð yrði ályktun sem þingið myndi samþykkja. Ályktunin er eftirfarandi:

Ályktun um fjárveitingu stjórnvalda í ferðajöfnunarsjóða.

47. ársþing Handknattleikssambands Íslands. Ferðakostnaður íþróttafélaga er að sliga mörg félög á landsbyggðinni. Kostnaðurinn eykst frá ári tilárs og nú er svo komið að félög á landsbyggðinni sjá sér vart fært að halda áfram þátttöku á Íslandsmótum. Ársþing Handknattleikssambands Íslands skorar á stjórnvöld og alþingismenn að standa þétt við bakið á íþróttafólki landsins og veita fé til jöfnunar á ferðakostnaði félaga sem þátt taka í Íslandsmótum. Myndarlega verður að taka strax á þessu brýna verkefni að öðrum kosti munu afleiðingarnar verða mjög alvarlegar fyrir íþróttarlíf landsins.

Hann sagðist leggja þetta fyrir þingið helst til samþykktar og stjórn HSÍ myndi þá koma þessu til skila.

Þingforseti gaf orðið laust um ályktunina. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

15.2

Þingforseti bar fram tillögu um kosningu Millipinganefndar sem mun fjalla um þær tillögur sem til hennar var vísað fyrir á þinginu. Þingskjölum nr. 45,46,49 og 50 var vísað til nefndarinnar og öll fjölluðu þau um mótamál yngri flokka. Tillaga er um að eftirfarandi aðilar sitji í Millipinganefnd:

**Hafdís Guðjónsdóttir,
Guðmundur Sigfússon,
Andrés Gunnlaugsson,
Már Svavarsson,
Róbert Gíslason,**

Þingforseti bað um fleiri tillögur ef einhverjar væru. **Hólmgeir Einarsson**, ÍR, vildi tilnefna **Vigfús Þorsteinsson** í millipinganeftndina, og var það samþykkt.

Millipinganeftnd var samþykkt samhljóða.

15.3

Sigfús Karlsson, KA, sagði að hann sem áhorfandi og sá aðili sem hefur kynnt hvað flesta handboltaleiki á Íslandi leiðist gríðarlega að fá athugasemdir frá sumum eftirlitsmönnum HSÍ og benti á að samræmingu um umgjörð og framkvæmd leikja vanti. Hann lagði því fram eftirfarandi ályktun:

47. ársþing HSÍ

Ársþing HSÍ gerir tillögu að stjórn HSÍ skipi fimm manna nefnd til að fara yfir, samræma og koma með hugmyndir um umgjörð og framkvæmd leikja í efstu deildum mfl. karla og kvenna. Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir næsta keppnistímabil.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdarstjóri HSÍ, sagði að þetta mál hafi verið farið yfir á formannafundi sem haldinn var fyrr í vetur og þá sérstaklega hafi verið rætt um trommur og hávaða í íþróttarhúsum. Hann sagði að ætlunin með þessari nefnd væri að búa til umgjörð sem er þess eðlis að unnið sé eftir svo tilgerðum gátlista fyrir og eftir leik. Hann sagði að ætlunin væri að verða með ákveðna tónlist á leikjum og reyna að samræma verð á leiki. Hann sagði einnig að með þessi yrði verður unnið eftir ákveðnum ramma hjá öllum félögum.

Hákon Sigurjónsson, fulltrúi allsherjarnefndar, það er löngu tímabært að svona mál komi fram og þetta þarf að festa í reglur því við vitum það að annars fari allir sína leið. Ég ætla bara rétt að nefna það svona til áherslu að ég er nú búinn að vera á morgun leikjum í efstu deild og var á leik núna í vikunni í framhaldi af námskeið sem ég er með og stóð á meðal áhorfenda og ég skal segja ykkur það ég er ennþá með suð fyrir eyrum og þá fór ég að velta því fyrir mér hvaða tilgangi það þjónaði að hafa allan þennan skarkala og hávaða og er þetta líka hluti af því sem fælir áhorfendur frá íþróttaleikjum. Það má vera millivegur og við þurfum að setja reglur um þetta og styð þetta heilshugar.

Guðmundur Skúli Stefánsson, formaður fræðslunefndar HSÍ, ég vill ganga svo langt að koma með tillögu til þessarar nefndar að það komi fram í vinnureglu eða reglugerð að ef að búíð sé að leyfa trommur í húsunum þá séu þær aldrei leyfðar sömu megin og skiptimannabekkur og tímaverðir, heldur alltaf settir gagnstætt. Eitt félag hefur leikið það í vetur að stilla trommunum við hliðina á skiptibekknunum því þar byrjar

áhorfendasvæði og eftirlitsmenn og dómarmar hafa ekkert geta gert í því þar sem enginn reglugerð eða tilmæli eru um málið. Þannig að ef við setjum þetta sem reglugerð þá losnum við hávaðan frá leikmannbökkjum því þeir geta ekki fært sig undan hávaðanum líkt og áhorfendur geta. Tek undir það sem Hákon sagði. Í öðru lagi langar mig að koma með smá ábendingu við erum búnir að breyta herna fullt af þingskjölum, mér sýnist að Már sé búinn að leiðrétta fullt af villum og ég vil að þingið hafi rétt á að umbreyta setningum þó að þeir breyti ekki meiningunni og færi til betri íslensku.

Ekki vildu fleiri ræða ályktunina. Þingforseti lokaði fyrri mælendaskrá og gengið var til atkvæða.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

15.4

Ásgerður Halldórsdóttir, gjaldkeri HSÍ, sagði að hana langaði í framhaldi af formannafundinum, sem að hennar mati tókst mjög vel, að ræða við þingheim um nauðsyn þess að líta á handknattleik sem heils árs íþrótt. Hún benti á að til þess að svo sé mögulegt þá þurfi félögin að semja við annaðhvort bæjarfélögin eða íþróttarbandalögin um að húsaleigustyrkir séu greiddir fyrri allt árið en ekki frá ágúst fram til 15. apríl líkt og henni skildist að væri gert í Reykjavík. Hún sagði að ástæða þess að hún nefndi þetta væri sú að handknattleikur væri komin í bullandi samkeppni við knattspyrnu sem dæmi. Ennfremur benti hún á að skólatíminn hefur lengst hjá krökkum og þau væru í skólanum allt til 10. júní og því ekki komin út úr húsi fyrir en 15. apríl. Einnig nefndi hún að skólinn byrji fyrir og því sé nauðsynlegt að nota tækifærið og sækja á og endurskoða þann tímafjölda sem íþróttafélögum og –bandalögum er úthlutað. Hún sagði að tímafjöldi til félaganna væri ákveðin að hausti og því vildi hún hvetja þau félög sem fái ekki greidda tíma fyrir 12 mánuði að sækja á með þá hluti. Einnig sagði hún að vegna lengingu skólaársins væri ráð að halda handbolta mót á vorin og nefndi maí mánuði í því samhengi. Hún sagði að til dæmis mætti tvíanna saman mótin og þema vikur skólanna. Hún benti á að boðið væri upp á leikjanámskeið og fótboltnámskeið en að sama skapi væru mjög fáir sem byðu upp á handboltnámskeið á sama tíma. Ennfremur benti hún á að þar sem báðir foreldrar væru mjög oft útvinnandi þá hefði þetta gefið góða raun hjá þeim sem boðið hafa upp á fótboltnámskeið. Hún vildi nota tækifærið og þakka Í.B.R., stjórn H.S.Í. og starfsfólks H.S.Í. fyrir handbolta kynninguna í grunnskólum landsins. Hún vildi benda á að varðandi íþróttasjóðinn þá væri auðvelt er að setja sig í samband við alþingismenn með tölvupósti og það væri um að gera að senda þeim póst og hvetja þá til þess að samþykkja tillöguna.

15.5

Hlynur Sigmarsson, ÍBV, sagði að hann hefði spurt fyrir einu eða tveimur árum um útbreiðslu og fræðslu mál hjá HSÍ. Hann vildi fá upplýsingar um hvernig staðið væri að þessum málum í dag. Hann spurði hvort farið hafi verið inn á landsbyggðina í vetur og þá

hvert. Í öðru lagi vildi hann fræðast frá mótanefnd um hvernig hún starfaði. Hann spurði hvort það þyrfti samþykkt meirihluta nefndar þegar ákveðið er með breytingu á leikjum. Einnig vildi hann fræðast um leik meistara meistaranna sem spila átti í haust. Hlynur vildi vita hvernig ákvörðunina um að hætta við þann leik hafi verið tekinn. Hann sagði að hann vildi gjarnan að formaður mótanefndar myndi skýra það út fyrir sér sem og hver hafi tekið þá ákvörðun.

Óskar Bjarni Óskarsson, fulltrúi HSÍ við útbreiðslu og fræðslu, sagði að á síðasta ári hafi verið haldin þrjú þjálfara námskeið C - stig. Hann benti einnig á að nú væri verið að meta alla þjálfara inn í ÍSÍ kerfið og það gengi nokkuð vel. Hann benti ennfremur á að þó ætti eftir að fá ferilskrá frá þó nokkrum þjálfurum en það væri allt í vinnslu og gengi vel. Hann sagði að á næsta ári væri stefnan að fara enn meira út á land og benti á að á seinasta ári hafi verið farið á Stykkishólm og verið með kynningar í skólum en þetta hefur allt tengst stökum svæðum nú væri ætlunin að fara út um allt land. Hann sagði að ekki væri ætlunin að hafa einungis að hafa góðar æfingar heldur einnig að búa til góða umgjörð. Hann benti á að mikill uppgangur væri á Egilsstöðum og ætlunin væri að fara þangað. Hann sagði einnig að nú væri verið að setja upp gróft dagatal sem hann gæti látið Hlyn fá, en eftir helgi yrði það sent á félögin. Hann sagði að á þessu dagatali yrði sýnt hvenær fræðslunefnd yrði á hverjum stað fyrir sig. Hann nefndi að nýverið hafi verið glæsilegt skólamót sem hafi verið samstarfsverkefni HSÍ og ÍBR. Hann sagði að það hafi tekist mjög vel og að aukning um 500 iðkendur hafi verið á stór Reykjavíkursvæðinu. Hann sagði ennfremur að allir iðkendur hafi fengið bolta auk þess sem útbúin hafi verið veggspjöld og annað slíkt átakinu til kynningar. Einnig sagði hann að það væri stefnan að vera með skóla mót um mánaðarmótin ágúst september í samráði við öll sérsamböndin ætlunin væri að þetta yrði nokkurskonar litlir ólympíuleikar. Hann benti á að til þess að gengi þá þyrfti að fá aðstoð frá félögunum sem og sérsamböndunum. Hann vildi einnig koma á framfæri þakklæti til Hjördísar Gunnlaugsdóttur hjá ÍBR sem hann sagði að hafi staðið sig alveg frábærlega að skipulagningu og framkvæmd skólamótsins. Hann sagði að þetta væri það helsta varðandi fræðslu og útbreiðslu HSÍ. Hann spurði hvort það væru einhverjar fleiri spurningar. Hlynur sagði úr sæti að þetta væri málefni sem skipti alla innan hreyfingarinnar máli og að sér finnst mjög jákvætt að HSÍ væri að gera meira og hvatti sambandið til að halda áfram á sömu braut.

Már Svavarsson, fulltrúi Mótanefndar, svaraði spurningu Hlyns þar sem formaður mótanefndar var ekki á staðnum. Hann benti á að hægt væri að lesa skýrslu mótanefndar en hún væri undir skýrslu stjórnar HSÍ og þar væru upplýsingar um verklag hennar. Hann sagðist geta lesið upphafslínur skýrslunnar. og gerði það. Hann las: „*mótanefndin hefur að jafnaði fundað annan hvern fimmtudag. Ýmis mál eru þó afgreidd með símafundum, tölvupósti eða á annan hátt hafi þess verið þörf.*” Már spurði Hlyn hvort þetta svaraði spurning hans. Hann kvað svo ekki vera og spurði ennfremur hvað það þyrfti marga meðlimi mótanefndar til að samþykkja breytingu. Hann spurði hvort það yrðu að vera tveir til þrír eða væri nægjanlegt að einn aðili gerði það. Már svaraði að mótanefnd hafi byrjað seinasta tímabil á því að vera með fimm fulltrúa og starfað í þeirri mynd fram til áramóta. Hann sagði að frá febrúar hafi fulltrúarnir hinsvegar verið orðnir fjórir. Ennfremur sagði hann að þegar fimm manns sátu í mótanefnd þá hafi það verið ákvörðum meirihlutans sem gildi en eftir að nefndin varð einungis skipuð fjórum mönnum

Þá hafi það lýðræði verið við gildi að atkvæði formanns hafi vegið þyngra við atkvæðagreiðslur. Hlynur spurði í framhaldi af þessu hvort það bryti ekki í bága við lög sambandsins að einungis væru fjórir aðilar í mótanefnd í stað fimm. Már svaraði að enginn hafi gefið kost á sér þegar fimmti aðilinn þurfti að draga sig í hlé. Hlynur ítrekaði spurningu sína hvort að það bryti ekki lög sambandsins að einungis væru fjórir nefndarmeðlimir en ekki fimm. Þingforseti svaraði að svo væri ekki. Hlynur ítrekaði spurningu sína um leikinn Meistari meistaranna. Már svaraði að sá leikur hafi átt að fara fram í Vestmanneyjum í haust en mótanefnd hafi ákveðið á síðustu stundu að slá þann leik af vegna veikinda hjá Haukum þar sem ekki fékkst annað en unglinaflokkur félagsins til að leika leikinn.

Þingforseti benti á að fram kæmi í reglugerð HSÍ að í Mótanefnd ættu að sitja fimm aðilar en ekki í lögum. Þetta væri því brot á reglugerð, sem væri mun vægari en brot á lögum. Enn fremur sagði hann að þar sem ekki hafi fundist fimmti aðilinn þá hafi þurft að vinna við það.

15.6

Guðmundur Skúli, formaður fræðslunefndar, sagði að sér langaði aðeins til að bæta við orð Óskars áðan. Hann sagði að nú væri hætt að notast við gamla þjálfara kerfið, A, B og C stig, og að það hefði dottið úr gildi um síðustu jól. Ennfremur sagði hann að nú væri búið að samræma þjálfara kerfi handbolta hreyfingarinnar við kerfi ÍSÍ. Hann sagði að nú munu þjálfara verða metnir inn í það kerfi eftir þeim námskeiðum sem þeir hafa lokið. Hann vildi hvetja þjálfara til að senda inn hvað þeir hafa verið að gera svo að unnt sé að meta þá. Hann sagði ennfremur að Óskar Ármannsson og Axel Stefánsson væru að vinna við að uppfæra þennan lista. Hann vildi brýna fyrir forsvarsmönnum félaganna að þeir hvetji þjálfara sína að senda inn sínar ferilskrár. Hann benti á að þetta muni auðvelda félögum í framtíðinni ráðningu á þjálfurum þar sem hægt væri að fletta upp ferilskrá viðkomandi þjálfara á HSÍ vefnum og sjá þar menntun, árangur og jafn vel reynslu. Hann benti á að í skýrslu fræðslunefndar kæmi fram að verið væri að búa til kennsluskrá sem myndi innhalda hvað væri kennt á hverjum aldri og hvernig það skuli gert. Hann sagði að nú gætu félögin gert þetta að sínu. Hann benti á Fram væri búið að innleiða þetta og ber að hrósa þeim fyrir. Hann hvati öll félög til þess að gera slíkt hið sama.

15.7

Magnús Karl Daníelsson, Stjarnan, spurði stjórn HSÍ hvernig væri staðið að markaðssetningu á handknattleik yfir höfuð. Hann sagði að í gengum tíðina þá höfum við horft á fótboltann sparka okkur gjörsamlega út í horn. Hann benti ennfremur á að mikið af efni fjölmiðla og þá sérstaklega sjónvarpi væri um fótbolta. Hann sagði að almenningi hafi gefist kostur á að horfa á stórlið í handboltanum í vetur í meistaradeildinni og það hefði nú verið lag á legg að stjórnin eða einhver annar aðili hefði tekið af skarið og reynt að gera umgjörð um þá umfjöllun sem fram kom í fjölmiðlum. Hann benti á að hægt hefði verið að gera eitthvað svipað og Sýn gerir með fótboltann með þættinum Boltinn með Guðna. Hann sagði að þar hefði verið hægt að hafa umfjöllun um leiki úr þýsku- og spænsku deildinni. Hann sagði að nauðsynlegt væri að marka skýra stefnu í

markaðssetningu handboltans, því sér finnst umfjöllunin hafa minnkað umtalsvert. Hann sagði að við værum með mjög frambærileg úrvalsdeildar lið sem væru að spila við lið sem eru stór í alþjóðlegum handknattleik og ef að rétt er haldið á spilunum varðandi markaðsmál þá sæi hann það gerast að einhver fjölmiðill tæki það upp og gerði einhvern þátt þar sem handbolti væri í brennidepli og væri á svipuðum nótum og þátturinn hans Guðna Bergs. Hann sagði að þetta væri nauðsynlegt að nýta og þá sérstaklega þegar verið er að taka þátt í meistaradeildinni.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdarstjóri HSÍ, sagði að þetta væru góð orð og sig langaði til að láta þingið vita hvernig staðan væri í þessum málum. Hann sagði að HSÍ væri búíð að vera með sjónvarpssamning við RÚV frá því árið 2000 og hann yrði laus núna í byrjun september. Hann benti á að þetta mál hafi verið rætt á formannafundinum fyrir í vetur. Ennfremur sagði hann að nauðsynlegt væri að gera sér grein fyrir því að sambandið væri með samning við sjónvarpsstöð sem væri ríkisrekin og heldur úti mikilli menningarstefnu en væri ekki íþróttasjónvarpsstöð líkt og Sýn. Hann sagði að rætt hafi verið um meistaradeildina í handbolta og sagði að umboðsaðili hennar er HSÍ. Hann benti á að það hafi verið HSÍ sem hafi tekið meistaradeildina og áframselt hana til Sýn. Hann sagði að ferlið með meistaradeildina hafi gefið mönnum til kynna hvernig umfjöllun er um efni líkt og þetta. Hann benti á að sjónvarpssamningar væru lausir og ætlunin væri að ræða við alla aðila á þeim markaði. Hann sagði ennfremur að nauðsynlegt væri að gera sér grein fyrir því að þessi hreyfing er í geysilega mikilli samkeppni við knattspyrnu og þá erlendirar knattspyrnu. Hann sagði að tillagan um að fækka leikjum í úrvalsdeildinni muni gera það að verkum að ekki þyrfti að setja á leiki á sama tíma og leikið er í meistaradeildinni í knattspyrnu. Hann sagði að þetta væru málinn einsog þau væru og nauðsynlegt væri að gera sér grein fyrir því að við verðum að taka okkur heilmikið á. Hann benti á að staðan væri sú að HSÍ hafi verið samning við RÚV og við þá yrði rætt sem og Sýn og Skjá einn.

Þingforseti lokaði fyrir mælendaskrá og þar með lauk lið nr.14 önnur mál.

16 Kosning stjórnar.

Þingforseti bar upp þrískipta tillögu um stjórn, formann, varaformann og aðra í stjórn.

Tillaga um formann stjórnar HSÍ næsta kjörtímabil:

Guðmundur Ágúst Ingvarsson

Þingforseti leit á lófaklapp sem samþykki og lýsti Guðmund sem réttkjörinn formann HSÍ fyrir næsta tímabil.

Tillaga um varaformann stjórnar HSÍ næsta kjörtímabil:

Sigurjón Pétursson

Fleiri framboð bárust ekki og lýsti þingforseti Sigurjón sem réttkjörinn varaformann HSÍ fyrir næsta tímabil.

Tillaga um aðra í aðalstjórn:

**Ásgerður Halldórsdóttir,
Pálmi Mattíhasson,
Knútur Hauksson,
Friðrik Jóhannsson,
Þorbergur Aðalsteinsson.**

Fleiri framboð bárust ekki og lýsti þingforseti þessa fimm aðila réttkjörna í stjórn HSÍ fyrir næsta tímabil.

Tilaga um varamenn í stjórn:

**Erlingur Kristjánsson,
Sigfús Karlsson,
Guðmundur P. Davíðsson.**

Fleiri tillögur bárust ekki og voru þessi þrír aðilar lýstir réttkjörnir varamenn í stjórn HSÍ fyrir næsta tímabil.

17 Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Tillaga um 2 aðalmenn:

**Guðmundur Frímansson,
Jón Gestur Viggósson.**

Og varamenn:

**Pálmar Kristinsson,
Þorgils Óttar Mathíesen.**

Samþykkt samhljóða.

18 Kosning sex manna í Dómstól HSÍ.

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda sex aðila í Dómsstól HSÍ:

**Jóhannes Albert Sævarsson,
Smári Hilmarsson,
Bergþóra Sigmundsdóttir.**

Og til vara:

**Guðmundur B. Ólafsson,
Ágúst Sindri Karlsson,
Vala Valtýsdóttir.**

Samþykkt samhljóða.

19 Kosning þriggja manna og þriggja til vara í Áfrýjunardómsstól HSÍ.

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda aðila í Áfrýjunardómsstól HSÍ:

3 aðalmenn:

**Þorgeir Ingi Njálsson,
Helgi I. Jónsson,
Gunnar Jónsson.**

Varamenn:

**Benedikt Bogason,
Guðjón Marteinsson,
Þorgerður Gunnarsdóttir.**

Samþykkt samhljóða.

20 Kosning þriggja manna í Laganevnd HSÍ.

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda aðila í Laganevnd HSÍ:

**Bergþóra Sigmundsdóttir,
Einar Baldvin Árnason,
Hákon Sigurvínsson.**

Samþykkt samhljóða.

21 Kosning eins manns í heiðursmerkjanefnd HSÍ.

Þingforseti bar fram tillögu eins manns í heiðursmerkjanefnd:

Kjartan Steinbach.

Samþykkt samhljóða.

22 Kosning tveggja manna í Dómaragjaldanefnd.

Tillaga lá fyrir um eftirtalda aðila:

**Knútur Hauksson og
Árni Þór Freysteinnsson.**

Samþykkt samhljóða.

23 Kosning fulltrúa á íþróttabing.

Fjórir fulltrúar er kosnir af þinginu en þrír eru skipaðir af HSÍ. Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda aðila á íþróttabing:

**Ásgerði Halldórsdóttir,
Þorbjörg Gunnarsdóttir,
Jóhann Pétursson og
Erlingur Kristjánsson.**

Samþykkt samhljóða.

24 Þingslit.

Þingforseti, Gunnar K. Gunnarsson, þakkaði þingheimi fyrir gott þing og gaf nýkjörnum formanni HSÍ, Guðmundi Ágústi Ingvarssyni, orðið.

Guðmundur þakkaði, fyrir hönd þeirra sem á þinginu voru kosin til starfa, fyrir traustið sem þeim hafði verið sýnt. Einnig þakkaði hann fyrir mjög gott og málefnalegt þing auk þess að þakka Gunnari K. Gunnarssyni fyrir röggsama stjórn. Ennfremur þakkaði Guðmundur starfsmönnum HSÍ sem og starfsmönnum þingsins fyrir mjög gott starf. Forseti HSÍ, Guðmundur Á. Ingvarsson, sleit síðan 47. ársþingi HSÍ.